HYUNDAI TUCSON

*Kostum búinn jepplingur*

Bílar

allt Í MIÐJU BLAÐSINS





KRISTJÁN B. JÓNASSON

*Hvetur ung skúffuskáld til dáða*

Sigurskáldsins 2006 bíður frægð og frami

Fólk 62










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. mars 2006 — 83. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


### Franska þversögnin



Nýjar bækur sem útskýra hvernig Frakkar borða osta, rjómasósur, bakkelsi og súkkulaði og halda sér samt í kjörþyngd.

**HELGAREFNI 34**

### Við eigum samskipti



Sigurbergur Baldursson er með fjölvöðvarýrnun en vinnur mikið að góðgerðarstörfum innan Kiwaniklúbbsins Kötlu.

**VIÐTAL 30**

### Leikari á eftirlaunum



Sigurður Karlsson, sem heldur upp á sextugsafmæli sitt í borginni Turku í Finnlandi, er með margt á prjónunum.

**TÍMAMÓT 26**

### Fyrsti landsliðshópur Alfreðs



Alfreð Gíslason hefur valið sinn fyrsta hóp sem landsliðsþjálfari í handbolta. Hópurinn fer í æfingabúðir til Þýskalands í apríl áður en alvaran tekur við í maí þegar tveir leikir gegn Svíum skera úr um það hvort liðið kemst á Heimsmeistaramótið í Þýskalandi árið 2007.

**ÍÞRÓTTIR 59**

### VEÐRIÐ Í DAG




**KULDI OG TREKKUR** - Í dag verður yfirleitt fremur stíf norðaustan átt, 8-15 m/s, en þó hægari til landsins norðaustan og austan til. Éljagangur á Vestfjörðum og á landinu norðanverðu, en léttskýjað sunnan til. Frost 0-7 stig.

**VEÐUR 4**








**ÍTALSKT NUDD** Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, brá á leik og nuddaði axlirnar á Jacques Chirac Frakklandsforseta í gærmorgun, í þann mund sem seinni dagur leiðtogafundar Evrópusambandsins var að hefjast í Brussel. Samningur um orkumál var meðal þess sem samþykkt var af leiðtogum Evrópusambandsríkjanna á fundinum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Norðmenn tilbúnir í varnarsamstarf

**Norski varnarmálasérfræðingurinn John Berg segir það vel hugsanlegt að Norðmenn sinni loftvörnum Íslands samkvæmt samkomulagi, innan ramma NATO. Semja mætti um stigvaxandi fjárframlög Íslands til slíks samstarfs.**

**VARNARMÁL** Framtíðarlausn á varnarmálum Íslands gæti falist í samningum við Norðmenn eftir brotthvarf bandaríska varnarliðsins, hugsanlega með liðsinni Dana og innan ramma NATO-samstarfsins. Þetta segir norski varnarmálasérfræðingurinn John Berg í samtali við Fréttablaðið.

Berg bendir á að Íslendingar verði að gera það upp við sig hvort þeir telji að fjórar orustuþotur og þrjár björgunarþyrlur séu í raun nægur lágmarksviðbúnaður til að landvörnum Íslands geti verið sinnt með trúverðugum hætti, eða hvort annars konar viðbúnaður sé betur við hæfi.

Berg nefnir að vel sé hugsanlegt að norsku Orion-skrúfuþoturnar, sem sinna reglubundnu eftirliti með norsku land- og lofthelginni, sinni slíku eftirliti líka í íslensku lögsögunni samkvæmt samkomulagi við íslensk stjórnvöld. „Það má örugglega athuga hvort ekki megi gera þær að hluta til út frá Keflavík,“ segir Berg.

Hvað orustuþotur varðar segir Berg vel athugandi að norskar þotur komi í stað hinna bandarísku. Norðmenn eru nú að semja um endurnýjun orustuþotuflota síns, en það eru samningar upp á um 400 milljarða íslenskra króna. Enginn ætlist til að Íslendingar kaupi orustuþotur, en vel geti hugsast að íslensk stjórnvöld legðu til fé til að standa straum af einhverjum hluta kostnaðarins af rekstri þeirra þotna sem sinna myndu loftvörnum Íslands. Íslendingar gætu líka fengið þjálfun í Noregi til að gegna ýmsum störfum í kringum slíka herþotuútgerð, sem og í björgunarþyrluútgerð og fleiri þáttum sem tengjast vörnum og öryggi landsins.



**JOHN BERG** Varnarmálasérfræðingur í Noregi.

Legði Ísland álíka mikið fé til varnarmála og Norðmenn eða Danir gera sem hlutfall af þjóðartekjum og höfðatölu, væri sú fjárhæð á bilinu 17 til 19 milljarðar króna árlega. Berg segir að eðlilega geti þróað land eins og Ísland ekki reitt fram til varnarmála 17 milljarða króna frá einu ári til annars, „En sé byrjað á segjum 500-1000 milljónum íslenskra króna og það framlag síðan aukið smátt og smátt er vel hægt að byggja upp það samstarf sem þurfa þykir,“ segir hann.

Spurður hvort hann telji að norsk stjórnvöld hefðu áhuga á að gera slíka samninga við Íslendinga segir Berg að hann sjái enga ástæðu til að þau hefðu hann ekki.

Margt fleira sem varðar landvarnir og öryggi geti komið til umræðu í slíku varnarsamstarfi Íslands og Noregs, „svo sem liðsafla sem gæti brugðist skjótt við ef til hryðjuverks skyldi koma - það er margt sem getur átt erindi inn í þessa umræðu,“ segir John Berg. - aa

Framtíð varnarsamstarfsins:

## Viðræður í næstu viku

**VARNARMÁL** Viðræður um áframhaldandi varnarsamstarf milli Íslands og Bandaríkjanna munu fara fram föstudaginn 31. mars. Þetta var ákveðið í samtali sem Geir H. Haarde utanríkisráðherra átti við Nicholas Burns, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, í gær.

Geir, sem er staddur í vinnuheimsókn í Moskvu í boði Sergei V. Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, talaði þaðan við Burns.

Bandaríkjastjórn hefur lýst yfir eindregnum ásetningi sínum um að standa við varnarsamning ríkjanna frá 1951 og Norður-Atlantshafssáttmálann og mun háttsett sendinefnd, sem kemur til viðræðnanna á föstudag, koma með tillögur þess efnis. Hvorki Geir né Burns munu taka þátt í viðræðunum.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hefur lýst yfir að til greina komi að rifta varnarsamningnum ef tillögurnar verða ekki álitlegar fyrir Íslendinga. - sdg

Breytingar hjá Bakkavör:

## Lýður hættir sem forstjóri

**VIÐSKIPTI** Lýður Guðmundsson mun láta af starfi forstjóra Bakkavarar. Bróðir hans, Ágúst Guðmundsson, tilkynnti þessa ákvörðun á aðalfundi Bakkavarar í gær.

Bakkavör er skilgetið afkvæmi þeirra bræðra og hafa þeir starfað saman að uppbyggingu þess í tuttugu ár. Lýður mun áfram sitja í stjórn félagsins og gegna núverandi starfi þar til eftirmaður finnst. Lýður mun verða starfandi stjórnarformaður Exista, en stefnt er að því að skrá félagið á markað.

Bakkavör tilkynnti einnig í gær um kaup á meirihluta í kínversku salatfyrirtæki í samvinnu við Glitni. Breska verslunarkeðjan Tesco sem er stærsti viðskiptavinur Bakkavarar, hefur boðað framtíðaruppbyggingu í Asíu. -hh






## SPURNING DAGSINS

*Er höfuðborgarsvæðið að koma landsbyggðinni í ógöngur?*

Nei, en það mætti sýna aðstæðum okkar meiri skilning.

Launahækkanir starfsmanna sveitarfélaga kosta sveitarfélögin í landinu 3,6 milljarða á þessu ári. Halldór segir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu bera ábyrgð á erfiðum rekstrarskilyrðum sveitarfélaga.

Dauðahótun dansks múslimaprests:

# Mikil reiði í Danmörku

**DANMÖRK** Ummæli múslimaprestsins Ahmeds Akkaris um að réttast væri að sprengja þingmanninn Naser Khader í loft upp verði hann ráðherra innflytjendamála hafa vakið mikla reiði í Danmörku. Helstu stjórnmálaleiðtogar landsins hafa fordæmt ummælin og vilja að kannað verði hvort hægt sé að refsa Akkaris og jafnvel að vísa úr landi.

Akkaris hefur beðist afsökunar á orðum sínum sem hann segir hafa verið sögð í gamni. Þá skýringu sættir formaður Jafnaðarmanna sig ekki við. Hún segir hann geta ætlast til að litið sé á dauðahótun sem brandara. Ekki frekar en hann sjálfur hafi séð húmorinn í Múhameðsteikningunum.

Í yfirlýsingu á heimasíðu sinni í gær segist Naser Khader ekki ætla að fara í felur. Hann vilji hins vegar fá að eyða meiri tíma með fjölskyldu sinni og safna kröftum enda hafi hann verið undir miklu álagi síðustu mánuði. Khader hefur farið fyrir samtökum lýðræðissinnaðra múslima sem hafa gagnrýnt málflutning Akkaris og fleiri múslimapresta vegna Múhameðsteikninganna. **- ks**



**NASER KHADER** Danski þingmaðurinn hafði tvo lífverði með sér þegar hann gekk á fund forsætisráðherra Danmerkur í síðasta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Sjúkrahús í Los Angeles:

# Reka sjúklinga út á götuna

**LOS ANGELES, AP** Nokkur sjúkrahús í Los Angeles í Bandaríkjunum hafa viðurkennt að hafa útskrifað heimilislausa sjúklinga þótt vitað sé að þeir eigi hvergi höfði sínu að halla. Sjúklingarnir hafa verið sendir með leigubílum niður í miðbæjarhverfi, svonefnt Skid Row, þar sem fjölmargt heimilislaust fólk heldur til.

Borgaryfirvöld hafa meðal annars skoðað myndband úr eftirlitsmyndavél, þar sem rúmlega sextug kona, Carol Anne Reyes, sést stíga út úr leigubíl íklædd sjúkrahússlopp. Stjórnendur sjúkrahússins gátu ekki gefið skýringar á þessu. **- gb**

Héraðsdómur Reykjavíkur:

# Kauphöllin sýknuð

**DÓMSMÁL** Kveðinn var upp sýknudómur yfir Kauphöll Íslands fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær en fyrirtækið Míkró fór fram á að viðurkennt yrði með dómi að Kauphöllinni væri heimilt að greiða upp 52 milljón króna veðskuldabréf.

Rök stefnanda voru að hliðstæða væri fyrir slíku en Míkró keypti húseign af Kauphöllinni, á sama tíma og fyrirtækið keypti einnig af Byggðastofnun. Byggðastofnun hafði hins vegar heimild til uppgreiðslu fyrr en áætlað var en Kauphöllin . **- aöe**

Frumvarp um breytingar:

# Lög um framhaldsskólana

**MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ** Menntamálaráðherra kynnti frumvarp um breytingar á lögum um framhaldsskóla á ríkisstjórnarfundi í gær.

Í frumvarpinu, sem er tvíþætt, felst í fyrsta lagi boðuð ákvörðun um niðurfellingu á samræmdu stúdentsprófi í framhaldsskólum. Í öðru lagi er lagt til að bóknámsbrautunum verði fjölgað úr þremur í fjórar til þess að það verði hægt að koma inn á ný viðskipta- og hagfræðideildum. **- sdg**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ölvaður undir stýri** Lögregla í Hafnarfirði hafði afskipti af ökumanni sem ók rysjótt um götur bæjarins í fyrrinótt. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að ökumaður var drukkinn og var för hans stöðvuð.

**Ráðist á leigubílstjóra** Ölvaður maður réðst að leigubílstjóra í miðbæ Akureyrar laust eftir miðnætti í fyrrinótt. Náðist að yfirbuga manninn áður en skaði hlaust af og gisti hann fangageymslur.

# Rauður dagur á hlutabréfamarkaði

**Úrvalsvísitalan hefur ekki verið lægri síðan 4. janúar. Hlutabréf lækkuðu um 7,6 prósent í sveiflukenndri viku. Verð tíu félaga af 26 er lægra en það var um áramótin. Þeir sem keyptu hlutabréf á lánum neyðast til að selja.**

**VIÐSKIPTI** Mikil lækkun varð á hlutabréfum í Kauphöll Íslands í gær og lækkaði Úrvalsvísitalan um 4,4 prósent í næstmestu dagslækkun sögunnar í prósentum. Vísitalan hefur aldrei lækkað eins mikið í stigum talið milli daga. Lokagildi Úrvalsvísitölunnar var 6.089 stig á fimmtudaginn en 5.818 stig við lokun markaða í gær.

Frá áramótum hefur vísitalan hækkað um 5,14 prósent en fór mest í 24 prósenta hækkun í febrúar. Þá heldur krónan áfram að gefa eftir og lækkaði gengisvísitala hennar um 2,75 prósent.

Fréttir um að bandarískir peningamarkaðssjóðir hefðu sagt upp skuldabréfum íslensku viðskiptabankanna, vegna hækkandi ávöxtunarkröfu, höfðu mikil áhrif á markaðinn til viðbótar við þær fréttir sem hafa borist frá matsfyrirtæki og erlendum fjármálafyrirtækjum um íslenskt efnahagslíf og stöðu bankanna.

Þrátt fyrir að skýrsla frá J.P. Morgan, sem birtist í gær, hafi verið á jákvæðari nótum en margar skýrslur erlendra greiningaraðila virtist hún engin áhrif hafa.

Fjármálafyrirtækin leiddu lækkanir gærdagsins. Mest féllu hlutabréf KB banka í verði eða um 7,5 prósent en þar á eftir komu bréf FL Group, sem lækkuðu um 6,7 prósent, og bréf Landsbankans sem lækkuðu um fimm prósent. Gengi hlutabréfa Glitnis og Landsbankans er lægra en það var um áramót en bréf í FL Group, KB banka og Straumi-Burðarási hafa hækkað á bilinu 6-9 prósent frá byrjun árs. Frá áramótum hafa fjórtán félög í Kauphöllinni hækkað, tíu lækkað en tvö staðið í stað.

Lækkanir hafa sett af stað söluhrinu hjá þeim sem hafa verið skuldsettir í hlutabréfakaupum og er mikill taugatitringur á markaði. Í samtölum við verðbréfamiðlara kom fram að margir þeir sem hafi keypt hlutabréf með lánum hafi orðið að selja þar sem veðkröfur bankanna hafi verið komin undir þau mörk sem sett séu.

Greiningardeild Landsbankans bendir á að miklar sveiflur hafi orðið á markaði í vikunni. Hlutabréf hækkuðu á mánudaginn og miðvikudaginn en lækkuðu hina dagana. Alls lækkaði Úrvalsvísitalan um 7,6 prósent í vikunni.

eggert@frettabladid.is



**HLUTABRÉF FALLA ENN** Ein mesta lækkun sögunnar varð í gær þegar Úrvalsvísitalan lækkaði um 4,4 prósent í kjölfar frétta af því að bandarískir peningamarkaðssjóðir hafi sagt upp skuldabréfum íslensku bankanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**GENGISÞRÓUN BANKANNA FRÁ ÁRAMÓTUM (ÁRAMÓTAGILDI - HÆSTA GILDI - LÆGSTA GILDI)**






**TÁRAGASIÐ RÝKUR** Lögreglan í Rennes í Frakklandi beitti táragasi gegn mótmælendum í fyrrakvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átök harðna í Frakklandi:

# Viðræður voru árangurslausar

**PARÍS, AP** Enginn árangur varð af fundi forsætisráðherra Frakklands og franskra verkalýðsleiðtoga í gær um nýju vinnulögin, sem jafnt stúdentar sem verkalýðsfélög í Frakklandi hafa mótmælt harðlega undanfarið.

Dominique de Villepin forsætisráðherra féllst á að hitta verkalýðsleiðtogana eftir að mótmælaaðgerðir á fimmtudag snerust upp í hörð átök milli mótmælenda og lögreglu. **-gb**

Alþýðusamband Íslands:

# Áhyggjur af atvinnuhorfum

**VARNARLIÐIÐ** Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir þungum áhyggjum af atvinnuhorfum á Suðurnesjum, í kjölfar ákvörðunar bandarískra stjórnvalda um að draga stórlega úr umsvifum í herstöðinni á Miðnesheiði.

Miðstjórnin krefst þess að íslensk og bandarísk stjórnvöld leggi sitt af mörkum til þess að draga úr áhrifum þessara breytinga fyrir starfsfólkið og samfélagið í heild sinni á Reykjanesi. Hún segir einnig að það sé skylda bandarískra stjórnvalda að leggja sitt af mörkum til að skapa ný störf. **-shá**




Tjaldbúðir mótmælenda í Hvíta-Rússlandi rýmdar:

# Evrópuríki refsa Lúkasjenko

**HVÍTA-RÚSSLAND, AP** Í fyrrinótt réðst lögreglan í Hvíta-Rússlandi til atlögu gegn tjaldbúðum mótmælenda í höfuðborginni Minsk, þar sem fólkið hafði dvalist í fjórar nætur til þess að mótmæla sigri Alexanders Lúkasjenkós í umdeildum kosningum um síðustu helgi. Hundruð tjaldbúa voru handteknir og fluttir á brott, en skömmu síðar mættu borgarstarfsmenn til þess að hreinsa burt það sem eftir var af tjaldbúðunum.

Í gær samþykktu leiðtogar Evrópusambandsríkja á fundi sínum í Brussel að refsa bæði Alexander Lúkasjenkó, forseta Hvíta-Rússlands, og fleiri háttsettum embættismönnum landsins fyrir brot á alþjóðlegum kosningareglum. Bandarísk stjórnvöld skýrðu jafnframt frá því að þau myndu einnig beita Lúkasjenkó sambærilegum refsiaðgerðum.



**BÍÐUR FRÉTTA VIÐ FANGELSISVEGGINN** Alexander Milinkevitsj, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Hvíta-Rússlandi, leitað í gær fregna af um 200 mótmælendum sem voru handteknir eftir að tjaldbúðir þeirra voru tæmdar af lögreglunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Líklegt er að refsingin felist í ferðabanni og frystingu innistæðna í bönkum. Lúkasjenkó og félagar hans eru þar með komnir á sama svarta listann og Robert Mugabe, forseti Simbabve, og herstjórnin í Búrma. Leiðtogar Evrópusambandsríkjanna fóru hörðum orðum um framkvæmd kosninganna í Hvíta-Rússlandi og kröfðust þess að mótmælendum verði sleppt úr haldi án tafar. **-gb**

**Ódýr málning á loft og veggi**




**2.990**

**Innimálning 10 ltr.**
**Jotun**, beinhvítt
7119800

# Er búið að mála fyrir páskana?




**Innimálning 10 ltr.** **3.490** ~~5.990~~
**Jotun**, gljástig 3, loftmálning
7119854

**3.990** ~~6.990~~




**Innimálning 10 ltr.**
**Jotun**, gljástig 7, veggmálning
7119866-74

**Nýjung**




**Lady PDL, 1ltr.** **1.495** ~~1.995~~
**Jotun**, olíulakk án terpentínu
5058824

**295**



**Málningarfata**
18 ltr. 18 sm
7006206

**695** ~~1.195~~



**Rúlla og bakki**
7010210



**Penslasett** **395**
7006082

## Sérfræðingar í málningu

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 24.3.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 73,3 | 73,64 |
| Sterlingspund | 127,01 | 127,63 |
| Evra | 87,7 | 88,2 |
| Dönsk króna | 11,754 | 11,822 |
| Norsk króna | 11,005 | 11,069 |
| Sænsk króna | 9,359 | 9,413 |
| Japanskt jen | 0,62 | 0,6236 |
| SDR | 105,12 | 105,74 |

*Gengisvísitala krónunnar*

122,9995

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Dómsmálaráðherra kynnir hvernig efla á þyrlusveit Landhelgisgæslunnar:

# Nánara samstarf við Dani

**LANDHELGISGÆSLA** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra greindi ríkisstjórn frá því í gær hvernig staðið yrði að undirbúningi til að efla þyrlusveit Landhelgisgæslu Íslands í samræmi við ákvarðanir ríkisstjórnarinnar. Björn telur óhjákvæmilegt að leysa verkefnið í tveimur áföngum vegna þeirra tímamarka sem blasi við eftir að Bandaríkjastjórn ákvað að kalla þyrlusveit sína frá landinu fyrir lok september.

Í fyrsta áfanga verða þyrlur teknar á leigu til bráðabirgða og náið samstarf haft við nágrannaþjóðir. Með nágrannaþjóðum er átt við þær Evrópuþjóðir sem eru hér við Norður-Atlantshaf og þá sérstaklega Dani sem hafa starfað náið með Landhelgisgæslu Íslands um árabil. Í öðrum áfanga sem er ætlaður til langframa er reiknað með kaupum eða leigu á nýjum þyrlum.

Ráðherra hefur falið Stefáni Eiríkssyni, skrifstofustjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, að leiða þetta starf á vegum ráðuneytisins í samráði við Georg Lárusson, forstjóra Landhelgisgæslu Íslands, og samstarfsmenn hans. Leifur Magnússon verkfræðingur verður ráðgjafi um þá þætti sem lúta að vali á þyrlum og í viðræðum við innlenda og erlenda aðila.



**ÞYRLA LANDHELGISGÆSLUNNAR TF-SIF** Í dag hefur Landhelgisgæslan tvær þyrlur til umráða, TF-SIF og TF-LÍF. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stefnt er að því að tillögur um bráðabirgðalausn liggi fyrir innan þriggja vikna og tillögur um framtíðarskipulag innan tveggja mánaða. - sdg

Keflavíkurflugvöllur:

# Þotu snúið til lendingar hér

**FLUGÖRYGGI** Breiðþotu af tegundinni DC 10 frá flugfélaginu North Western var snúið til lendingar á Keflavíkurflugvelli rétt fyrir klukkan sjö í gærkvöldi vegna þess að viðvörunarljós gaf til kynna að eldur væri í farangursrými.

Vélin var að koma frá Amsterdam á leiðinni til Bandaríkjanna með 275 farþega um borð. Engar sérstakar varúðarráðstafanir voru gerðar á Keflavíkurflugvelli þar sem flugstjóri þotunnar taldi ekki ástæðu til þess. Flugvélin var tekin til ítarlegrar skoðunar í gærkvöldi en hún átti að halda áfram för sinni að henni lokinni. -shá



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR ALÞINGISMAÐUR** Lagði fram fyrirspurn á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrirspurn á Alþingi:

# Lán stjórnenda fyrirtækja

**ALÞINGI** Jóhanna Sigurðardóttir hefur lagt fram fyrirspurn á Alþingi um hvort samræma þurfi lög um hlutafélög, skattalög og lög um ársreikninga í ljósi niðurstöðu héraðsdóms í Baugsmálinu og hvort skrá eigi öll lán fyrirtækja í ársreikninga eins og sérfræðingar hafa haldið fram opinberlega.

Einnig spyr hún ráðherra hvort hann sé sammála þeim sem haldið hafi fram að mistök hafi orðið við innleiðingu félagatilskipunar Evrópusambandsins um framsetningu ársreikninga og hvort ráðherra telji að breyta þurfi ársreikningalögum til að skýrt liggi fyrir hvað séu lán í skilningi laganna. - sdg

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Sala á landa stöðvuð** Eftir ábendingu lagði lögreglan í Reykjavík hald á rúma hundrað lítra af tilbúnum landa auk tækja og tóla til framleiðslu við húsleit í höfuðborginni í fyrrinótt.

**Minniháttar fíkniefnamál** Nokkur minniháttar fíkniefnamál komu upp hjá lögreglunni í Reykjavík í fyrrinótt. Í öllum tilfellum var aðeins um örlítið magn af hassi að ræða og var brotamönnum sleppt eftir yfirheyrslur.

## LEIÐRÉTTING

Frumflutningur á verkinu Brynjólfsmessa eftir Gunnar Þórðarson verður í Íþróttaakademíunni í Keflavík í dag kl. 16 en ekki í Keflavíkurkirkju eins og sagt var í frétt blaðsins í fyrradag.

# Ráðamenn virða ekki eigin reglur

**Ragnar Hall lögmaður vill leggja embætti umboðsmanns Alþingis niður ætli ráðamenn ekki að virða úrskurði þess. Virðingarleysi ráðamanna fyrir eigin reglum sé algjört. Helga Jónsdóttir hefur ekki ákveðið hvort málið fer í dóm.**

**STÖÐUVEITING** Ragnar Hall hæstaréttarlögmaður segir álit umboðsmanns Alþingis áfellisdóm yfir ráðningu Árna Magnússonar, fyrrum félagsmálaráðherra, á ráðuneytisstjóra. Álitið sé mjög harðort enda ástæða til, því eins og standi í álitinu séu verulegir annmarkar á stjórnvaldsákvörðuninni. Væri Árni enn félagsmálaráðherra hefði álitið endanlega gert útslagið um að hann sæti áfram.

Árni valdi Ragnhildi Arnljótsdóttur fram yfir Helgu Jónsdóttur sem ráðuneytisstjóra fyrir tæpum tveimur árum, en í álitinu má lesa að starfsreynsla Ragnhildar og menntun sé ýkt og ekki sambærileg við menntun Helgu og reynslu af stjórnsýslu.

Árni ritar í tölvupósti að rökstuðningur hans vegna ráðningarinnar hafi verið ítarlegur og vandaður og engu við hann að bæta.

Ragnar undrast orð forsætisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, úr hádegisfréttum Ríkisútvarpsins þar sem hann sagði að ráðning ráðuneytistjóra hlyti fyrst og fremst að vera í höndum ráðherra. Einnig sé ákvörðun Jóns Kristjánssonar um að bregðast ekki við álitinu ámælisverð, en Jón tók við ráðuneytinu af Árna. „Þetta er algjört virðingarleysi fyrir reglunum sem þeir hafa sjálfir sett og eiga sjálfir að fara eftir,“ segir Ragnar. „Ef menn taka álit umboðsmanns eins og þeir tala og hrista þau af sér eins og rigningarskúr er rétt eins gott að leggja embættið niður og afnema reglur, eins og stjórsýslulög, sem þeir eru búnir að setja sér og ætla að fara eftir.“ Hann segir bráðnauðsynlegt að einhver láti á það reyna hvort ráðamenn geti farið fram eins og þeim sýnist.

Jón Kristjánsson félagsmálaráðherra segir ákvörðun hans um að aðhafast ekki í málinu byggða á því að í álitinu standi að það hafi ekki áhrif á ráðningu Ragnhildar í embætti ráðuneytisstjóra. Hann hafi enga trú á öðru en menn taki mið af álitinu við næstu ráðningar.

Helga Jónsdóttir, sviðstjóri hjá Reykjavíkurborg, segir að hún hafi ekki tekið ákvörðun um hvort hún fari með málið fyrir dómstóla. Spurð um orð Halldórs Ásgrímssonar svarar Helga: „Ég vonast til þess að forsætisráðherra landsins þekki lög þess og átti sig á því, sem er skýrt í áliti umboðsmanns, að ráðherrar verða að fara að málefnanlegum sjónarmiðum þegar þeir ráða. Regla stjórnsýsluréttar er að ráða á hæfasta umsækjandann.“

Ekki náðist í Árna Magnússon.

gag@frettabladid.is



**JÓN FÆR LYKLA ÁRNA AÐ FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTINU** Hæstaréttarlögmaður telur að hefði Árni ekki kosið að yfirgefa ráðuneytið til að vinna hjá Glitni hefði álit umboðsmanns að öllum líkindum orðið til þess að Árni hefði þurft að segja af sér. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**RAGNAR HALL** Hæstaréttarlögmaðurinn hefur ekki séð umboðsmann Alþingis taka svo djúpt í árinni í álitum sínum áður. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Hitaveita Suðurnesja:

# Kaupin nema 600 milljónum

**VARNARLIÐIÐ** Heitavatnskaup Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli af Hitaveitu Suðurnesja nema 570 milljónum króna á þessu ári að öllu óbreyttu.

Júlíus Jónsson, forstjóri Hitaveitunnar, segir að kaupin hafi minnkað um fjögur prósent á ári síðustu þrjú til fjögur árin eins og heimilt er samkvæmt samningi. Farið hafi verið yfir stöðuna á stjórnarfundi nýlega en engar ákvarðanir teknar. Varnarliðið getur samkvæmt samningi ekki hætt skyndilega að kaupa heitt vatn en það kaupir nú tæplega 13 þúsund mínútulítra á ári. - ghs



**UPPBYGGING VIÐ ÚLFARSFELL** Hluti fyrsta áfanga af fimm hefur verið boðinn út.

Lóðasamningar við Úlfarsfell:

# Úthlutun lokið fyrir páska

**LÓÐAÚTHLUTUN** Framkvæmdasvið borgarinnar býst við að ljúka samningum um byggingarrétt lóðanna 120, sem boðnar voru út í fyrsta byggingaráfanga við Úlfarsfell, fyrir páska.

Ágúst Jónsson, skrifstofustjóri framkvæmdasviðs borgarinnar, segir mestan tíma taka að ganga frá samningum um parhúsa og einbýlishúsalóðirnar þar sem ekki sé gengið að hæstu tilboðum í hverja lóð. Er það til að koma í veg fyrir að sömu mennirnir byggi öll húsin. Ágúst segir langt komið að fá staðfestingu á tilboðunum í lóðirnar en einhverjir eigi eftir að skila inn viðbótargögnum. - gag


BÍLL DAGSINS

FORD EXPLORER XLT

Nýskr. 12.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 46. þús. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugadaga kl. 12:00 -16:00.


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ÁFRAM VETUR Á VORI**

Þetta er alveg skelfilegt. Skelfilegt að fá svona langvinnt bakslag í vorkomuna. Já og sér ekki fyrir endann á. Apríl að byrja í lok næstu viku og norðlægar áttir svo langt sem augað eygir. Norðlægar áttir á þessum árstíma eru bara ávísun á kuldatíð. En við vitum þó eitt, að við nálgumst sólina, við hér á norðurhveli jarðar. Það segir heilmikið.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Fremur stíf norðaustan átt. Hálfskýjað. Hiti við frostmark.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 1°C léttskýjað | París | 13°C léttskýjað | Alicante | 23°C heiðskírt |
| Osló | -1°C heiðskírt | Berlín | 8°C alskýjað | Mílano | 13°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 2°C heiðskírt | Frankfurt | 11°C alskýjað | New York | 9°C skúrir |
| Helsinki | -2°C alskýjað | Madríd | 19°C heiðskírt | San Francisco | 14°C þrumur |
| London | 12°C léttskýjað | Barcelona | 18°C léttskýjað | Orlando/Flórída | 19°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Nýjar vörur

**Fáanlegt í Kringlu og Smáralind. Takmarkað úrval í öðrum verslunum**







**Strigaskór** reimaðir — **1.299 kr**
svartir, rauðir, grænir
st. 28-46



**Strigaskór** m/rennilás — **1.699 kr**
svartir, grænir, hvítir
st. 36-42



**Heilsuskór** — **1.290 kr**
margir litir
st. 35-42




**Espadrillur** — **2.999 kr**
hvítar, svartar, brúnar
st. 36-41

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

*Stafar okkur ógn af erlendum glæpagengjum?*

| | |
|---|---|
| Já | 83% |
| Nei | 17% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Er rétt að halda rannsókn Baugsmálsins áfram?*

Segðu skoðun þína á visir.is

visir

Góður árangur náðist í umferðaröryggismálum á nýliðnu ári:

# Slysum fer stöðugt fækkandi

**SAMGÖNGUMÁL** Banaslysum í umferðinni fækkaði á síðasta ári miðað við árið á undan en alvarlegum umferðarslysum fjölgaði á sama tíma samkvæmt skýrslu Umferðstofu um umferðarslys árið 2005.

Síðastliðið ár reyndist betra en fyrri ár í flestum tilvikum. Heildarfjöldi slysa, slasaðra og látinna var minni en árið 2004. Fækkaði slösuðum og látnum úr 1156 í 1013 og slysum úr 790 í 671.

Sé litið til ársins 1999 þegar flest slys urðu á síðasta áratug er fækkunin alls um 43 prósent miðað við síðasta ár. Nítján manns létust í sextán banaslysum sem flest urðu í dreifbýli en ekkert barn var þar á meðal. Hefur slysum á börnum að fjórtán ára aldri fækkað talsvert á síðustu árum. Voru þau 105 á síðasta ári en 176 fyrir tíu árum. **- aöe**



**UMFERÐARSLYS Á HELLISHEIÐI** Nítján létust á síðasta ári í umferðinni og hafa ekki færri látist í umferðinni síðan árið 1997 og heildarfjöldi slasaðra aldrei verið lægri en á liðnu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Umferðarslys árið 2005:

## Staðreyndir



- Banaslys algengust í dreifbýli.
- Alvarleg slys algengust í þéttbýli.
- Slysum á börnum hefur fækkað.
- Fleiri karlmenn létust en kvenmenn.
- Ölvun kom við sögu í sex banaslysum.
- Flest óhöpp urðu milli fimm og sex á daginn.
- Flest slys urðu í desember.

Nýtt verslunarhúsnæði:

# Smáratorg á Reykjanesi

**VERSLUN** Smáratorg hyggst reisa 26 þúsund fermetra verslunarmiðstöð í Reykjanesbæ og er gert ráð fyrir að húsnæðið verði tilbúið að tveimur árum liðnum.

Mun verslunin rísa við Reykjanesbraut á því svæði sem áður var nýtt undir gókart braut en sú starfsemi er nú hætt. Mun verslunarhúsnæðið hýsa fjölmargar verslanir og veitingastaði en fyrstu teikninga af byggingunni er að vænta innan skamms. **- aöe**

## DÓMSMÁL

**Stal frá Olís og braut umferðarlög** Rúmlega þrítugur maður hefur verið dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi til þriggja ára. Hann tók heimildarlaust út vörur hjá Olís á Selfossi fyrir tæpar 65 þúsund krónur og braut ítrekað umferðarlög.

**Notuðu nafn sem þeir áttu ekki** Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð hérðasdóms um að fyrirtækinu Gagnastýringu veri gert að skipta um nafn. Strikamerki mótmæltu því að fyrirtækið notaði nafnið Gagnastýring sem Strikamerki greiddi fyrir við samruna þess við fyrirtæki með því nafni fyrir fimm árum en ákvað svo að nota ekki.

**Ágreiningur um vísitöluhækkun** Kona var í gær dæmd í Héraðsdómi Norðurlands eystra til að greiða byggingarfyrirtækinu Hyrnunni tæpar 5 milljónir króna vegna íbúðar sem konan keypti. Neitaði hún að greiða vísitöluhækkun sem orðið hafði á kaupverði.



**VALLABÍA** Margaret Tabone, krókódílabóndi, heldur hér á vallabíu, en uppáhalds vallabían hennar hefur ekki sést síðan hvirfilbylur reið yfir Ástralíu fyrr í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fórnarlömb hvirfilbyls:

# Vallabía týnd

**ÁSTRALÍA, AP** Ástralar hafa áhyggjur af fleiru en bara tjóninu sem hvirfilbylurinn Larry olli þegar hann reið yfir Queensland aðfaranótt mánudags. Vallabían Joey er týnd og krókódílarnir á búgarði Margaret Tabone eru svo skelfdir að þeir komu ekki matarbita niður.

Tabone hefur alið Joey upp síðan hann var nýfæddur, og kom hann á hverjum morgni til hennar til að fá mjólk. Nú hefur hann og um 50 kengúrur af búgarðinum ekki sést síðan á sunnudag.

Fari krókódílarnir ekki að borða gæti Tabone jafnframt tapað töluverðu fé, en hún elur 5.000 krókódíla fyrir skinn þeirra og kjöt. **- smk**

# Náðu ekki að nota fölsuðu peningana

**Rannsókn á fjársvikum tveggja Nígeríumanna er langt komin. Eyjólfur Kristjánsson, fulltrúi sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli, segir ólíklegt að falsað fé hafi komist í umferð hér á landi. Enn á eftir að yfirheyra nokkur vitni.**

**FJÁRSVIKAMÁL** Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli óskaði eftir því í gær að Nígeríumennirnir tveir, sem teknir voru með 100 þúsund evrur í fórum sínum fyrir rúmri viku, verði í gæsluvarðhaldi í tvær vikur til viðbótar.

Rannsókn málsins er vel á veg komin en enn á eftir að yfirheyra vitni í málinu sem geta gefið skýrari mynd af ferðum Nígeríumannanna hér á landi. Þeir komu hingað til lands 16. mars frá Kaupmannahöfn og ætluðu sér að fara af landi brott daginn eftir, en voru þá stöðvaðir við eftirlit á vellinum.

Ábending barst til lögreglunnar á Keflavíkurflugvell um að Nígeríumennirnir væru líklegir til þess að tengjast fíkniefnamisferli.

Leit var gerð í farangri mannanna en engin fíkniefni fundust. Því næst voru mennirnir teknir í nákvæma leit á Landsspítalanum þar sem kannað var hvort mennirnir væru með fíkniefni innvortis. Svo reyndist ekki vera.

Eftir að mennirnir höfðu verið hér á landi í einn sólarhring fann lögreglan evrurnar en mennirnir höfðu upphaflega ætlað að fara til Kaupmannahafnar 19.mars en flýttu ferðinni, þar sem þeim tókst að sinna störfum sínum á skemmri tíma en þeir áætluðu í fyrstu.

Íslendingarnir sem höfðu viðskipti við mennina voru handteknir í vikunni en þeim var sleppt að loknum yfirheyrslum. Að sögn Eyjólfs Kristjánssonar, fulltrúa hjá sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, eru Íslendingarnir grunaðir um ólögmæt viðskipti með falsaða peninga. „Íslendingarnir tengjast þessu meðal annars með þeim hætti að þeir hafi hugsanlega verið plataðir í viðskiptum með falsaða peninga. Rannsókn á þeirra aðild að málinu stendur nú yfir.“

Nígerísk fjársvikastarfsemi er þekkt um allan heim og meðal annars sú leið að selja falsaða peninga. Mál af þessu tagi hefur ekki áður komið inn á borð lögregluyfirvalda á Keflavíkurflugvelli.

Eyjólfur biður fólk um að vera á varðbergi gagnvart grunsamlegum tölvupóstum eða öðrum skilaboðum. Hann segir jafnframt að ólíklegt sé að falsað fé hafi komist í umferð. „Algengast er að Nígerísk glæpasamtök komi sér í samband við fólk með því að auglýsa tilboð sem virðast freistandi. Ef fólk svarar þessum tilboðum af áhuga er það að bjóða hættunni heim.“ **magnush@frettabladid.is**



**EVRUR** Það getur verið erfitt fyrir ókunnuga að átta sig á því hvort um falsaða peninga er að ræða, en sérfræðingar lögreglu eiga í flestum tilfellum auðvelt með að þekkja falsaða seðla frá ekta. Nígeríumennirnir eru grunaðir um að falsa peninga og selja hér á landi fyrir 100 þúsund evrur. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



### ATBURÐARÁSIN Í MÁLINU HINGAÐ TIL

**16. mars** Nígeríumennirnir tveir koma hingað til lands frá Kaupmannahöfn um miðnætti. Í fórum þeirra finnast efni og tól til peningafölsunar. Þeir er báðir teknir í nákvæma fíkniefnaleit á Landspítalanum. Fíkniefni finnast ekki við leitina og er þeim sleppt í kjölfarið.

**17. mars** Nígeríumennirnir eru stöðvaðir við eftirlit á Keflavíkurflugvelli 17. mars, eða daginn eftir að þeir komu frá Kaupmannahöfn. Þeir eru á heimleið. Í fórum þeirra finnast 100 þúsund evrur, eða 8,7 milljónir íslenskra króna. Mennirnir eru úrskurðaðir í gæsluvarðhald í vikutíma, vegna gruns um fjársvik. Annar mannanna áfrýjar úrskurðinum til Hæstaréttar.

**22. mars** Hæstiréttur staðfestir gæsluvarðhaldsúrskurð Héraðsdóms Reykjaness.

**23. mars** Tveir Íslendingar eru handteknir í tengslum við málið. Nígeríumennirnir eru taldir hafa platað þá í fjármálum. Auk þess sem Íslendingarnir eru grunaðir um ólögmæt viðskipti.

**24. mars** Gæsluvarðhald er framlengt um tvær vikur yfir báðum mönnunum.

Átak til aðstoðar íslenskum starfsmönnum Varnarliðsins:

# Fá frídag til atvinnuleitar

**ATVINNUMÁL** Verkalýðs- og starfsgreinafélög á Suðurnesjum ásamt bæjarstjórnum Sandgerðis og Reykjanesbæjar hafa komið af stað átaki um að koma stafsmönnum varnarliðsins til aðstoðar.

„Það felst í því að stofna upplýsingaveitu fyrir starfsmenn hvort sem þeir starfa hjá varnarliðinu eða öðrum þar tengdum,“ segir Kristján Gunnarsson, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur. Gengið var frá þessu á fundi formanna félaganna og bæjarstjóra í fyrradag.

„Þar geta starfsmenn fengið upplýsingar um það hvar þeir geta fengið áfallahjálp, farið í símenntun og það verður boðið upp á námskeið um það hvernig megi nýta sér atvinnumiðlun og ráðningarþjónustur, hvernig eigi að gera starfsferilsskrá og fleira.“

Starfsmenn varnarliðsins fá nú frídag hálfsmánaðarlega sem þeim er ætlað að nýta sér til atvinnuleitar. **- jse**



**STARFSMENN VARNARLIÐSINS** Átaki sem ætlað er að auðvelda starfsmönnum varnarliðsins að finna sér nýja atvinnu hefur verið ýtt úr vör. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




SÍÐASTA SÝNINGARHELGI

Pétur Gautur · Hafnarborg · 4. - 27. mars



Vodafone live!
Hringitónar
Fréttir og Íþróttir
Leikir
Skemmtun
Góða skemmtun
- Vodafone live!
Náðu í svölustu hringitónana hvar og hvenær sem er, með Vodafone live! símanum þínum.
Vodafone live! – endalaus skemmtun í símanum þínum.
Heitustu Hringitónarnir
» Silvía Nótt
» Hjálmar
» Bubbi
» Ampop
» Black Eyed Peas
» Í svörtum fötum
» Eminem
» Sálin
» Beyonce
» Madonna
NOKIA
vodafone live!
Options
Back
Nokia 6101
15.900
Komdu í verslun Og Vodafone, hringdu í 1414 eða smelltu þér á www.ogvodafone.is fyrir nánari upplýsingar.
og
vodafone
Heyrumst!
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 31955 03/2006

Sýknaður í Hæstarétti af því að féfletta gamlan mann:

# Gat ekki gert sér grein fyrir elliglöpum

**DÓMSMÁL** Maður sem var dæmdur í héraði í fjögurra mánaða fangelsi var í gær sýknaður í Hæstarétti af ákæru um að hafa féflett 82 ára gamlan mann.

Dómarar telja ósannað að maðurinn, sem var nýkominn úr viðskiptanámi og þekkti gamla manninn lítið, hafi átt að gera sér grein fyrir því að sá hefði skerta hæfni vegna elliglapa og áfengisdrykkju.

Þar af leiðir að hann gat ekki séð að sá gamli væri ekki hæfur til að veita leyfi fyrir um þriggja og hálfrar milljónar króna veði í húsi sínu í miðborg Reykjavíkur til að leggja inn í fyrirtæki vinar viðskiptafræðingsins og til að greiða skuldir sínar.

Viðskiptafræðingurinn tók 350 þúsund króna þóknun af viðskiptunum og bjó endurgjaldslaust í húsi gamla mannsins í eitt og hálft ár. Hann neitaði að hafa notfært sér ástand mannsins. Hann hélt því fram að gamli maðurinn hefði beðið sig um að annast fjármál sín, sem komin hafi verið í ólestur.

Sonur mannsins kærði viðskiptafræðinginn í janúarlok 2003.

- gag



**ÚR HÆSTARÉTTI** Ekki sannaðist fyrir Hæstarétti að viðskiptafræðingur, sem fékk 82 ára gamlan mann til að samþykkja 3,5 milljóna króna veð í húsi sínu, hefði átt að vita að maðurinn gæti ekki tekið slíkar

Kynjaskipting í nefndum og starfshópum á vegum ráðuneytanna:

# Karlmenn eru í meirihluta

**STJÓRNSÝSLA** Karlmenn eru í meirihluta í nefndum, starfshópum, stjórnum og ráðum sem eru skipuð af ráðuneytunum og eru hlutföllin 60 prósent karlmanna á móti 40 prósentum kvenna.

Þetta kemur fram í svari forsætisráðherra við fyrirspurn Katrínar Júlíusdóttur alþingiskonu um nefndarskipan og kynjahlutföll hjá ráðuneytunum.

Í svarinu koma fram tölur frá hverju ráðuneyti fyrir sig og voru karlmenn í meirihluta í öllum ráðuneytum nema í félagsmálaráðuneytinu þar sem þeir voru 45 prósent. Í þremur ráðuneytum var hlutfall karlmanna 80 prósent eða meira en ráðuneytin eru ellefu talsins.

Félagsmálaráðuneytið hefur umsjón með framkvæmd jafnréttislaga og í 20. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla kemur fram að í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ríkis og sveitarfélaga skulu, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar. Skal ávallt minnt á það þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi nefndir, ráð og stjórnir. Niðurstöðurnar sem koma fram í svari forsætisráðherra munu verða teknar fyrir í félagsmálaráðuneytinu að sögn starfsmanns ráðuneytisins.

- sdg



**ALÞINGI** Ójöfn kynjaskipting er í nefndum og starfshópum ráðuneyta að því er kom fram í svari forsætisráðherra á þingfundi á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Fermingarbarn'67



„Pabbi og mamma gáfu mér skátatjald í fermingargjöf sem var seinna stolið frá mér í Húsafelli. En íslensku orðabókina sem ég fékk frá Gillu frænku á ég ennþá og hef notað áratugum saman.“




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Fermingargjafir sem vit er í

Edda
edda.is






ENNEMM / SÍA / NM20647

Breyting frá Arctic Trucks

Rúmgóður og áreiðanlegur vinnuþjarkur sem hefur sýnt og sannað að hann á heima á Íslandi. Nissan Patrol er einfaldlega alvöru jeppi fyrir alvöru fólk!

**Líttu inn og sjáðu alvöru jeppa!**

**Verðið á Nissan Patrol er frá 4.170.000 kr.**

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16

# Opið allan sólarhringinn

## í Seglagerðinni Ægi –alla helgina!

**Frábær tilboð!**

frá laugardegi kl. 10:00
til sunnudags kl. 16:00



Palomino Colt — GLITNIR
Verð 979.800.-
Útborgun 195.960.-
Mánaðargreiðsla 11.985.-
*miðast við 84 mán.



T@B — GLITNIR
Verð 1.490.000.-
Útborgun 298.000.-
Mánaðargreiðsla 18.112.-
*miðast við 84 mán.



Holy Camp — GLITNIR
Verð 526.800.-
Útborgun 105.380.-
Mánaðargreiðsla 6.543.-
*miðast við 84 mán.



Joint húsbíl — GLITNIR
Verð 3.990.000.-
Útborgun 798.000.-
Mánaðargreiðsla 48.138.-
*miðast við 84 mán.

## TÍMABOMBUR:

### Laugardagur 25. mars 2006

**KL. 10-12** — GRJÓTGRIND — 20% AFSLÁTTUR — Verð áður 21.900 kr. Verð nú 17.520 kr.



**KL. 12-14** — FORTJALD-Walker — 20% AFSLÁTTUR



**KL. 14-15** — TEC 510 TKM HJÓLHÝSI — 150.000 kr. AFSLÁTTUR — TAKMARKAÐ MAGN! — Verð áður 2.318.900 kr. Verð nú 2.168.900 kr.



**KL. 15-17** — FERÐASTÓLAR — 20% AFSLÁTTUR — Verð áður 7.900 kr. Verð nú 6.320 kr.



**KL. 17-20** — DYRAHENGI — 90% AFSLÁTTUR — Verð áður 5.900 kr. Verð nú 590 kr.



**KL. 22-24** — SVEFNTJALD — 20% AFSLÁTTUR



### Sunnudagur 26. mars 2006



**KL. 08-10** — GASKÚTAFESTING FYRIR 2 KÚTA — 20% AFSLÁTTUR — Verð áður 9.900 kr. Verð nú 7.920 kr.



**KL. 10-12** — 20% AFSLÁTTUR — FORTJÖLD Á FELLIHÝSI OG BÍLA



**KL. 12-13** — NÝR TRIGANO TJALDVAGN ÁRGERÐ 2005 — 15% AFSLÁTTUR — Verð áður 598.800 kr. Verð nú 508.980 kr.



**KL. 13-14** — 20% AFSLÁTTUR — FORTJALDSDÚKUR



**KL. 14-15** — 20% AFSLÁTTUR — FERÐAKLÓSETT — Verð áður 13.900 kr. Verð nú 11.120 kr.



**KL. 15-16** — 20% AFSLÁTTUR — NÝR ÆGISVAGN ÁRGERÐ 2005 — TILBOÐ 399.999 kr.

*Tilboðin gilda á tilgreindum tímum og líka alla nóttina!*



*Wim Werwaal, sölustjóri Campo World, stærsta söluaðila Hollands á flestum gerðum af hjólhýsa og húsbíla verður viðskiptavinum okkar innan handar við val á hjólhýsum og húsbílum um helgina.*
***OPIÐ STANSLAUST frá kl. 10 á laugardagsmorgni til kl. 16 á sunnudag.***

Tjaldvagnaland
SEGLAGERÐIN ÆGIR

www.seglagerdin.is

TILBOÐIN GILDA AÐEINS Á TILGREINDUM TÍMA EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Eyjarslóð 5, sími 511 2200

# Sýnum

allt það nýjasta um helgina



Njóttu þess besta frá Ellingsen Evró

– þar sem gæðin eiga heima

Óvenjuhagstæð vagnalán í boði.

Opið laugardag 10–16, sunnudag 12–16

Himinn og haf /SÍA

Upplýsingar hjá sölumönnum í síma 580 8528 og 580 8529

ELLINGSEN EVRÓ

Grandagarði 2, sími 580 8500


Sjávarútvegsráðherra fundar í Bretlandi:

# Bretar aðstoða við að fella niður tolla

**STJÓRNMÁL** Sjávarútvegsráðherra Bretlands tók vel í að liðsinna Íslendingum við að fá tolla, sem Evrópusambandið leggur á nokkrar íslenskar útflutningsafurðir, fellda niður. Einnig var rætt um að afnema útflutningsálag á ferskan óveginn fisk frá Íslandi.

Reiknaði ráðherrann með því að taka málið upp á fundi Fiskimálanefndar Evrópusambandsins í næstu viku. Þetta kom fram á fundi sem Einar K. Guðfinnsson átti með breska sjávarútvegsráðherranum á fimmtudag. - sdg



**FRÁ FUNDINUM** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra og Ben Bradshaw sjávarútvegsráðherra Bretlands.



**LÍF OG FJÖR Í GÖTUMÓTMÆLUM** Þetta unga fólk lét sér ekki leiðast þar sem það tók þátt í götumótmælum gegn stjórn Thaksins Sinawatra í Bangkok. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mótmæli magnast gegn forsætisráðherra Taílands:

# Skorað á konung að setja Thaksin af

**TAÍLAND, AP** Þrjátíu þúsund óeirðalögreglumenn voru í viðbragðsstöðu í Taílandi í gær vegna fjöldamótmæla stjórnarandstæðinga. Forsvarsmenn mótmælanna sögðust vonast til að svo mikill fjöldi myndi taka þátt í mótmælunum að þessu sinni að forsætisráðherrann, Thaksin Sinawatra, sæi sitt óvænna og segði af sér.

Andstæðingar Thaksins ásaka hann um spillingu og misnotkun á valdi, og hafa boðað til fundar í Bangkok á laugardag og er búist við tugþúsundum á þann fund. Sinni Thaksin ekki kröfu þeirra um afsögn segjast þeir ætla að stigmagna mótmæli sín, en útlistuðu ekki hvaða form aukin mótmæli myndu taka. Sögðust þeir myndu ákalla konung landsins um að svipta Thaksin embætti og skipa nýan forsætisráðherra strax nú um helgina.

Thaksin vísar öllum ásökunum mótmælenda á bug og segist aldrei munu beygja sig fyrir „skrílræði“. Hann hefur boðað skyndikosningar þann 2. apríl til að sækja sér endurnýjað umboð kjósenda. - aa


550 5000

Hringdu ef blaðið berst ekki

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið



IMPREZA SUBARU

Góður í brekkunum og veit hvar þær eru



JÓNSSON & LE'MACKS · jl.is

SYMMETRICAL AWD

STAÐALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRA - 160 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 16" ÁLFELGUR, KASTARAR Í STUÐARA... OG MARGT FLEIRA.

Beinskiptur Sedan 1.990.000,- Sjálfskiptur Sedan 2.130.000,- Beinskiptur Wagon 2.050.000,- Sjálfskiptur Wagon 2.180.000,-

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

| Umboðmenn um land allt | Akureyri 461-2960 | Selfossi 482-3100 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453 |
|---|---|---|---|---|---|

TILBOÐ:

Leiðsögutæki fylgir hverjum seldum Impreza

Garmin GPS leiðsögutæki með íslensku vega- og hálendiskorti. Virkar um allan heim og spilar MP3. Andvirði 96.550,-




Fermingargjafir
SPARIÐ 4.000
ÁÐUR 10.990,-
6.990,-
„JASON" TÖLVUBORÐ" OG „BECK" STÓLL
Frábært fermingartilboð, gott tölvuborð og fínn skrifborðsstóll saman á hreint ótrúlegu verði! Stærð á tölvuborði er 80 x 60 x 75 sm. Skrifborðsstóllinn er svartur með leðri á öllum slitflötum.
SPARIÐ 10.000
ÁÐUR 34.900,-
24.900,-
„RIKKEL" SVEFNSÓFI
Fallegur svefnsófi úr míkrófíber efni. Fæst í ljósbrúnu og hvítu. Breiddin á svefnsófanum er 220 sm og útdreginn er svefnplássið 115 x 185 sm.
SPARIÐ 2.000
KRONBORG
HREIN EFNI
VAREFAKTA
SEGIR ALLT UM GÆÐIN
ÁÐUR 7.990,-
5.990,-
„KRONBORG PRESTIGE" ANDADÚNSSÆNG
Notaleg og góð sæng fyllt með 750 gr. af andadúni og andafiðri. Sængin er saumuð í ferninga sem heldur hitanum jöfnum yfir alla sængina. Þolir þvott við 60°C. Stærð 135 x 200 sm. Mjúk og þægileg fermingargjöf!
SPARIÐ 2.000
Bonell
Miðlungs
Dönsk gæða-framleiðsla
ÁÐUR 14.900,-
12.900,-
BASIC B20 BOXDÝNA
Nú með tvöföldu gormakerfi og yfirdýnu. Góð dýna, miðlungsstíf með 115 BONELL gormum pr. m² í efra lagi og 150 gormum pr. m² í neðra lagi. Vönduð yfirdýna innifalin í verði.
„BAILEY" TÖLVUBORÐ OG „PATREKUR" STÓLL
Tölvuborð og skrifborðsstóll á fínu fermingartilboði. Stærð á tölvuborði er 80 x 60 x 75 sm. Góður, svartur skrifborðsstóll með lágu, stillanlegu baki og krómfæti. Einnig með netáklæði sem veitir aukin þægindi.
SPARIÐ 4.000
SPARIÐ 10.000
ÁÐUR 34.900,-
24.900,-
„LULU" SVEFNSÓFI
Fallegur og þægilegur svefnsófi sem fæst í dökkbláu eða svörtu. Í svefnstöðu er sófinn 123x200 sm. Flottur svefnsófi á fínu fermingartilboði!
-góð kaup
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
ÁÐUR 12.990,-
8.990,-

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.819 **-4,43%** **Fjöldi viðskipta:** 1.394 **Velta:** 10.889 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **Avion Group** | 0,97% |
| **Dagsbrún** | 0,14% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **KB banki** | -7,53% |
| **FL Group** | -6,67% |
| **Landsbankinn** | -4,96% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 59,00 -1,01% ... Alfesca 3,90 -2,50%... Atorka 6,15 -0,81% ... Bakkavör 52,40 -1,87% ... Dagsbrún 6,96 +0,14% ... FL Group 21,00 -6,67% ... Flaga 3,17 -1,25% ... Glitnir 17,00 -2,86% ... KB banki 810,00 -7,53% ... Kögun 74,90 -0,13% ... Landsbankinn 24,90 -4,96% ... Marel 73,00 -2,67% ... Mosaic Fashions 17,20 -2,27% ... Straumur-Burðarás 16,90 -1,17% ... Össur 112,50 -0,88%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Stefna ótrauðir að yfirtöku PLIVA



**RÓBERT WESSMAN, FORSTJÓRI ACTAVIS** Stjórnendur Actavis kynna tillögur sínar fyrir stjórnendum PLIVA á næstu dögum.

Forsvarsmenn Actavis stefna enn ótrauðir að yfirtöku króatíska samheitalyfjafyrirtækisins PLIVA en óformlegt tilboð um kaup á öllum hlutum fyrirtækisins var lagt fram í síðustu viku. Stjórnendur PLIVA hafa sagt tilboðið of lágt og króatísk stjórnvöld hafa jafnframt gefið út að þau muni ekki selja Actavis um 15 prósenta hlut sinn. Að sögn Halldórs Kristjánssonar, upplýsingafulltrúa Actavis, hafa hvorki stjórnendur fyrirtækisins né stjórnvöld hafnað viðræðum við Actavis. Fundað verði með báðum aðilum og tillögur kynntar, þá fyrst sé að marka viðbrögðin. Actavis hefur að Halldórs sögn skýra hugmynd um hvernig megi styrkja starfsemina þar í landi með sameiningunni. Meðal annars verði áhersla lögð á að höfuðstöðvarnar verði áfram þar í landi, framleiðsla og þróun styrkt og störfum líklega fjölgað.

Halldór segir tilboðið ekki standa og falla með samþykki stjórnvalda. „Það er ekki nauðsynlegt að stjórnvöld selji okkur sinn hlut til að yfirtaka geti orðið. Við þurfum að kaupa tvo þriðju í félaginu til að fara með yfirráð.“ Hann segir Actavis þó vilja vera í góðu sambandi við stjórnvöld og ekki sé ástæða til annars. „Actavis er stórt og öflugt félag á króatískan mælikvarða og yfirtakan myndi hafa mjög jákvæð áhrif á efnahagslífið þarna.“ **- hhs**

## MARKAÐSPUNKTAR...

Bakkavör Group hefur keypt 40 prósent hlutafjár í kínverska salatfyrirtækinu Creative Foods í samstarfi við Glitni. Bakkavör Asia, dótturfélag Bakkavarar Group, og Glitnir hafa stofnað nýtt félag, Bakkavör China, í tilefni af kaupunum. Bakkavör Group á 60 prósent hlutafjár í félaginu og Glitnir 40 prósent.

Actavis hf., Bakkavör Group hf., Kaupþing banki hf., Kögun hf. og Straumur-Burðarás fjárfestingabanki hf. komust inn í nýju VINX-viðmiðunarvísitölu NOREX-kauphallanna í Reykjavík, Osló, Stokkhólmi, Kaupmannahöfn og Helsinki sem mun að jafnaði samanstanda af 150 til 200 félögum.







Hobbyhúsið
opnar að Dugguvogi 12









Mest seldu hjólhýsi í heimi

Gæði - þjónusta



Gullna stýrið 2005

Sölusýning
laugardag kl. 13-17
sunnudag kl. 13-17
Virka daga kl. 10-18

Sími 517 7040 • www.hobbyhusid.is Netsalan ehf


# Dagsbrún vill Wyndeham

### Stjórnendur Dagsbrúnar líta á Wyndeham sem stökkpall inn á breska markaðinn. Dagsbrún hefur enn augastað á Orkla Media.

Dagsbrún hefur gert yfirtökutilboð í breska prent- og samskiptafyrirtækið Wyndeham Press Group, sem er skráð í kauphöllina í Lundúnum, og nemur verðmæti yfirtökunnar 80,6 milljónum punda eða tíu milljörðum króna. Það er dótturfélag Dagsbrúnar, Daybreak, sem stendur að yfirtökunni með aðstoð Landsbankans og Teather & Greenwood.

Stjórn Wyndeham hefur lagt blessun sína yfir tilboðið sem hljóðar upp á 155 pens á hvern hlut. Í gærmorgun höfðu eigendur um 20 prósent hlutafjár gefið samþykki sitt fyrir kaupunum en tilboðið hljóðar upp á 1,55 pund á hvern hlut sem 21 prósent yfirverð frá lokagengi á miðvikudaginn.

Wyndeham er eitt af stærstu prentfyrirtækjunum á Bretlandseyjum, prentar yfir 600 tímarit í hverjum mánuði og býður upp á víðtækar lausnir fyrir útgefendur og auglýsendur á sviði prentunar. Félagið velti yfir 17,5 milljörðum króna á síðasta reikningsári og skilaði um 700 milljóna króna hagnaði fyrir skatta.

„Þetta félag er á góðu verði og hefur mikla vaxtarmöguleika. Félagið er í rekstri sem er okkur ekki ókunnugur og það hefur reynst okkur vel að vera í prentun og dreifingu á sama tíma og við höfum verið í fjölmiðlum,“ segir Gunnar Smári Egilsson, forstjóri Dagsbrúnar.



**GUNNAR SMÁRI EGILSSON, FORSTJÓRI DAGSBRÚNAR** Dagsbrún hefur gert tilboð í öll hlutabréf í breska fyrirtækið Wyndeham Press Group fyrir tíu milljarða króna.

Wyndeham hefur byggst upp í gegnum fjölmörg fyrirtækjakaup og samruna á liðnum árum. „Við sjáum tækifæri annars vegar að láta þetta fyrirtæki vaxa eitt og sér, vegna stærðar þess, og hins vegar að það opnist möguleikar fyrir aðra þætti í starfsemi Dagsbrúnar.“

Hann segir að þessi kaup breyti engu um vaxtaráform félagsins á Norðurlöndunum. Deutsche Bank, sem hefur Orkla Media til sölu, opnar bækur fjölmiðlafélagsins í næstu viku og þá munu forsvarsmenn Dagsbrúnar ákveða í framhaldi af því hvort fyrirtækið taki þátt í tilboðsferlinu. Þá hefur félagið stofnað dótturfélag í Danmörku sem vinnur að stofnun fríblaðs.

Frá áramótum hefur Dagsbrún fjárfest grimmt innan- sem utanlands. Félagið festi kaup á Securitas í janúar fyrir um 3,2 milljarða, á Senu fyrir 3,6 milljarða og stefnir að yfirtöku á Kögun eftir að hafa greitt 7,2 milljarða fyrir 51 prósents hlut í þessari viku. Gangi yfirtakan á Kögun og Wyndeham eftir hefur Dagsbrún fjárfest fyrir 31 milljarð á árinu.

**eggert@frettabladid.is**

**FJÁRFESTINGAR DAGSBRÚNAR**

**Frá áramótum, í milljónum króna.**

| Félag | Kaupverð |
|---|---|
| Kögun | 14.475 * |
| Wyndeham Press | 10.034 * |
| Sena | 3.600 ** |
| Securitas | 3.159 ** |
| | 31.268 |

* Miðað við að Dagsbrún eignist félagið að fullu
** Miðað við að gengi Dagsbrúnar fari í 7,5 á árinu en greitt var að hluta eða öllu leyti með hlutabréfum í Dagsbrún.

# Björgólfur nýr forstjóri Icelandic



**BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON**

Björgólfur Jóhannsson hefur tekið við starfi forstjóra hjá Icelandic Group en hann hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra viðskiptaþróunar hjá Icelandic. Þar áður var Björgólfur forstjóri Síldarvinnslunnar.

Hann sagði að Icelandic, sem skilaði 1,1 milljarðs tapi á síðasta ári, hefði sett sér markmið um vöxt á næstu þremur árum, fimm prósenta innri vöxt og 3-10 prósenta ytri vöxt. Félagið hefur í því sambandi greint frá kaupum á fyrirtæki í Seattle í Bandaríkjunum sem er sérhæft í innkaupum á hráefni á því svæði. Stefnt er að því að velta samstæðunnar verði 120 milljarðar á þessu ári en 160 milljarðar árið 2008.

Í máli Gunnlaugs Sævars Gunnlaugsson stjórnarformanns á aðalfundi félagsins kom fram að hreinsað hefði verið til í rekstri dótturfélaga og boðað sé stórhert eftirlit með þeim. „Lítið aðhald og eftirlitsleysi hefur einkennt reksturinn á sumum stöðum,“ segir Gunnlaugur. Nú er tími til kominn að bretta upp ermar með nýjum stjórnendum. **- eþa**

# Skuldabréfum sagt upp í Ameríku

Íslensku bankarnir bjuggust ekki við að peningamarkaðssjóðir í Bandaríkjunum endurnýjuðu skuldabréf þeirra. Upphæð bréfanna sem um ræðir nemur tugum milljarða króna. Bréfin eru gefin út til 13 mánaða í senn, innan fimm ára rammasamnings. Þau eru ekki endurnýjuð nú vegna hækkandi ávöxtunarkröfu á eftirmarkaði og flökts á markaði, en sjóðirnir taka mánaðarlega ákvörðun um endurnýjun.

Heildarendurfjármögnunarþörf næsta árs nemur 2,7 milljörðum evra hjá Glitni og er þar gert ráð fyrir skuldabréfum amerískra peningamarkaðssjóða. Þau séu ekki nema lítill hluti af útgáfu bankans í Bandaríkjunum, að sögn Ingvars H. Ragnarssonar, forstöðumanns Alþjóðlegrar fjármögnunar bankans. „Ákvörðun sjóðanna breytir því engu um endurfjármögnun bankans," segir hann og bætir við að sjóðirnir endurnýji ekki bréf bankanna vegna þess að þeir ávaxti fé sitt til skamms tíma í senn og vilji því ekki sjá jafnmikið flökt á ávöxtun og verið hefur að undanförnu á bréfum íslensku bankanna. Þar hafa haft áhrif undanfarin skrif greiningardeilda um íslensku bankana.

Landsbankinn gerir að sama skapi ráð fyrir að fjármagna skuldabréfin á 13 mánaða fresti og gerir á næsta ári ráð fyrir endurfjármögnun 700 milljóna dollara bréfa peningamarkaðssjóða í Bankaríkjunum. Matthías P. Einarsson, forstöðumaður í erlendri fjármögnun hjá Landsbankanum, segir þó að af þeirri upphæð hafi einungis 200 milljónum dala verið sagt upp til þessa.

Kaupþing banki gerði aftur ekki ráð fyrir endurfjármögnun bréfa peningamarkaðssjóðanna fyrr en að fimm árum liðnum og hækkar því endurfjármögnunarþörf bankans um 600 milljónir dala á næsta ári, fer úr 2,4 milljörðum evra í 2,9 milljarða.

„Bankinn verður ekki í vandræðum með þá endurfjármögnun," segir Guðni Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri fjárstýringar Kaupþings banka. Upphæð bréfa Kaupþings sem sagt var upp nemur 600 milljónum dala, en alls hefur bankinn gefið út bréf í Bandaríkjunum fyrir 1.250 milljónir dala. Guðni segist ekki eiga von á frekari uppsögnum bréfa, enda gildi ekki viðlíka reglur hjá öðrum fjárfestum og gera hjá peningamarkaðssjóðum. - óká




**Í KAUPHÖLLINNI Í NEW YORK** Peningamarkaðssjóðir í Bandaríkjunum hafa sagt upp íslenskum skuldabréfum. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

## Kreppuástand ekki í aðsigi

Í nýrri skýrslu greiningardeildar ameríska fjárfestingarbankans JP Morgan um íslensku bankana er undirstrikað að hvorki OECD né matsfyrirtæki geri ráð fyrir að í aðsigi sé djúp efnahagskreppa á Íslandi. Danske Bank gaf í vikunni út spá um slíkt.

Dregið er fram að ekki sé raunhæft að bera saman tölur úr efnahagsreikningum íslensku bankanna við íslenskar hagstærðir þar sem starfsemi þeirra sé ekki lengur bundin við Ísland. Þá bendir JP Morgan á að nokkuð af þeirri neikvæðu umræðu sem íslensku bankarnir hafi fengið komi frá greiningardeildum banka sem séu í beinni samkeppni við þá. - óká

## VÍS hagnast á hlutabréfum

VÍS hagnaðist um 8.444 milljónir króna í fyrra sem er 46 prósenta aukning frá árinu 2004. Arðsemi eiginfjár var 44 prósent samanborið við 65 prósent árið 2004.

Hækkun á fjármálamörkuðum skýrir þennan mikla hagnað félagsins og hækkuðu fjárfestingatekjur um sex milljarða á milli ára. Námu þær tæpum 14,9 milljörðum króna á síðasta ári en heildartekjur félagsins voru alls 23,4 milljarðar.

Langstærsti eignarhlutur VÍS er eftir sem áður í KB banka en markaðsvirði hlutarins var yfir 21 milljarður í árslok.

Hins vegar versnaði afkoma tryggingastarfsemi mikið á milli ára og varð 143 milljóna króna tap á skaðatryggingum en 86 milljóna króna hagnaður af líftryggingum.

Eigið fé VÍS var 27,6 milljarðar króna í árslok en eignir um 93 milljarðar króna. Eigendur VÍS fá greiddan 100 prósenta arð fyrir árið 2005 en upphæðin nemur alls 650 milljónum króna. - eþa

## Børsen gagnrýnir Danske Bank

„Íslenskt efnahagslíf virðist vera að færast yfir í nýtt ferli þar sem jafnvægi kemur á útrás síðustu ára. Það verður hollt hvað varðar vöxtinn til lengri tíma litið," segir í leiðara danska viðskiptaritsins Børsen í gær.

Í leiðaranum er áréttað að hagvöxtur hér hafi síðasta ártug verið mun meiri en á evrusvæðinu og efnahagslífið standi styrkum fótum hvað sem líður neikvæðum spádómum um ofþenslu og aukna greiðslubyrði. Rætt er um hrakspá Danske Bank um íslenskt efnahagslíf og varað við að taka hana of alvarlega, enda sé hún skrifuð af vanþekkingu sem bankinn viðurkenni sjálfur.

Í frétt á vef Børsen í gær var hins vegar tengd við umfjöllun Danske Bank gagnrýni OECD á hagstjórnina hér, þar sem bent er á að taka þurfi á vaxandi verðbólgu og eftirspurn innanlands. - óká









# FRÁBÆRT VERÐ Á




## 25% afsláttur

af öllum blöndunartækjum*

* Gildir ekki með öðrum tilboðum!







# BAÐINNRÉTTINGUM











Hringbraut opið virka daga: 8-19 laug: 10-18 sun: 11-17 - Sími: 562 9400 | Hafnarfjörður opið virka daga: 8-18 laug: 9-15 - Sími: 555 4411
| Reyðarfjörður opið virka daga: 8-18 laug: 10-14 - Sími: 470 4200 | Suðurnes opið virka daga: 8-18 laug: 9-15 - Sími: 421 7000 | Selfoss opið virka daga: 8-18 laug 10-16 Sun. 12-16: - Sími: 480 4600

BYKO
BYGGIR MEÐ ÞÉR

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Lúkasjenko kosinn sem einræðisherra.

## Langt í lýðræðið hjá Hvít-Rússum

Úrslit kosninganna í Hvíta-Rússlandi um síðustu helgi voru eins og menn höfðu almennt búist við. Lúkasjenko fékk um 83 af hundraði greiddra atkvæða. Hann hefur því ekki að ástæðulausu af mörgum verið talinn síðasti einræðisherrann í Evrópu. Það gefur því auga leið að það er erfitt fyrir andstæðinga hans að heyja einhverja raunverulega kosningabaráttu, þar sem hann hefur heljartök á fjölmiðlum í landinu, ekki síst sjónvarpinu sem er ríkisrekið og forsetinn virðist stjórna því beint. Einvaldurinn Alexander Lúkasjenko hefur því þriðja kjörtímabil sitt sem forseti Hvíta-Rússlands öruggur í sessi, því hann tekur ekki mikið mark á margra daga mótmælum í miðborg höfuðborgarinnar Minsk, og lét reyndar hreinsa torgið þar í gær í orðsins fyllstu merkingu. Nokkur hópur mótmælenda hefur haldið þar til í tjöldum í vorkuldanum undanfarna daga, en ekki haft erindi sem erfiði.

Þrátt fyrir öfluga sveit eftirlitsmanna frá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu er ljóst að kosningarnar fóru ekki fram með lýðræðislegum hætti. Það eru ekki aðeins grunsemdir um kosningasvindl á sjálfan kjördaginn, heldur halda flestir hinna erlendu eftirlitsmanna því fram að aðdragandi kosninganna hafi ekki verið á þeim lýðræðislegu nótum sem menn eru vanir á Vesturlöndum. Andstæðingum forsetans var ekki gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, þannig að hinar tíu milljónir íbúa landsins gætu gert sér einhverja grein fyrir stefnumálum þeirra. Þeirra helsta vopn var að fara hús úr húsi og boða þannig fagnaðarerindið.

Rússar eru þó ekki sammála því að kosningarnar hafi ekki farið fram með lýðræðislegum hætti. Í opinberum yfirlýsingum frá Moskvu segir að ekki verði annað séð en að kosningarnar hafi farið fram samkvæmt almennt viðurkenndum reglum og að ekkert gefi tilefni til að efast um lögmæta niðurstöðu þeirra. Þessi yfirlýsing Rússa kemur ekki á óvart, því þótt talað sé um að persónulegt samband þeirra Pútíns Rússlandsforseta og Lúkasjenko sér ekkert sérstakt, þá eru Hvít-Rússar mikilvægir nágrannar Rússa og samskipti landanna mikil. Hvít-Rússar eru mjög háðir Rússum hvað varðar gas sem orkugjafa og til þess hefur verið tekið að Rússar hækuðu ekki verið á gasinu til Hvít-Rússa nú um áramótin, líkt og til margra annarra.

Formælendur Evrópusambandsins hafa gagnrýnt mjög hvernig staðið var að kosningunum í Hvíta-Rússlandi um síðustu helgi, en geta lítið annað gert. Viðskiptaþvinganir myndu fyrst og fremst koma niður á fátækum íbúum landsins, þar sem meðalmánaðarlaun í fyrra eru talin hafa verið sem svarar sextán þúsund krónum íslenskum. Það er frekar talið vænlegt að beita pólitískum þrýstingi á stjórnvöld í Rússlandi til að hafa áhrif á gang mála í Hvíta-Rússlandi, vegna þess hve Rússar eiga mikið undir því að vera í góðu sambandi við Vesturlönd.


# Viðskiptalögfræði á Bifröst



„Meistaragráða í lögfræði sem byggir á BS í viðskiptalögfræði hefur reynst mjög dýrmæt í mínu starfi. Samblanda áfanga í lög- og viðskiptafræði er nauðsynlegur grunnur fyrir lögfræðinga sem starfa hjá fyrirtækjum. Sú þekking er ómissandi þegar kemur að mati á fjárfestingarkostum, samningagerð, gerð áreiðanleikakannana og við yfirtöku eða samruna fyrirtækja. Nám í lögfræði á Bifröst undirbýr nemendur með þarfir atvinnulífsins í huga, það er fjárfestingarkostur sem skilar sér margfalt til baka.“

**Björn Jakob Björnsson,**
*Lögfræðingur*
*SMI Real Estate Group*
*ML í lögfræði 2006*

Frekari upplýsingar:
**www.bifrost.is**

VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN
BIFRÖST

311 Borgarnes | Sími 433 3000
**Stjórnenda- og leiðtogaskóli í 88 ár**


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Aðeins rúm fyrir pólitík í pólitík

Helga Sigrún Harðardóttir, skrifstofustjóri þingflokks Framsóknarflokksins, gerir fréttaflutning á mbl.is og ruv.is að umtalsefni í pistli á timinn.is sem er einn af áróðursvefjum flokksins. Á fréttamiðlunum tveimur var sagt frá umræðum á þingi um flutning Fæðingarorlofssjóðs út á land. Mbl.is sagði flutningnum fagnað á þingi en ruv.is sagði flutninginn gagnrýndan. Helga Sigrún segir í pistli sínum athyglisvert að sjá svo augljóslega hve pólitískar skoðanir fréttamanna lita frásagnir þeirra. Ekki virðist rúm í kolli Helgu Sigrúnar fyrir nokkuð sem kallast fréttamat og þarf svo sem ekki að koma á óvart enda eru þeir sem gefa sig að stjórnmálum einkar lagnir við að skoða tilveruna út frá pólitík og engu öðru.



### Banabiti Framsóknar

Helga Sigrún er þeirrar skoðunar að stjórnmálaflokkarnir hafi almennt slík tök á fjölmiðlunum að þeir geti vélað um hverjir vinni á miðlunum og hverjir ekki. Segir hún Framsóknarflokkinn algjörlega frían af slíku og veltir fyrir sér hvort hann geti hreinlega dáið drottni sínum sökum þess. Orðrétt segir hún: „Í mínum huga er vald fjölmiðlanna ógnvænlegt og hafa framsóknarmenn goldið þess til langs tíma, að hafa ekki potað sínu fólki að í réttar stöður á fjölmiðlunum. Framsóknarmenn treysta á lýðræðið, málfrelsið og sanngirnina og hafa neitað sér um að taka þátt í þeim leik sem leikinn hefur verið á fjölmiðlunum. Ég velti fyrir mér hvort það verður hans banabiti.“

### Rangnefni



Þegar Bandaríkjaher var fundinn staður á Íslandi á sínum tíma varð Miðnesheiði á Suðurnesjum fyrir valinu. Fljótlega var flugvöllurinn nefndur Keflavíkurflugvöllur og má af því ætla að völlurinn hafi tilheyrt Keflavík og síðar Reykjanesbæ. Svo er ekki því Miðnesheiði er í Sandgerði þar sem útgerðarfélagið Miðnes var lengi helsti vinnustaðurinn og bæjarskrifstofurnar standa við Miðnestorg 3. Út frá þeirri staðreynd væri því í raun réttara að flugvöllurinn héti Sandgerðisflugvöllur og kannski lag fyrir Sandgerðinga að

## Frelsið er forsenda mennskunnar

**Í DAG**
FRELSIÐ



**SVERRIR JAKOBSSON**

*Með því að kalla sig „frjálshyggju“ reynir íhaldsstefnan að takmarka frelsi okkar til að velja eitthvað annað en hana. Einokun á frelsishugtakinu getur aldrei orðið annað en tilraun til frelsisskerðingar.*

Frelsi snýst um að eiga val. Þess vegna er frelsið kjarni þess sem við köllum mennsku. Mannfólkið þarf að borða, sofa, lifa og fjölga sér en í því felst engin sérstaða. Það eru valkostirnir sem gera okkur mennsk. Valkostirnir eru líka kjarni sjálfsvitundarinnar. Ef ættum ekki valkosti þyrftum við enga sjálfsvitund, aðeins eðlishvatir.

Valkostir mannanna eru takmarkaðir við stað, stund og iðulega er þrengt að þeim af öðru fólki. Öll frelsisbarátta snýst hins vegar um að fjölga þessum valkostum, geta valið sér nýtt hlutskipti. Mestu takmarkanirnar á frelsinu er þegar fólki er sagt að það eigi ekkert val. Að valkostir séu ekki „raunhæfir“, að við eigum að gera eins og allir aðrir, að lestin sé komin af stað og bruni áfram án þess að neitt sé við því að gera. Í orðræðu frelsissviptingar þá heita ögrandi valkostir „draumórar“, „öfgar“ eða „jaðarskoðanir“.

Mannfólkið skiptist ekki með afgerandi hætti í frjálsa menn og þræla. Þvert á móti erum við öll stödd á mismunandi stigum frelsis. Margir þættir hafa áhrif á það. Fólk getur fjölgað valkostum sínum með því að skapa sér greiðan aðgang að ýmsum lífsgæðum samfélagsins, t.d. menntun og upplýsingu. Frelsið snýst að hluta til um aðgengi að lífsgæðum.

Auðhyggjan segir okkur að ríkidæmi fjölgi valkostum. Við sjáum þetta endurspeglast í auglýsingum fjármálastofnana. Þetta er að hluta til rétt, en þá verður fólk að vera samkvæmt sjálfu sér. Auðhyggjumaður sem heldur því fram að fátækt fólk hafi sama frelsi og þeir sem hafa meira, t.d. til að forða sér undan náttúruhamförum, er ekkert annað en hræsnari. En orðræða um frelsið er því miður iðulega hræsnisfull.

Það er fleira en auður sem fjölgar valkostum fólks. Fyrir þá sem skortir auðinn er það samtakamátturinn og samstaðan sem breytir lífinu. Þegar samtakamátturinn veikist þá fækkar valkostum hinna veiku. Ein leiðin til að veikja samtakamáttinn er að segja fólki að það eigi í raun ekki val, að mótmæli gegn valdhöfum séu tilgangslaus, að það sé „búið að ákveða“ eitthvað. Þannig virkar orðræða frelsissviptingar líka.

Pólitík snýst fyrst og fremst um frelsi. Frelsisbarátta blökkumanna í Bandaríkjunum og Suður-Afríku snerist um að öðlast sömu valkosti og aðrir hópar. Kvenfrelsi snýst um að konur eigi sömu valkosti og karlar, sem þær eiga því miður ekki ennþá í okkar upplýsta nútímasamfélagi. Gegn þessum baráttuhreyfingum stendur íhaldsstefnan, sem boðar að frelsi eins megi ekki auka á kostnað annarra. Og það er vissulega rétt, að aukið valfrelsi eins hóps getur takmarkað frelsi annars hóps, hópsins sem hefur vanist því að drottna yfir öðrum. Frelsið getur verið takmörkuð auðlind í sumum tilvikum.

Það er hins vegar afskræming frelsisins til að velja á milli ólíkra valkosta að halda því fram að frelsið sjálft geti verið valkostur. Að hægt sé að „velja frelsið“. Þegar íhaldsstefnan kennir sig við frjálshyggju þá er hún í raun að reyna að takmarka valkostina því að auðvitað vilja allir frelsið. Með því að kalla sig „frjálshyggju“ reynir íhaldsstefnan að takmarka frelsi okkar til að velja eitthvað annað en hana. Einokun á frelsishugtakinu getur aldrei orðið annað en tilraun til frelsisskerðingar.

Sama hugsun kom fram með öllu róttækari hjá bandaríska íhaldsmanninum Francis Fukuyama þegar hann bjó til frasann „endalok sögunnar“. Í skilningi hans merkti þetta endalok pólitískra valkosta, að framvegis ættum við aðeins valkost sem væri auðvald, markaðshyggja og hið afar takmarkaða borgaralega lýðræði. Ekki er hægt að hugsa sér meira ófrelsi en þetta, að einungis einn pólitískur valkostur sé í boði. Sem betur fer hafa margir komið auga á þetta og andóf gegn þessari hugmyndalegu einokun brýst m.a. fram í mótmælum gegn hnattvæðingunni. „Hnattvæðingin“ er jú ekki annað en tröllaukin tilraun pólitískra og efnahagslegra valdahópa til þess að eyða valkostum jarðarbúa, að steypa alla veröldina í sama mót.

Krafan um takmörkun valkostanna kemur ekki aðeins frá íhaldsmönnum, þótt þeir séu helstu merkisberar hennar nú á dögum. Hugmyndin um samræðustjórnmál er t.d. vinsæl hjá norrænum félagshyggjumönnum. Við verðum hins að gæta okkur vel á því að samræðustjórnmál geta auðveldlega umhverfst í samstöðustjórnmál, þar sem krafa er gerð um að þjóðin hafi einn vilja. Við eigum frekar að efla orðræðu frelsisins, skerpa hugmyndina um að það séu alltaf margir kostir í boði. Það er alltaf til önnur leið.






FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




MAÐUR VIKUNNAR

# *Skapandi og tilfinningaríkur*

ANDRI SNÆR MAGNASON
RITHÖFUNDUR

Um fátt hefur verið rætt meira síðustu daga en Andra Snæ Magnason og nýútkomna bók hans Draumalandið - sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð, þar sem hann beitir frumlegri nálgun á samtíma sinn og umhverfi og setur í nýtt samhengi.

Andri er fæddur í Reykjavík, sonur Kristínar Björnsdóttur hjúkrunarfræðings og Magna Sigurjóns Jónssonar læknis, og á tvö systkin. Fjölskyldan flutti til Bandaríkjanna þegar Andri var þriggja ára og bjó þar næstu sex árin. Að öðru leyti er hann alinn upp í póstnúmeri 110 í Reykjavík. Andri hefur ávallt verið frjór og skapandi að sögn þeirra sem til þekkja. Sem dæmi má nefna að fimm ára gamall fór hann á náttúrugripasafn í Bandaríkjunum og sá þar meðal annars beinagrind af risaeðlu og benti foreldrum sínum á að það vantaði einn hryggjarlið í hálsinn. Þá hafði hann mikla ánægju af því að byggja hluti og voru legókubbar í miklu uppáhaldi hjá honum.

Upp úr tíu ára aldri byrjaði Andri að yrkja og gaf oft litlar ljóðabækur í jólagjöf sem hann hafði brotið um og bundið inn sjálfur. Andri útskrifaðist af eðlisfræðibraut úr Menntaskólanum við Sund en lengi framan af var búist við að hann myndi annað hvort nema raunvísindi eða feta í fótspor foreldra sinna í háskóla. Hann gerði reyndar máttlausa tilraun til að læra læknisfræði en snerist fljótt hugur og skráði sig í íslensku og útskrifaðist með BA-próf árið 1997. Foreldrum Andra þykir það víst bót í máli að þótt hann hafi ekki gengið í heilbrigðisstéttina sjálfur er konan hans, Margrét Sjöfn Thorp, hjúkrunarfræðingur. Saman eiga þau þrjú börn; Hlyn Snæ, Kristínu Lovísu og Elínu Freyju.



Samdóma álit þeirra sem þekkja Andra er að hann sé fluggreindur, einstaklega frjór, skapandi og mikil tilfinningavera, ljúfmenni og náttúrubarn. Spurðir um galla rak alla í rogastans. Hann getur átt til að klökkna yfir því sem honum þykir fallegt og kemst jafnan á mikið flug þegar hann talar um það sem skiptir hann máli. Hann er þó alls enginn skýjaglópur; einn vinur hans komst svo að orði að Andri væri með fæturna á jörðinni en fingurna í himninum. Hann þykir traustur vinur og á auðvelt með að drífa aðra áfram. Hann hefur haft skriftir að aðalstarfi frá árinu 1996; til að byrja með gaf hann út ljóðabækur og smásögur sem vöktu athygli auk þess sem hann samdi leikritið Náttúruóperuna fyrir leikfélag Menntaskólans við Hamrahlíð en úr þeirri sýningu spratt meðal annars hljómsveitin múm. Hann stimplaði sig rækilega inn árið 1999 með barnabókinni Sögunni af bláa hnettinum sem hlaut meðal annars Íslensku bókmenntaverðlaunin og hefur verið gefin út víða erlendis. Tveimur árum síðar kom út bókin Lovestar sem hlaut góða viðtökur almennings og gagnrýnenda og var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

Aldrei þarf að kreista hugmyndir úr Andra Snæ og býr hann yfir þeirri náðargáfu að nálgast hversdaglega hluti á frumlegan hátt. Um leið getur verið erfitt að beisla hugmyndaflóðið og að setja punktinn. Þetta er vandi sem getur tekið útgefendur á taugum, en bliknar víst í samanburði við kostina, því betra er að vinna með þeim sem hefur of margar hugmyndir en of fáar. Hann er sífellt að velta samtíma sínum fyrir sér og hefur puttann iðulega á púlsinum, eins og sannast í Draumalandinu.

550 5000
Hringdu ef blaðið berst ekki


FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið




NEW YORK

TILBOÐ 36.900* KR.

+ Bókaðu á www.icelandair.is

Ferðatímabil: 24. apríl–12. júní (síðasta heimkoma).
Sölutímabil: 24. mars–27. mars.
20% afsláttur fyrir börn yngri en 12 ára.
Takmarkað sætaframboð.

Eingöngu bókanlegt á netinu.

* Innifalið: flug báðar leiðir með flugvallarsköttum.

ALLT AÐ 140 FLUG Á VIKU TIL 22 ÁFANGASTAÐA

VILDARPUNKTAR

VISA

Þessi ferð gefur 4.200 Vildarpunkta.

ICELANDAIR
www.icelandair.is

# Mikilihvellur og apaspil

Í Dagbók Þráins Bertelssonar er sagt frá Miklahvelli á Laugarvatni og alþjóðlegri eftirspurn eftir íslenskum ribbaldahætti; fjallað er um þrjátíu milljón týndar ferðatöskur og sýnilegar og ósýnilegar varnir. Síðan víkur sögunni að olíufurstum, Ríkislögreglustjóraembættinu og apaspili og lýkur í pulsuvagni í Kaupmannahöfn.



**LAUGARDAGUR, 18. MARS**

## Miklihvellur á Laugarvatni

Mikið eru börnin í grunnskólanum **á Laugarvatni** heppin að hafa kennara eins og **Sigurð St. Helgason**, mann sem elskar bæði náttúruna og lífið og er jafnvígur á kennslubækur og bók náttúrunnar. Í stóru landi hefði hann orðið nokkurs konar David Attenborough, alhliða uppfræðari fólksins en hérna varð þessi hámenntaði lífeðlisfræðingur brautryðjandi í fiskeldi og svo þegar hann þreyttist á því að ala upp laxfiska fór hann að ala upp börn.

Við skruppum austur til að heimsækja Guðrúnu og Sigurð og fengum að skoða fræðasetur sem Sigurður rekur með nemendum sínum, grunnskólakrökkunum þarna á Laugarvatni, í gömlu gróðurhúsi. Þar er greinilega margt rannsakað því að þar gat að líta allt frá uppstoppuðum selsham upp í gríðarlega áhrifamikið málverk af sköpun heimsins, sem vísindamenn kalla Miklahvell sín á milli.



**MÁNUDAGUR, 20. MARS**

## Eftirspurn eftir íslenskum ribbaldahætti



Útgefandinn minn segir mér að þýskir útgefendur séu að bjóða í bókina mína **Valkyrjur**. Það er kannski vísbending um að alþjóðleg eftirspurn sé að myndast eftir bókum um ribbaldahátt og spillingu í íslenskri pólitík og viðskiptum. Það er ekki við mig að sakast út af því. Ég skrifa bara um það sem ég sé í kringum mig. Rithöfundar eru eins og blessuð börnin sem læra það sem fyrir þeim er haft.

**ÞRIÐJUDAGUR, 21. MARS**

## Þrjátíu milljón töskur og tölvunámskeið



Ég er greinilega ekki eini maðurinn sem hefur lent í því að farangurinn minn hefur týnst. Á síðasta ári rötuðu **þrjátíu milljón ferðatöskur** ekki rétta leið á áfangastað með farþegaflugi. Flestar þeirra komust þó á endanum í hendur réttra eigenda, en meira en 200 þúsund töskur fundust þó aldrei. Það eru því sæmilegar líkur á því að maður sjái farangurinn sinn aftur þegar maður bregður sér til útlanda.

Ég hef ekki heyrt múkk í byggingarfulltrúa Reykjavíkur þrátt fyrir nokkra tölvupósta og þrátt fyrir blaðaskrif um þessar furðulegu **framkvæmdir við Hlaðvarpann**. En á netinu finn ég fundargerð frá fundi í Skipulagsráði Reykjavíkur. Þar stendur:

„Lagt fram bréf byggingarfulltrúa dags. 10. mars s.l., vegna stöðvunar framkvæmda á lóðinni nr. 3 við Vesturgötu.

Stöðvun byggingarfulltrúa á framkvæmdum staðfest.“

Þetta bendir ótvírætt til þess að ég hafi ekki verið að bulla þegar ég hélt því fram að byggingaraðilar væru að brjóta lög.



Ekki hefur þessi stöðvun þó haft nein sjáanleg áhrif á framkvæmdirnar því að þarna eru daglega um 20 manns að störfum og hamast við að byggja - væntanlega undir **stjórn byggingameistarans tommustokkslausa**.

Í kvöld settist ég á skólabekk. Byrjaði á 80 stunda tölvunámskeiði að læra að nota forritin Photoshop, Illustrator, InDesign, Acrobat og eitthvað fleira. Það er náttúrlega geggjun fyrir mann á mínum aldri að ætla að eltast við nútímann. En eitthvað verður maður að gera til að halda heilasellunum í þjálfun.

Ég var dáldið taugatrekktur í byrjun, spenntur að takast á við nýtt verkefni og um leið hræddur um að standa ekki undir því. Svona líður sennilega börnum þegar þau byrja í skóla.

Að sjálfsögðu er ég aldursforsetinn á námskeiðinu. Og **tossinn í bekknum**. Ég verð ábyggilega með harðsperrur í heilanum í fyrramálið.

**MIÐVIKUDAGUR, 22. MARS**

## Sýnilegar og ósýnilegar varnir



Ekki skil ég allt þetta raus um varnarmál og allra síst einhverjar síendurteknar fullyrðingar um að hér verði að vera **„sýnilegar varnir“**. Ég hefði talið að það lægi í augum uppi (ef svo má að orði komast) að „ósýnilegar“ varnir væru miklu kraftmeiri en þær sýnilegu. En hvað sem því líður virðast menn hafa þeim mun minna vit á varnarmálum sem þeir gaspra meira um þau.

Eitt gleymist í þessari umræðu og það er sú einfalda staðreynd að hvort sem við njótum sýnilegrar eða ósýnilegrar verndar þá erum við í varnarbandalaginu **NATO** og árás á eina þjóð í því félagi jafngildir árás á þær allar.



Á þessum tímum einkavæðingar væri það fáránlegt að búa til nýtt ríkisbákn með því að stofna her. Miklu nær væri einfaldlega að kaupa smáauglýsingu í því sérstæða tímariti **Soldier of Fortune** og óska eftir málaliðum.

Líka mætti hugsa sér að leita eftir tilboði í landvarnir hjá Frönsku útlendingahersveitinni sem er þaulvön því að líta eftir smáþjóðum. Útlendingahersveitin er til dæmis með herstöð á Fílabeinsströndinni sem einnig hefur auga með Tógó og Benín og getur verið komin þangað á innan við þremur tímum ef ófriður brýst út.

Við gætum tekið nokkur herfylki á leigu, og til að hafa einhverjar tekjur á móti gætum við gert þessi herfylki út í víkingaferðir. Í fyrsta lagi gætum við látið liðið ræna flugvél til að koma sér hingað ókeypis eða skipi. Í annan stað gætum við lagt undir okkur bæði Færeyjar og Grænland, og smám saman byggt upp stórveldi hérna.



Við gætum sem sagt **tekið herflokk á leigu** og gert reksturinn sjálfbæran með því að fela hernum að fara í varnarstríð við nágrannaþjóðir okkar. Og það gæti komið sér vel að hafa aðgang að vaskri drengjasveit, til dæmis ef Danir þrjóskast við og halda áfram að birta nýjar og nýjar greiningar á íslensku efnahagslífi.

Við gætum **falið Frönsku útlendingahersveitinni** að kenna Dönum að sókn er besta vörnin.

**FIMMTUDAGUR, 23. MARS**

## Næsti, gjöri svo vel ...



Það er ekki öll vitleysan eins. **Þrákálfurinn** sem var fenginn til að hlaupa í skarðið sem ákærandi í hinu ámátlega Baugsmáli er búinn að áfrýja sýknudóminum fræga til hæstaréttar.



Þetta kalla ég að kunna ekki að skammast sín. Enda vandar sá dagsfarsprúði maður **Jóhannes í Bónus** þessu liði ekki kveðjurnar:

„Jóhannes Jónsson í Bónus mætti til skýrslutöku til Ríkislögreglustjóra í morgun, harðákveðinn í að tjá sig ekki við starfsmenn embættisins, og sagði Baugsmálið fjögurra ára apaspil.“

Fer ekki að verða kominn tími til að **Alþingi Íslendinga taki í taumana**? Hefur Ríkislögreglustjóraembættið ekkert þarfara að gera heldur en halda áfram að ofsækja menn sem ýmist hafa verið sýknaðir af sakargiftum eða dómstólar, allt upp í hæstarétt, hafa vísað málatilbúnaði embættisins frá sér?

Væri ekki nær að drífa í því að sækja til saka **glæpamennina í Olíumálinu** sem sumir hverjir eru búnir að viðurkenna sekt sína, og hljóta að bíða í ofvæni eftir að koma fyrir dómara og fá syndakvittun? Það er hreinn dónaskapur að láta olíufurstana bíða svona lengi eftir allt sem þeir hafa afrekað.

Alla vega er þetta apaspil orðið nokkuð langdregið. Og jafnvel þótt hinir ákærðu í þessu máli séu nógu stöndugir til að geta borið hönd fyrir höfuð sér hlýtur maður að spyrja:

Á hvern verður ráðist næst?

Og hver er það annars sem gefur þegar spilað er apaspil?

**FÖSTUDAGUR, 24. MARS.**

## Bankar eða pulsuvagn?



Þýska forlagið dtv keypti Valkyrjur í gær. Þeir gefa út marga helstu metsöluhöfunda heimsins.

Nú er spurning hvort maður ætti að **fjárfesta í pulsuvagni** í Kaupmannahöfn?

Eða treysta íslensku bönkunum?


MUNDU EFTIR VISA AFSLÆTTINUM!




Bókaðu bíl með Avis í mars og borgaðu með VISA

VISA

Hafðu samband við sölufulltrúa okkar í síma 591 4000 eða bókaðu bíl á www.avis.is

AVIS

We try harder.

Við leggjum okkur fram

Knarravogi 2 / Sími: 591 4000 / www.avis.is

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

# ALÍSLENSK SKEMMTIDAGSKRÁ Í KVÖLD

Stelpurnar kl. 19:45 | Bestu Strákarnir kl. 20:10 | Það var lagið kl. 20:40










GOTT FÓLK McCANN


30% Afsláttur
Krydduð lambasteik 1.119 kr./kg.
399 kr./kg.
Goða súpukjöt lítill poki
35% Afsláttur
Móa kjúklingaleggir 389 kr./kg.
Ömmubakstur eldbakaðar pizzur 3 teg.
299 kr./stk.
Myllu heilhveitibrauð
99 kr./stk.
Krónuís 1L 3 teg.
159 kr./stk.
ÍSKEX FYLGIR ÖLLUM 1L KRÓNUÍS
Hellmanns majones 509g
199 kr./stk.
Náttúra appelsínusafi
79 kr./stk.
Meira úrval
Vínber rauð
219 kr./kg.
Vatnsmelónur
69 kr./kg.
Blómká
14
SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN
Skeifan: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-18
Bíldshöfði: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
Hringbraut: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
Breiðholt: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Norðurbrún: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Hvaleyrarbraut: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Mosfellsbær: Allir dagar 12-23
Selfoss: virkir dagar 11-19, föstudagar 11-20, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
Vestmannaeyjar: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
Þorlákshöfn: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 11-16


Virk Sam-keppni
KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
MEIRA MAGN LÆGRA VERÐ
NAGGAR
30% Afsláttur
Naggar 3 teg.
349 Mynda-albúm 200 mynda
kr./stk.
25% Afsláttur
Fjörfiskur forsteiktir fiskréttir
Fisk krili
Kelloggs Corn Flakes 750g
298
kr./pk.
Kellogg's
CORN FLAKES
Góu tvenna Hraun- og Æðibitar
319
kr./pk.
ÆÐI BITAR
Rjómaostur 120g 5 tegundir
104
kr./stk.
LAVAZZA
QUALITÀ ROSSA
Lavazza kaffi 2 x 250g
499
kr./pk.
8
kr./kg.
Garnier hárlitur 16 litir
899
kr./pk.
Bounty select eldhúsrúllur 3 stk.
399
kr./pk.
% MEHR BLÄTTER
Bounty
MONSTER ROLLEN
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

## UMMÆLI VIKUNNAR

*„Það virðist sem um hannaða atburðarás sé að ræða vegna þess að hæstvirtur utanríkisráðherra, formaður Sjálfstæðisflokksins, treysti sér ekki til að koma heim með það sem niðurstöðu í samningum að herinn væri að fara. “*

*Össir Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, í umræðu um varnarliðið á Alþingi á mánudag.*

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

## Úr bakherberginu...

**Menúett**

Menn geta velt því fyrir sér hversu vel utanríkisþjónustan les bandarísku fjárlögin fyrir Geir Haarde og Halldór Ásgrímsson. Svo sem fram hefur komið var Halldóri ekki kunnugt um að ekki hafði verið gert ráð fyrir grænum eyri til herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli á þeim fjárlögum sem gildi taka í Bandaríkjunum í október næstkomandi.

Halldór ber því við að Bandaríkjaforseti væri með málið hjá sér og tæki endanlega ákvörðun um þetta og kvaðst auk þess ekki kunna að lesa bandarísk fjárlög.

Jónas Kristjánsson ritstjóri heimasíðu sinnar sér óvæntan flöt á stöðunni sem upp er komin í varnarmálunum: „Afrek utanríkisráðherranna Davíðs Oddssonar og Geirs H. Haarde í samskiptum þeirra við Bandaríkin út af andláti hersetunnar minna okkur á, að nú verða skemmtilegir tímar í utanríkisþjónustunni. Alls konar ljúfmenni í stétt erlendra utanríkisráðherra munu vilja styðja framboð Halldórs Ásgrímssonar til Öryggisráðsins gegn því að við styðjum hugsjónamál þeirra, svo sem morð og önnur viðskipti. Geir H. Haarde verður fullsaddur af heimsveldi Íslands, áður en hann kemur Halldóri í Ráðið. Það er seintekinn gróði að dansa franskan menúett við diplómata heimsins.“



**Danir tapa fé á Íslandi**

Den Danske Bank hefur dálítið fengið að heyra það síðan hann sendi íslenskum útrásarvíkingum tóninn og reyndi að tala niður stöðugleikann eins og einhver hefði sjálfsagt orðað það.

Guðmundur Ólafsson hagfræðingur rifjaði upp í þætti Sigurðar G. Tómassonar á NFS um miðja vikuna, að téður banki hefði farið langt með það á sínum tíma að setja Færeyinga á hausinn.

Þá fór Jafet Ólafsson viðskiptafræðingur og fastur fjármálaskýrandi á NFS yfir helstu hreyfingar á markaðnum síðastliðinn fimmtudag og sagði afkomu velflestra skráðra fyrirtækja á markaði hafa verið vonum framar á fyrsta ársfjórðungi. Nema Icelandic, sem menn þekktu til skamms sem eitt stærsta fyrirtæki landsins undir merkjum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Það hefði tapað stórfé á síðasta ársfjórðungi síðasta árs. Gerð er grein fyrir þessari slöku afkomu á vef Fish Update 22. mars þar sem segir af hálfs milljarðs króna tapi á starfseminni í Grimsby.

Jafet leit á lista stærstu 20 hluthafanna og komst að því að þeirra á meðal er Den Danske Bank. – Von að menn séu súrir í Danaveldi.

## VIKA Í PÓLITÍK

JÓHANN HAUKSSON

# Af íhaldssemi



Við ölumst upp við þann skilning að fortíðin sé óumbreytanleg. Fræðimenn skrái óhagganlegar staðreyndir fortíðarinnar með vísindalegum aðferðum. En þetta er einföldun. Sérhver einstaklingur kannast við atvik á lífshlaupinu sem verða til þess að varpa ljósi á atvik úr fortíðinni og breyta skilningi á þeim. Þar með hefur fortíð viðkomandi breyst með ákveðnum hætti.

Eins er farið með sagnfræðina.

Fróðlegt er í þessu ljósi að lesa inngangsorð Dr. Jóhannesar Nordal í yfirlitsriti um félagsfræði á Íslandi sem gefið var út árið 2004. Sem seðlabankastjóri ritaði Jóhannes um langt árabil greinar í Fjármálatíðindi: Jón Sigurðsson, fyrrverandi ráðherra og bankastjóri, færði þetta í tal þegar hann afhenti Jóhannesi viðurkenningu hagfræðinga fyrir fáeinum misserum: „Í þeim tókst honum að taka á efnahagsvanda líðandi stundar með ljósum orðum og skiljanlegum. Jafnframt voru leiðararnir oft eins og gluggi til umheimsins... Áður en greining í efnahagsmálum tók að flæða yfir lönd fyrir tilstilli nýrrar upplýsingatækni var þessi sýn út á við mikilvæg – og oft skýrari en verður í síbyljunni nú.“

Jóhannes rekur í áðurgreindum inngangi að Íslendingar hafi efnast vel í síðari heimsstyrjöldinni. En þeir hafi verið íhaldssamir og auk uppbyggingar í sjávarútvegi hafi þeir lagt áherslu á sjálfsþurftarbúskap með eflingu landbúnaðar og verndaðs iðnaðar. „Þessi íhaldssemi í atvinnumálum studdist við víðtæk höft á öll viðskipti við umheiminn sem drógu úr samkeppni og erlendum áhrifum, en hvort tveggja var Þrándur í Götu aukinnar fjölbreytni og nýjunga.“ Við þetta bætir Jóhannes að íhaldssemin hafi ekki síður komið fram í áhugaleysi um að efla vísindi og háskólanám.

Nú er eins víst að Jóhannes hafi ekki skynjað íhaldssemina þegar hann sinnti störfum sínum sem seðlabankastjóri frá árinu 1961. En dæmi hans er umhugsunarvert. Stjórnmálamenn samtímans þurfa nefnilega mjög á því að halda þessa dagana að rýna vel í fortíðina og endurskoða hana í ljósi atvika samtímans í velferðar-, efnahags- og varnarmálum þjóðarinnar. Og læra.


# Nærðu þig rétt!

Í dag mun **Birgitta Jónsdóttir Klasen** náttúrulæknir og rithöfundur veita persónulega ráðgjöf um næringu **í Hagkaupum Kringlunni frá kl. 14 - 17.**

Allir sem mæta fá næringartöflu og ráðleggingar um betri heilsu.



**Birgitta Jónsdóttir Klasen**
náttúrulæknir og rithöfundur

Hagkaup Kringlunni
kl. 14 - 17

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla


# Lækkun skatta og velferð

**Ríkisstjórnin lækkar skatta og boðar mikið aðhald í ríkisútgjöldum. Hún vill líka jafnan aðgang þegnanna að heilbrigðisþjónustu og menntun. Bent var á það á Alþingi í vikunni að slík velferð þegnanna kostar peninga. Allt þetta snýst á endanum um fólk.**



**ALDRAÐIR** Fjármálaráðherra vildi engu svara í vikunni um það hvort til greina kæmi að hætta að hluta til við lækkun tekjuskatts til að fjármagna vaxandi hjúkrunarvanda aldraðra.

„Við áttum að horfa til framtíðar, breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar, samgangna, mannfjöldaspár og svo framvegis. Nefndin öll, óskipt og í fullri sátt, skilaði ráðherra sjö veigamiklum tillögum sem allar miða að því að efla heilbrigðisþjónustuna til hagsbóta fyrir sjúklinga, það er, gera skýrari verkaskiptingu og ábyrgð; auka gagnsæi, meðal annars með kostnaðargreiningu; auka skilvirkni og hagkvæmni í rekstri heilbrigðisþjónustunnar.“

Þannig mælti Jónína Bjartmarz, þingmaður Framsóknarflokksins, í utandagskrárumræðum í vikunni um nýja skýrslu sem stundum er við hana kennd.

**Hingað og ekki lengra**

Skilja mátti á þingmönnum í umræðunni, að efni skýrslunnar væri allrar athygli vert. En þegar skýrsluhöfundar hvöttu til umræðna um það hvort efnafólk ætti að fá forgang að heilbrigðisþjónustu, eða verða heimilt að kaupa sig fram fyrir biðlista, þá brast strengur í íslensku jafnaðarsálinni. Hingað og ekki lengra. Þingmenn og ráðherrar áréttuðu að efnafólki yrði ekki veittur slíkur forgangur. Tvöföldu kerfi yrði ekki komið á fót. Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra vitnaði um þetta í stjórnarsáttmálann: „Það sjónarmið væri hvorki í anda stefnu Framsóknarflokksins né stjórnarsáttmálans frá 2003, en þar er undirstrikað að allir landsmenn eigi að hafa greiðan aðgang og jafnan að heilbrigðisþjónustu óháð aldri, búsetu og efnahag.“

**Vaxandi vandi**

Hér má staldra við tvö atriði. Að sögn Jónínu var nefndinni meðal annars falið að fjalla um breytta aldurssamsetningu þjóðarinnar og mannfjöldaspár.



**JÓNÍNA BJARTMARZ** Jónína áréttar að nefndinni hafi verið falið að horfa til framtíðar og leggja fram tillögur. Ekki hafi verið lagt til að efnafólk fengi að kaupa sér forgang í heilbrigðiskerfinu.



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR** Ríkisstjórnin ætlar að auka aðhald í ríkisútgjöldum og lækka skatta. Kemur það niður á markmiðum ríkisstjórnarinnar um jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu?

Árið 1987 spáði framkvæmdanefnd um framtíðarkönnun á vegum forsætisráðuneytisins að Íslendingar yrðu 262 þúsund um aldamótin 2000. Reyndin varð 283 þúsund og skakkaði þar um 20 þúsund einstaklingum eða 7,4 prósentum af heildarmannfjölda sem telst mikið.

Í ritinu Landshagir frá 2001 er gert ráð fyrir að íbúar landsins verði orðnir 364 þúsund árið 2040. Vitað er með vissu að hlutfallslega mun öldruðum fjölga umtalsvert á þessum tíma enda verður sú fjölmenna kynslóð sem nú heldur uppi óvenju miklum hagvexti þá komin á eftirlaun.

Í grein um lýðfræði Íslands í Íslenskri félagsfræði, sem kom út árið 2004, segir Stefán Hrafn Jónsson að efnahagsleg áhrif öldrunar verði seint ákvörðuð til fullnustu, en ljóst að áhrif væntanlegra breytinga á aldurssamsetningu mannfjöldans á vinnumarkað og velferðarkerfi landsins verði mikil. „Hvers kyns þjónusta við aldraða og þá sem sent hafa í helgan stein kemur til með að aukast mjög. Starfsemi heilbrigðisstofnana kemur til með að breytast til muna þar sem leggja þarf sífellt meiri áherslu á sjúkdóma sem herja á eldri þegna þessa lands.“

**Eiga menn að borga sjálfir?**

Kristinn H. Gunnarsson, flokksbróðir Jónínu og Sivjar, spurði fjármálaráðherra á þingi í vikunni hvort hann teldi koma til greina að sleppa því að lækka tekjuskatt um tvö prósentustig um næstu áramót. Lækka skyldi í staðinn skattinn aðeins um eitt prósentustig en þar við fengi ríkissjóður áfram fimm til sex milljarða króna til ráðstöfunar. Ekki veitti af og taldist Kristni til að það kostaði um þrjá milljarða króna á ári að leysa brýnan hjúkrunarrýmis- og aðstöðuvanda vaxandi fjölda aldraðra. „Því til viðbótar er rétt að geta þess að samkvæmt mannfjöldaspám Hagstofu Íslands er gert ráð fyrir að landsmönnum fjölgi um 16 prósent á næstu 20 árum en þeim sem eru áttræðir og eldri muni fjölga um 36 prósent. Þörf fyrir hjúkrunarrými mun á næstu árum aukast frá því sem nú er,“ sagði Kristinn.

**Meira svigrúm einstaklinga**

Á endanum verður velferðarþjóðfélagið að gera upp við sig hvaða leiðir skuli farnar. Hér vísa skattalækkunaráform ríkisstjórnarinnar ljóslega í þá átt að færa skuli einstaklingunum meira svigrúm til þess að ráðstafa sínum tekjum; auka einkaneyslu á kostnað samneyslu. Hvort þetta er á endanum samþýðanlegt sáttmála ríkisstjórnarinnar um „að allir landsmenn eigi að hafa greiðan aðgang og jafnan að heilbrigðisþjónustu óháð aldri, búsetu og efnahag,“ eins og Siv gat um á Alþingi í vikunni, skal ósagt látið.

Guðný Björk Eydal, lektor við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands, segir um íslenskt velferðarkerfi í sömu bók og hér var vitnað til að ofan, að það hafi svipmót norræns velferðarkerfis: „En hið íslenska kerfi er ólíkt kerfum hinna Norðurlandanna þegar litið er til velferðarútgjalda því hvergi í Evrópu hafa þau mælst lægri en hérlendis á undanförnum árum. Prófessor Stefán Ólafsson hefur þess utan sýnt fram á að félagsleg þjónusta og almannatryggingar nái varla máli hér á landi í samanburði við aðrar Norðurlandaþjóðir.“

Svo er sjá að með auknu valfrelsi skattaparadísar þurfi einstaklingarnir oftar að taka upp budduna. Þarf þá ekki að vera jafn mikið í þeim ef tryggja á jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustunni.

johannh@frettabladid.is

# Vaxtalaus tilboð

## Dupen rúmin eingöngu fáanleg í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri




DINAMICA

**VAXTALAUS TILBOÐ**

| Rúmstærð | verð frá | mánuðir | stgr. |
|---|---|---|---|
| 90 x 200 | 1.800 kr* | 13 mán. | 23.400.- |
| 120 x 200 | 2.300 kr* | 13 mán. | 29.900.- |
| 150 x 200 | 2.800 kr* | 13 mán. | 36.400.- |




ORTOPEDICA

**VAXTALAUS TILBOÐ**

| Rúmstærð | verð frá | mánuðir | stgr. |
|---|---|---|---|
| 90 x 200 | 3.500 kr* | 13 mán. | 45.500.- |
| 120 x 200 | 4.600 kr* | 13 mán. | 59.800.- |
| 150 x 200 | 5.100 kr* | 13 mán. | 66.300.- |
| 180 x 200 | 6.000 kr* | 13 mán. | 78.000.- |




*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

- Hágæða efni með 100% bómull
- 9-10 lög af efnum í hverju rúmi
- Sérstök öndun í rúmunum
- Sérstaklega löguð rúm fyrir bakveika
- Dupen rúmin hafa slegið í gegn í 55 þjóðlöndum
- Þýskt gæða gormakerfi í rúmunum
- Í hverju rúmi eru allt að 416 gormar
- Sérstaklega styrkt í köntum og hornum
- Efnin í rúminu eru sérstaklega ofnæmisprófuð

Vaxtalaust tilboð!
aðeins 3.499 kr*
á mán. í 10 mánuði
Verð 34.990,-



**Svefnsófi**
3ja sæta
blár, svartur, rauður

Vaxtalaust tilboð!
aðeins 2.999 kr*
á mán. í 10 mánuði
Verð 29.990,-



**Svefnsófi**
3ja sæta
blár, svartur, rauður

Vaxtalaust tilboð!
aðeins 1.299 kr*
á mán. í 10 mánuði
Verð 12.990,-



**Stóll**
með snúningi
blár, svartur, rauður

Gildir til 27. mars eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

CLAUDE DEBUSSY (1862-1918)
LÉST ÞENNAN DAG

*„Umfram allt, herrar mínir og frúr, verðið þið að gleyma að þið séuð söngvarar.“*

***Franski snillingurinn Debussy hafði ákveðnar skoðanir á því hvernig tónlistin hans skyldi flutt.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 25. MARS 1957

## *Ríki Evrópu skrifa undir sáttmála í Róm*

Á þessum degi árið 1957 skrifuðu nokkur ríki Evrópu undir svokallaða Rómarsáttmála sem marka upphaf Evrópusambandsins eins og við þekkjum það í dag.

Sáttmálarnir eru tveir talsins og varð annar þeirra mikið frægari en hinn en það er stofnsáttmáli Evrópubandalagsins. Minna hefur farið fyrir Rómarsáttmálanumum stofnun Evrópska bandalagsins um kjarnorku sem átti að stuðla að friðsamlegri nýtingu kjarnorku.

Sex ríki stóðu að samningunum en það voru Belgía, Frakkland, Holland, Ítalía, Lúxemborg og Vestur-Þýskaland. Tilgangur bandalagsins var að stuðla að samkennd meðal ríkja Evrópu eftir seinni heimsstyrjöldina. Undirliggjandi var líka trygging á því að Þýskalandi og Frakklandi lenti ekki saman á ný.

Frá undirritun Rómarsáttmálana hefur Evrópusambandið vaxið á ógnarhraða en sáttmálinn aldrei misst gildi sitt. Í honum er að finna mörg af meginmarkmiðum Evrópusambandsins sem litið er til í dag eins og fyrir fimmtíu árum. Rómarsáttmálinn og Maastricht-sáttmálinn frá 1991 mynduðu hálfgerða stjórnarskrá Evrópusambandsins þangað til eiginleg stjórnarskrá var gerð nú á dögunum.



HÖFUÐSTÖÐVAR ESB Í BRUSSEL

## MERKISATBURÐIR

**1807** Breska þingið afnemur þrælahald í Vestur-Indíum.

**1838** Póstskip kemst til landsins eftir miklar hrakningar en það átti að leggja að í nóvember árið áður.

**1901** Fyrsti Mercedes-bíllinn er frumsýndur á bílasýningu í Nice.

**1975** Friðlýsing Vatnsfjarðar í Barðastrandarsýslu er samþykkt og friðlandið um eitt hundrað ferkílómetrar að stærð.

**1975** Faísal konungur af Sádi-Arabíu er skotinn til dauða af frænda sínum.

**1992** Alþingi samþykkir breytingar á lögum sem leyfir löndun á afla úr erlendum veiðiskipum.

---



*Fyrir okkar hönd, fjölskyldna okkar og annarra nákominna færum við öllum innilegar þakkir sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför*

**Böðvars G. Baldurssonar**
Smárarima 74, Reykjavík.

**Sérstakar þakkir færum við þeim sem önnuðust hann í veikindum. Guð blessi ykkur.**

**Gerður Jensdóttir**
**Grétar Böðvarsson**
**Signý Marta Böðvarsdóttir**
**Haukur Böðvarsson.**

---

*Bróðir okkar,*

**Jónas Helgason**
frá Gvendarstöðum,

sem andaðist á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga föstudaginn 17. mars, verður jarðsunginn frá Þóroddstaðarkirkju í dag klukkan 14.

**Rannveig Helgadóttir**
**Sæmundur Helgason**
**Oddur Helgason**
**Jórunn Helgadóttir**
**Kristín Helgadóttir**

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,*

**Kjartan Rósinkrans Stefánsson**
rafvirkjameistari,

lést á líknardeild Landakotsspítala þriðjudaginn 14. mars. Jarðsungið verður frá Háteigskirkju mánudaginn 27. mars. kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknar- og vinafélagið Bergmál.

**Skúlína Hlíf Kjartansdóttir** **Skúlína Sigurveig Stefánsdóttir**
**Guðrún Anna Kjartansdóttir** **Páll Á. R. Stefánsson**
**Elínborg Kjartansdóttir** **Össur S. Stefánsson**
**Stefán Rósinkrans Kjartansson** **Sjöfn Marta Hjörvar**
**Barnabörn og langafabörn.**

---



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Jóns Sigurðar Péturssonar**
Teigagerði 1, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til Hjúkrunarþjónustu Karitas.

**Herdís Sigurjónsdóttir**
**Magni Sigurjón Jónsson** **Kristín Björnsdóttir**
**Þorbjörg Jónsdóttir** **Jóhannes Á. Kristinsson**
**Borghildur Anna Jónsdóttir**
**Pétur Jónsson** **Sigrún Ólafsdóttir**
**Helga Björk Jónsdóttir** **Daníel B. Gíslason**
**Áki Ármann Jónsson** **Alda Þrastardóttir**
**Barnabörn og barnabarnabörn.**

---



**SIGURÐUR KARLSSON** Fær nánustu fjölskyldu í heimsókn til Finnlands í tilefni af sextugsafmælinu. Þrátt fyrir að vera leikari á eftirlaunum er Sigurður með nóg á prjónunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SIGURÐUR KARLSSON: SEXTUGUR Í DAG

# Vill sitja með tærnar upp í loftið og gera ekki neitt

Sigurður Karlsson vill sjálfur kalla sig leikara á eftirlaunum. Hann heldur upp á sextugsafmælið sitt í borginni Turku í Finnlandi þar sem hann býr nú, aðallega við leik, en einhver störf svona til hliðar.

„Ég er að skemmta mér við að þýða úr finnsku en það er hæfilega erfitt og reynir á höfuðið. Ég hef alltaf haft meiri trú á heilaleikfimi en vöðvaleikfimi,“ segir Sigurður hæstánægður með lífið og tilveruna. Eftir að hafa verið leikari í fjörutíu ár fannst Sigurði tími til kominn að breyta til. „Ég ákvað að fara að læra finnsku og hef verið að læra hana bæði við háskólann og með ýmsu öðru móti. Finnska er mjög spennandi tungumál.“

Sigurður segir lífsmunstur sitt vera þægilegt og vildi helst ekki hafa það öðruvísi. „Mér finnst voðalega notalegt að ráða mínum tíma. Ég hef nóg að gera og hef eiginlega ekki mátt vera að því að njóta þess að vera ekkert að gera. En ég stefni að því að setjast niður með tærnar upp í loftið og gera ekki neitt.“ Hann sér þó ekki fyrir sér nákvæma tímasetningu á því hvenær hælarnir fara að vísa niður fyrir alvöru en veit að það verður að minnsta kosti ekki fyrr en sumri fer að halla. „Í sumar stendur til í annarri borg hérna í Finnlandi að setja upp íslenskt leikrit í svokölluðu sumarleikhúsi. Borgar Garðarsson ætlar að leikstýra leikritinu „Þið munið hann Jörund“ eftir Jónas Árnason og hann vill að ég verði með í því og leiki eina Íslendinginn í leikritinu. Mér finnst spennandi tilhugsun að fá að prófa þetta finnska sumarleikhús sem er gjarnan undir berum himni,“ segir Sigurður og tekur undir með blaðamanni að verkefnið sé mjög spennandi, svona fyrir fyrrverandi leikara.

Hann er því með margt á prjónunum og kippir sér ekki upp við lítilræði eins og sextugsafmæli. „Þetta gerist hvort sem maður gerir eitthvað í því eða ekki. Afmælið var bara tækifæri fyrir mig að bjóða fólki að koma hingað,“ segir Sigurður. Hann býst við um tuttugu manns í „voðalega flottan mat“ á veitingahúsi í bænum. „Ég lét það boð út ganga að þeir sem gerðu sér erindi og kæmu í heimsókn til mín fengju að minnsta kosti eitthvað að borða. Tíu manna hópur ákvað að koma frá Íslandi og eru það nánustu ættingjar ásamt kærustum og mökum. Svo á ég von á ýmsu fólki sem ég hef verið í tengslum við hérna í Finnlandi og við ætlum bara að hafa það skemmtilegt.“

---

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ásthildur Magnúsdóttir**
frá Tjaldanesi,

andaðist á Landspítala Háskólasjúkrahúsi fimmtudaginn 23. mars sl. Útförin fer fram frá Digraneskirkju í Kópavogi fimmtudaginn 30. mars nk. og hefst athöfnin kl. 15.00. Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Kristjón, Hólmfríður og Lára Sigurðarbörn**
**Ásthildur, Guðrún og Þórarinn Magnúsarbörn.**

---

## ANDLÁT

**Guðmundur Geir Ólafsson**, Grænumörk 3, Selfossi, lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands þriðjudaginn 21. mars.

**Edith Olga Clausen**, Seljahlíð, áður Goðheimum 13, lést laugardaginn 18. mars. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Gunnhildur Gunnarsdóttir**, Hafnarbraut 20, Höfn í Hornafirði, lést á hjúkrunarheimilinu á Höfn miðvikudaginn 22. mars.

**Már Ágúst Björgvinsson** verslunarmaður, Hörgslandi á Síðu, lést fimmtudaginn 22. mars.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

## JARÐARFARIR

13.30 **Margrét Helgadóttir**, Reynivöllum 4, Selfossi, verður jarðsungin frá Selfosskirkju.

14.00 **Sverrir Sigurðsson**, Hlíðargötu 41, Fáskrúðsfirði, verður jarðsunginn frá Fáskrúðsfjarðarkirkju.

14.00 **Aðalheiður Þorsteinsdóttir** frá Litlu-Tungu í Holtum, Grænumörk 2, Selfossi, verður jarðsungin frá Árbæjarkirkju í Holtum.

14.00 **Erlendur Guðlaugsson**, Meiðastöðum, Garði verður jarðsunginn frá Útskálakirkju.

14.00 **Hermann Sigurvin Þorgilsson**, Hrísum, Fróðárhreppi, Ólafsvík, verður jarðsunginn frá Brimisvallakirkju í Fróðárhreppi.

NÚ ER ÞAÐ ÓDÝRT!

# Gullið tækifæri!

AF HVERJU AÐ BORGA MEIRA?

**Komdu í ORMSSON Smáralind og Akureyri**



Dekor Kastanie/800
VERÐ FRÁ KR.:
186.100,-



Horizon/3000
VERÐ FRÁ KR.:
299.400,-



NÝTT!

Dekor Ramme Hvid Eg/2000
Endingargóð hvít eikarhúðuð innrétting sem í samspili við kassalaga og stílhreinar línur skápanna gefa eldhúsinu heillandi blæ.



NÝTT!

Soft Lud/KH
VERÐ FRÁ KR.:
199.900,-

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu



SKÁPAR

Rennihurðir – Fataskápar
*Settu það saman* býður einnig upp á skemmtilegar skápasamstæður með rennihurðunum vinsælu. Einfalt að flytja, einfalt í uppsetningu. Mikið og fallegt úrval.

*Bjóðum úrval vandaðra og gullfallegra innréttinga í eldhúsið og baðherbergið ásamt fataskápum í svefnherbergi og geymslur á **frábæru verði**.*

*„Settu það saman"* er ósamsetta línan frá HTH.
Enginn afgreiðslufrestur – Afhent beint af lager.*
Kynntu þér málið – þú sérð ekki eftir því!



Horizon Hvid/3000
VERÐ FRÁ KR.:
86.436,-



Dekor Ramme Hvid Eg/2000
VERÐ FRÁ KR.:
59.330,-

AEG
ELDHÚSPAKKINN




TILBOÐ!!
33%
afsláttur

ALLUR PAKKINN
99.900,-

*Enginn eða mjög stuttur afgreiðslufrestur. Sölumenn okkar veita allar nánari upplýsingar.
Birt með fyrirvara um innsláttarvillur í texta og verðum.

RADIONAUST
ORMSSON
FURUVÖLLUM · AKUREYRI
*HTH-deild* · SÍMI 461-5003

**SETTU ÞAÐ SAMAN** HTH

Opið virka daga frá 11-19, laugardaga frá 11–18 og sunnudaga frá 13–18.

ORMSSON
SMÁRALIND · SÍMI 530-2900



# Bestir í kjöti!

Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár

Sparaðu 600kr.

GRÍSALAUNDIR ÚR KJÖTBORÐI

1.899 kr. kg

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

## Nóatún er með ánægðustu viðskiptavinina



20% afsláttur

MÓA KJÚKLINGA-BRINGUR

1.996 kr. kg



Sparaðu 600kr.

UNGNAUTA-INNRALÆRI ÚR KJÖTBORÐI

2.698 kr. kg



Sparaðu 600kr.

NÓATÚNS BAYONESKINKA

898 kr. kg




40% afsláttur




2 FYRIR 1

2 FYRIR 1 MYLLU FJÖLKORNABRAUÐ

259 kr. 2stk



Grand' Italia línan með 30% afslætti

# Gældu við bragðlaukana










**á matvörumarkaði skv. íslensku ánægjuvoginni**

# Lifðu lífinu í lit!

NÓATÚN







Mundu Chester Fried

NÓATÚN

OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA



**SIGURBERGUR BALDURSSON Í KIWANISKLÚBBNUM KÖTLU** Sigurbergur er bundinn við hjólastól en var áður starfandi tónlistarkennari og smiður. Hann segir félagsskap og starf innan Kiwanisklúbbsins Kötlu hafa gefið sér mikið og auðgað líf sitt, en Katla verður fertug í lok mánaðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Við höfum samskipti

Í vorinu hjólar sjö ára stúlka áköf og ánægð með rauðan hjálm á höfðinu. Á Barnaspítala Hringsins knúsar lítill drengur taudúkku sem hann plástrar gegn einsemd og lasleika, en í henni á hann þjáningarsystkini. Þau eiga hjálminn og dúkkuna Kiwanisklúbbnum Kötlu að þakka, en Katla heldur upp á fjörutíu ára afmæli sitt 31. mars. *Þórdís Lilja Gunnarsdóttir* fór á fund **Sigurbergs Baldurssonar**, fyrrverandi forseta Kötlu, en í veikindum hefur Katla orðið honum annað og meira en öðrum félagsmönnum.

Kiwanis er indjánamál og þýðir „Við höfum samskipti“. Fyrstu samskipti okkar Sigurbergs eru í rólegri götu í Hlíðunum: „Kom inn!“ heyrist kallað fyrir innan luktar dyr og þegar ég opna brosir hann mót mér úr hjólastól sem líkami hans hefur orðið æ háðari síðastliðin fjögur ár.

„Það eru tólf ár síðan ég fór að finna fyrir máttleysi og þreytu í vöðvum, en þá var ég að vinna í hljóðfæraverslun ásamt Rafni heitnum Jónssyni tónlistarmanni, sem nú er látinn úr MND-sjúdómnum. Það var um sama leyti og Rafn fékk greiningu sína að ég fékk mína, en það er fjölvöðvarýrnum sem er afar sjaldgæfur sjúkdómur sem virkar nákvæmlega eins og MND nema þar eyðileggja taugaboð vöðva líkamans, meðan næring frá kirtlastarfsemi stöðvar uppbyggingu vöðva líkama míns þegar ónæmiskerfið ræðst á vöðva sem óvini og eyðir þeim eftir því sem maður reynir meira á sig,“ segir Sigurbergur af æðruleysi, en hann má helst ekki blikka auga án þess að eyða vöðvum eins og hann orðar það í gríni.

„Þetta var heilmikið áfall til að byrja með, en þegar maður á ekkert val reynir maður að sætta sig við orðinn hlut. Væri ég að velta fyrir mér allan daginn hvað ég ætti bágt væri ég skælandi í koddann minn út í eitt. Auðvitað koma stundir sem ég verð dapur en ég hef að mestu unnið mig út úr þessu,“ segir Sigurbergur, sem í eirðarleysi daganna fann sér nýjan tilgang í starfsemi Kiwanisklúbbsins Kötlu.

„Einna verst við veikindi er hægagangur tímans. Maður dettur fljótt úr félagslegum tengslum og áttar sig á því hverjir eru hinir sönnu vinir. Þeim má líkja við bækur í bókaskáp, sem maður veit hvar eru þótt maður sé ekki alltaf að lesa í þeim. Þannig eru góðir vinir; maður getur alltaf bankað upp á og það er ætíð opnað. Þannig hefur það líka reynst með Kiwanisvini mína og þar af leiðandi gefið mér talsvert meira en mörgum öðrum að starfa með klúbbnum vegna þess að félagsleg þörf mín er standandi opin,“ segir Sigurbergur, sem eyðir drjúgum tíma í starf fyrir Kiwanis sem hann getur unnið heiman frá sér í gegnum tölvu.

„Mér finnst gott að leggja mitt af mörkum; þá líður dagurinn, ég hringi í menn og sendi bréf, þeir koma og allt gefur það mér samskipti við fólk. Það var því happ að komast í tengsl við þessa hreyfingu og mannbætandi að vera þar inni.“

### Foringjaefni og hugsjónir

Kiwanis er alþjóðahreyfing sem starfar að mestum hluta í Bandaríkjunum og Kanada, þar sem hún á uppruna sinn.

„Þegar hún flæddi yfir Evrópu var Ísland eitt hið fyrsta sem innleiddi Kiwanis utan Ameríku. Þá viðgengust hér mikil höft og gengisfellingar, og menn höfðu lítið við að vera. Til að byrja með stóðu að hreyfingunni forstjórar og ríkir menn sem sumir komu úr Frímúrarareglunni og hittust á hádegisfundum einu sinni í viku. Fyrsti klúbburinn var nefndur Hekla og tveimur árum síðar varð Katla til,“ segir Sigurbergur, sem sjálfur hefur verið tylft ára í hinni fertugu Kötlu.

„Kiwanis breiddist um landið eins og eldur í sinu fyrir tilstuðlan forstjóra sem margir höfðu rúman tíma, ferðuðust víða, en tóku með sér Kiwanis-félaga meðan þeir funduðu í sjávarplássum til að afla félaga. Alls eru Kiwanis-klúbbarnir fjörutíu talsins í dag; flestir á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Sigurbergur, sem fékk fyrst tilboð um inngöngu rúmlega þrítugur.

„Þá hafði ég engan áhuga enda vinnandi myrkranna á milli eins og títt var um fjölskyldufeður. Þegar veikindin tóku mig úr annríki vinnumarkaðarins og ég fór sjálfur að róast fór ég aftur á fund Kiwanis og fann strax að mér fannst gott að eiga þar staðfastan punkt og félagsskap,“ segir Sigurbergur, sem er menntaður tónlistarkennari, húsasmiður og skipasmiður.

„Megnið af starfsævinni starfaði ég við smíðar og hljóðfærakennslu, en þegar tómarúmið kom í kjölfar veikindanna áttaði ég mig á því að við konan fórum aldrei neitt né gerðum eitthvað saman. Ég hafði verið að spila allar helgar dinnertónlist á Skálafelli, Mímisbar og Grillinu, og konan átt sínar vinkonur sem hún hitti. Í Kiwanis kynntumst við einstökum manneskjum saman, en segja má að einkenni Kiwanis-manna sé mikið félagslyndi og þörf til að láta gott af sér leiða,“ segir Sigurbergur en Kiwanis-fundir eru haldnir tvisvar í mánuði þar sem félagsmenn hittast yfir snæðingi og notalegheitum auk þess að vinna að brýnum góðgerðarmálum.

„Félagskapur eins og Kiwanis er frekar á niðurleið því nýliðun gengur illa og margt annað sem ungum mönnum finnst meira spennandi, en þetta fer reyndar dálítið eftir klúbbum. Eftir því sem klúbburinn er eldri hækkar meðalaldurinn. Klúbbarnir eru því misungir; margir að því er virðist deyjandi en aðrir kröftugir eins og Eldey í Kópavogi og Höfði í Grafarvogi, þar sem eru menn frá 35 ára aldri og biðraðir eftir inngöngu,“ segir Sigurbergur en Kiwanis hefur á undanförnum árum staðið fyrir ungliðastarfi sem skilað hefur góðum árangri.

„Í nýjasta klúbbnum úr Borgarholtsskóla eru röskir strákar um tvítugt sem gera nákvæmlega það sama og við; leita verðugra verkefna til að láta gott af sér leiða. Það hefur sýnt sig að stór hluti öldungarþingmanna Bandaríkjanna og þar á meðal Bill Clinton fyrrum Bandaríkjaforseti var í ungliðastarfi Kiwanis, en þar uxu þeir upp í foringjaefni, urðu meiri félagsverur en ella, með þeim jókst sjálfstraust og þeir lærðu samskipti og leiðir til að koma hugðarefnum sínum á framfæri.“

### Margar hendur vinna létt verk

Góðgerðarstarf Kiwanis beinist fyrst og fremst að börnum heims, en einnig einstaka málum er varða aðra minnihlutahópa.

„Fyrst voru í Kiwanis kaupsýslumenn sem ætluðu sér stóra hluti í viðskiptum, en það varð snemma umdeilt því stofnandinn hafði hugsað Kiwanis sem manngæskusamtök. Á hverju ári fær Kiwanis bréf frá einstaklingum og félagasamtökum sem leita aðstoðar, en þó hefur dregið úr því hin síðari ár. Árlega styrkjum við Íþróttafélag fatlaðra og þriðja hvert ár göngum við í hús og seljum K-lykilinn en andvirði sölunnar rennur til Geðhjálpar og fyrir þá peninga var hús Geðhjálpar við Túngötu keypt,“ segir Sigurbergur og nefnir einnig til sögunnar liðsinni Kiwanis við börn.

„Á vorin dreifum við hjólahjálmum til allra barna sem hefja nám í sex ára bekk um haustið. Eimskip gefur hjálmana og Sjóvá-



**KÖTLUDÚKKAN** Ungur drengur á Barnaspítala Hringsins með Kötludúkkuna sér til halds og trausts í sjúkrarúminu, en með dúkkunni gleyma börnin eigin einsemd og vanlíðan.

Almennar sjá um dreifingu, en þannig fer vinnan fram; við beitum okkur saman og fáum til liðs fyrirtæki sem leggja vilja málefninu lið. Dæmi er beiðni frá sambýli í Kópavogi sem hafði fengið bíl gefins frá Heklu, en gat svo ekki rekið hann. Bréf barst um hvort við gætum styrkt rekstur bílsins en til þess þurfti tryggingar og eldsneyti svo við fórum í Sjóvá-Almennar sem glaðir gáfu tryggingar til tveggja ára og lögðum sjálfir fimmtíu þúsund krónur í bensín, en leituðum til Hreyfils sem vildi leggja það sama fram úr eigin bensíntönkum. Þannig gat sambýlið rekið bílinn næstu þrjú árin,“ segir Sigurbergur um eitursnjöll úrræði Kiwanis.

„Eitt merkasta verkefni Kiwanis fór af stað hjá alþjóðahreyfingunni, meðal annars fyrir tilstuðlan Eyjólfs Sigurðssonar sem þá var heimsforseti Kiwanis, og nefnist Joðverkefnið. Joðskortur í ákveðnum heimshlutum olli því að konur urðu óbyrjur eða fæddu mjög vansköpuð börn, en mannslíkaminn þarf ekki meira en framan á hnífsoddi af joði til að koma í veg þennan joðskort, svo herför var gerð til að dreifa joði á þessu svæði og saltframleiðendur fengnir til að skaffa joðbætt salt sem dreift var sem borðsalti um allar þessar byggðir og nú þekkist joðskortur ekki lengur í veröldinni,“ segir Sigurbergur stoltri röddu af árangri Joðverkefnisins sem enn er unnið með góðum árangri.

### Betra líf

Á liðnum fjörutíu árum hefur Katla staðið fyrir stórmerkilegum framkvæmdum, sem fennt gæti yfir í minnisbönkum landsmanna með tímans tönn.

„Ááttunda áratugnum var Ingólfur Guðbrandsson ferðamógúll forseti Kötlu, en hann hafði á ferðalögum sínum séð að hundar voru notaðir til fíkniefnaleitar í útlöndum. Hugmynd hans var fálega tekið af íslenskum stjórnvöldum; hundar gætu jú aldrei komið í stað manna. Ingólfur lét ekki segjast, fór út og náði í eitt stykki hasshund sem hann flutti sjálfur inn til landsins. Þetta kostaði mikið vesen en hundurinn var á endanum gefinn Rannsóknarlögreglunni og kom á daginn stórmerkilegur árangur hans við að finna fíkniefni í farangri,“ segir Sigurbergur og nefnir annað verk Kötlu sem braut blað í íslensku samfélagi.

„Sendiferðabílstjóri hafði keyrt fatlaða í hjólastólum og bar upp þá hugmynd hvort Katla væri tilbúin að kaupa lyftu í bílinn svo auðvelda mætti flutningana. Þetta gerjaðist með mönnum en á endanum var ákveðið að flytja inn sérútbúinn bíl frá Bandaríkjunum, sem kallaðist Kiwanis-bíllinn. Gengisfelling varð á sama tíma og ekki nægir aurar til að leysa bílinn úr tolli en þá kom samvinnumáttúrinn fram þegar Kiwanis-klúbbar af öllu landinu lögðust á eitt og leystu út bílinn. Borginni var boðinn bílinn en vildi ekki taka við honum svo næstu tvö árin keyrðu Kötlumenn bílinn upp á dag til skiptis og þá hóað í næsta vegfaranda að hjálpa með stólana inn í hús. Á endanum var bílinn keyrður í innkeyrslu Birgis Ísleifs Gunnarssonar, þáverandi borgarstjóra, og lyklarnir settir í póstkassann. Ekki leið nema vika þar til Ferðaþjónusta fatlaðra var stofnuð og Strætisvagnar Reykjavíkur tóku að sér aksturinn, en nú eru þessir bílar orðnir margir í þjónustu fatlaðra,“ segir Sigurbergur og þakkar slíkar framfarir frjóum mönnum og stórhuga innan Kiwanis-hreyfingarinnar.

„Það kom til tals að setja upp lyftu í sundlaug Sjálfsbjargar sem átti innflutt að kosta tugi milljóna. Innan Kötlu er snjall vélaverkfræðingur sem taldi víst að gera mætti lyftu fyrir minni pening, svo hann teiknaði hana sjálfur og lét smíða; eina í heita pottinn og aðra í sundlaugina, sem kostaði þrjár milljónir. Nú tilheyrir flestum sundlaugum slíkur búnaður og þykir sjálfsagður,“ segir Sigurbergur, en lengi mætti telja stórvirki Kötlu þótt ljúfasta verkefnið hljóti að vera Kötludúkkan sem gefin hefur verið ungum sjúklingum Barnaspítala Hringsins um langa hríð.

„Kötludúkkan er skemmtilegt fyrirbæri; handsaumuð taudúkka fyllt með tróði, án andlits og klæðnaðar, en börnin geta skapað sitt eigið þjáningarsystkin sem þau teikna á andlit og halda utan um til að gleyma eigin einsemd. Þurfi að sprauta barnið er dúkkan sprautuð fyrst og plástruð líka, en læknar og hjúkrunarfólk segir þetta gefast ákaflega vel,“ segir Sigurbergur brosmildur og í hátíðlegu afmælisskapi, enda afmælisbarnið rétt að byrja að fagna og heilt afmælisár eftir til afreka og gleðistunda. ■

# Eitt líf
## – njótum þess



TEMPUR



## Dýpsta slökun, hvíld og svefn sem völ er á

Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin" sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóbak, háls og hnésbætur.

Með Tempur heilsudýnunni nærðu hámarks slökun, hvíld og svefni sem er lykilinn að góðri andlegri og líkamlegri heilsu.

AÐEINS FRÁ TEMPUR® – ÓSVIKIÐ TEMPUR® EFNI

SPRING AIR – THE NeverTurn™ MATTRESS



## Spring Air Never Turn heilsudýnan

Dýnan með tvíherta stálgormakerfinu „Torsion II".
806 gormar í Queen stærðinni (152x203 cm).
Steyptar hliðarstyrkingar auka svefnsvæði um allt að 30%.
Val um 100% náttúruleg gæðaefni.
Val um Tallalay Latex eða Laserskorna ConformaFoam yfirdýnu.
Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og við hjálpum þér að finna réttu dýnuna fyrir þig!




## Gravity Zero



## Settu þig í stellingar fyrir betri svefn

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er. Með öðrum takka færð þú nudd sem þú getur stillt eftir eigin þörfum og látið þreytuna eftir eril dagsins líða úr þér. Með stillanlegu rúmunum frá Tempur er allt gert til þess að hjálpa þér að ná hámarksslökun og þannig dýpri og betri svefni.

## Fermingartilboð 2006




### Heilsudýnur uppbyggðar til að laga sig að þér og þínum líkama

Gormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæði. Gormakerfið er læst saman langsöm til að dreifa líkamsþyngdinni á sem flesta gorma. Fjöldi gorma er 220 pr. fm. í Multi Spring kerfinu. Dýnan er með Conforma heilsu og hægindalagi beggja vegna. Steyptir hliðarkantar sem veita 25% meira svefnsvæði.

**Crown heilsudýna með botni og löppum:**
80x200 cm Verð áður ~~kr. 56.164~~,- Nú kr. 47.900,-
90x200 cm Verð áður ~~kr. 59.478~~,- Nú kr. 49.900,-
100x200 cm Verð áður ~~kr. 66.287~~,- Nú kr. 56.900,-
120x200 cm Verð áður ~~kr. 76.466~~,- Nú kr. 64.900,-
**Standard heilsudýna með botni og löppum:**
100x200 cm Verð áður ~~kr. 79.900~~,- Nú kr. 65.900,-
120x200 cm Verð áður ~~kr. 91.800~~,- Nú kr. 75.900,-

www.design.is @ 2005

Betra BAK

**Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477**
**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 11-16**



**OG HEFST ÞÁ LESTURINN** KK hitaði salinn upp áður en Andri Snær fór á svið og sá til þess að stemningin var eins og hún átti að vera. Andri var tvístígandi til að byrja með, sem skrifast sjálfsagt á taugaóstyrk, en ljóst var frá fyrstu mínútu að hann átti hug flestra í salnum.



**Á BAK VIÐ TJÖLDIN** Forsjálir gestir mættu snemma í Borgarleikhúsið til að tryggja sér sæti, en fyrr en varði var salurinn orðinn fullur.

# Sjálfshjálp í Borgarleikhúsinu

**Andri Snær Magnason** kynnti Draumalandið - sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð fyrir fullum sal í Borgarleikhúsinu í byrjun vikunnar. ***Valgarður Gíslason*** ljósmyndari fylgdist með Andra fyrir, á meðan og eftir kynninguna.



**TAKK** Að loknu uppistandinu risu áhorfendur úr sætum og klöppuðu Andra lof í lófa en hann þakkaði fyrir sig og hneigði sig bljúgur.



**Í HVORN FÓTINN Á AÐ STÍGA?** Fátt róar taugarnar meira áður en gengið er á svið en að ganga fram og til baka um gólf með hendur í vösum.



**ALLT Á SÍNUM STAÐ** Andri gluggar í Draumalandið áður en hann fer á svið og gætir þess að allt sé þar sem það á að vera.



## KOSTUM BÚINN JEPPLINGUR

Hyundai Tucson var vel tekið þegar hann kom fyrst á markað hér á landi árið 2004.

BÍLAR 4



## DRAUMAR Í ÚTLÖNDUM

Jón Bjarki Magnússon og Sigurður Eyþórsson hafa verið í heimsreisu í rúmt hálft ár. Þeir eru nú staddir í Indókína.

FERÐIR 2


# allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ


## ALLT HITT

**[BÍLAR OG FERÐIR]**



**Bílalán** vegna kaupa á notuðum bílum með aðeins 3,19 prósenta vöxtum verður í boði hjá Bílaþingi Heklu í takmarkaðan tíma. Einnig er í boði bílasamningur í íslenskum krónum með 5,79 prósenta vöxtum og allt að 100 prósenta fjármögnun á völdum bílum.

**Skyndihjálparnámskeið** verður haldið á vegum Ferðaklúbbsins 4x4 föstudaginn 31. mars frá klukkan 18 til 22 og laugardaginn 1. apríl frá klukkan 10 til 16 í Mörkinni 6. Síðasti dagur til skráningar og greiðslu er miðvikudagurinn 29. mars. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðunni www.f4x4.is.

**Evrópugáttin** var nýlega opnuð á vefnum til kynningar á Evrópu sem áfangastað ferðafólks. Hin nýja gátt var formlega opnuð á þriðjudaginn og er slóðin www.visiteurope.com. Nánar má lesa um Evrópugáttina á heimasíðunni www.ferdastofa.is.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 25. mars, 84. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.11 | 13.34 | 19.58 |
| Akureyri | 6.54 | 13.18 | 19.44 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Bryndís Jónatansdóttir og Rauða eldingin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Rauða eldingin fer hvert á land sem er

***Bryndís Jónatansdóttir á forláta Suzuki Samurai frá árinu 1992. Þessi aldni samúræi hefur reynst vel.***

Bryndís og bróðir hennar keyptu bílinn fyrir tveimur árum. Rauða eldingin, eins og Bryndís kallar hann, varð fyrir valinu vegna þess að hann var fjórhjóladrifinn, hátt er til lofts inni í honum og að sögn eigenda kemst hann hvert á land sem er. „Bílinn varð að vera jeppi því bróðir minn er ljósmyndari og fer mikið út á land og ég er svo mikið náttúrubarn.“ Bíllinn er þó ekki gallalaus, enda kominn til ára sinna. Hann hefur ekki verið mikið í því að bila, en er samt ekki heldur alveg í lagi,“ segir Bryndís.

Þegar systkinin voru nýbúin að kaupa bílinn varð Bryndís fyrir því að eitthvað datt undan bílnum. Bryndís fór út og sá að þetta var málmhlutur, breiður og langur. Eftir snögga skoðun á undirvagninum henti Bryndís hlutnum bara í skottið og hélt ferð sinni áfram. „Nokkrum dögum síðar segir bróðir minn mér að afturfjöðurin hafi dottið undan bílnum og þá áttaði ég mig á hvað hafði gerst og fannst þetta bara voða sniðug. Hann sagði að ég hefði getað eyðilagt bílinn,“ segir Bryndís og hlær. „Nú læt ég alltaf skoða hann þegar hlutir detta undan honum, að minnsta kosti ef þeir eru stórir.“

*tryggvi@frettabladid.is*




Lilja Kristjánsdóttir
opnar sýningu í Baksalnum í dag kl. 15.00
Opið virka daga kl. 10-18,
laugardaga kl. 11-16, sunnudaga kl. 14-16
Sjáumst í Gallerii Fold
LISTMUNASALA fold
Rauðarárstíg 14, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is



Chevrolet gæði - frábært verð !



Lacetti
Aukabúnaður á mynd: Álfelgur



Opnunartilboð!
DVD ferðaspilari fylgir öllum nýjum Chevrolet bílum

Vel búinn Lacetti station 1,8 l
á aðeins kr. 1.799.000,-

Bílabúð Benna
Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8-12
Sími 590 2000 - www.benni.is
Bílasalan Ós umboðsaðili á Akureyri

CHEVROLET

**Sumarfríið** er handan við hornið og flestir vinnuveitendur farnir að skipuleggja niðurröðun frídaga. Það er því ekki seinna vænna að ákveða hvað gera skal, hvert skal fara og athuga hvort draumaferðin sé ekki á tilboði.



# Raðganga um Reykjaveginn

*Nú stendur raðganga Útivistar um Reykjaveginn sem hæst. Fyrsti og annar áfangi gengu vel og sá þriðji verður farinn 2. apríl.*

Raðganga Útvistar um Reykjaveginn hófst sunnudaginn 5. mars. Gengið var í blíðskaparveðri og var þátttakan sérlega góð þar sem um sjötíu manns mættu og þrömmuðu.

Raðgangan um Reykjaveginn er gengin í fimm áföngum. Í fyrsta áfanganum var gengið frá Gunnuhver út á Reykjanes. Gönguferðin tók fimm klukkustundir með matar- og kaffitíma og fjórtán til fimmtán kílómetra göngu.

Annar áfangi göngunnar gekk einnig vel. Byrjað var við Stóru-Sandvík og gengið að Haug og þaðan norður með Eldvarpssprungunni og lauk dagleiðinni við Þorbjarnarfell.

Þriðji áfangi verður farinn 2. apríl frá Þorbjarnarfelli að Skála-Mælifelli og í fjórða áfanga, þann 17. apríl, verður gengið að Djúpavatni. Síðasti áfanginn verður genginn 30. apríl frá Djúpavatni að Kaldárseli.

Raðgangan er opin öllum og ættu gönguleiðirnar að henta nánast öllum. Nánari upplýsingar um raðgönguna er að finna á vef Útivistar, www.utivist.is.



Fyrsti og annar áfangi raðgöngu Útivistar um Reykjaveginn er að baki. Þriðji áfangi verður genginn 2. apríl.







París - Brussel - Amsterdam

Vorferð sem á eftir að leiða ykkur í gegnum 3 áhugaverð lönd. Flogið verður til menningarborgarinnar Parísar, sem er sérstaklega falleg að vori. Gist í 4 nætur í Rouen og farið í fleiri áhugaverðar skoðunarferðir þaðan. Áfram haldið til Belgíu þar sem Brussel er einn áfangastaðanna. Síðustu dögunum eyðum við síðan saman í gleðiborginni Amsterdam.

**Fararstjóri: Örlygur Atli Guðmundsson**

**Verð: 109.800 kr. á mann í tvíbýli. Mikið innifalið.**

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is s: 570 2790 ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR



Jón Bjarki leikur sér með gítarinn. Spurning hvort hann sé að spila Flugufrelsarann?

# Draumar í útlöndum

***Jón Bjarki Magnússon og Sigurður Eyþórsson hafa verið á heimsreisu frá því í ágúst á síðasta ári en hér á ferðasíðum Fréttablaðsins hafa áður birst fregnir af þeim félögum. Þeir eru nú staddir í Indókína en áður hafa þeið ferðast um Laos, Kambódíu, Taíland og Víetnam. Við birtum nú hugleiðingar Jóns Bjarka um hvernig það er að vera Íslendingar á framandi slóðum.***



Jón Bjarki og Sigurður hafa komið víða við í heimsreisu sinni, meðal annars til Mongólíu, Rússlands, Kína og Laos.

Þegar ég ráfa áttavilltur um götur Vientiane, höfuðborgar Laos, sest ég niður á lítinn bekk í hjarta borgarinnar og virði fyrir mér mannlífið. Allt í kringum mig eru vestrænir ferðamenn að skoða sig um, fimm eru í leit að pítsu, þrír vilja virða fyrir sér Mekong-fljótið og svo er það hún sem leitar að einhverju meira. Eitthvað vantar og ég sé það á svipbrigðum hennar, en í stað þess að sitja kyrr þá fór hún af stað, í leit að því sem henni fannst vanta. Ég skoða hana gaumgæfilega og leyfi huganum að reika.

Ég ímynda mér að ég sitji á litlum bekk í hjarta Reykjavíkur. Í kringum mig er ógrynni af Íslendingum, sólin skín og allir eru þeir hressir og glaðir. Hvað ætli þeir séu að hugsa á meðan þeir rölta um litlu strætin? Fimm eru í leit að pítsu, þrír vilja virða fyrir sér tjörnina og svo er það hún sem leitar að einhverju meira, en krónan bankar á koll hennar og segir að hún sé að falla. Sú sem á sér drauma týnir þeim fljótt í hringiðu hins „venjulega“ lífs.

Það er óþarfi fyrir mig að leita lengra. Hérna á bekknum í Vientiane sé ég sama fólkið og ég sé í Reykjavík. Hérna eru sömu pítsurnar, Mekong-fljótið er jafn drullugt og Tjörnin í miðbæ Reykjavíkur og hérna gengur fólk um með sömu gleðina í augunum og ég sé í höfuðborginni heima. Munurinn er sá að í augum draumórakonunnar hérna sé ég glampann sem á kannski erfiðara með að lifa í eilífri endurtekningu hversdagsins heima í gömlu Reykjavík.

Síðustu mánuði hef ég flakkað frá einum stað til annars í einhvers konar leit að því sem öllu skiptir en ég veit þó ekki nákvæmlega hverju. Á leiðinni hef ég fundið svo margt, sem ég mun nú aldrei missa. Það er svo margt fólk, gott fólk, sem hefur orðið á vegi mínum, svo margar og ótrúlegar minningar sem hafa hreiðrað um sig í hjarta mínu. Þetta gefur lífi mínu gildi, að sitja með munkum í klaustri í Kambódíu og syngja Flugufrelsarann er ólýsanleg upplifun, aðeins ein minning í kollinum á mér, fjarsjóður sem mun búa með mér að eilífu.

Fólkið sem finnur sig knúið til að leita er hér og þar. Ég hef séð það, talað við það, ég hef snert það og það hefur snert mig, fólkið sem fylgir draumum sínum eftir. Úti um allan heim er fólk að elta drauma sína, gamla jafnt sem nýja, það leitar að einhverju sem það þráir svo sterklega að finna. Ætli hún sem er leitandi og leyfir sér að leita sé hamingjusöm vegna þess að hún er sannfærð um að hún sé á réttri braut? Gæti það verið vegna þess að hún gengur eina mögulega veginn á leið sinni að hennar eigin fjarsjóði? Kannski hún þurfi ekki að efast á meðan hún eltir sína skringilegu drauma.

Hérna á bekknum gæti ég setið til eilífðar vegna þess að ég veit að ég er á réttri braut. Ég fylgi vísbendingum þeim er verða á vegi mínum og held svo loks áfram, að hugsa, ég leyfi mér að láta mig dreyma.



Sigurður og Jón Bjarki hafa meðal annars farið og kennt ensku í litlum þorpum. Hér sést Sigurður kenna börnum ensku.



Búddamunkarnir í Kambódíu höfu greinilega gaman að kennslu þeirra félaga.



Jón Bjarki og Sigurður hafa þurft að spara eyrinn eins og þeir geta á meðan á ferð þeirra hefur staðið. Því hafa þeir þurft að sætta sig við ýmsa ferðakosti.

## Stefnumót við Hjörleif

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS HELDUR Í DAG MÁLÞING TIL HEIÐURS HJÖRLEIFI GUTTORMSSYNI Í TILEFNI AF SJÖTUGSAFMÆLI HANS.


Hjörleifur Guttormsson

Málþingið hefst klukkan 13.00 í sal Ferðfélagsins í Mörkinni 6. Meðal umræðuefnis verða óbyggðir Íslands, hálendisþjóðgarðar, veðurfarsbreytingar og sjálfbær nýting hafsins. Andri Snær Magnason rithöfundur flytur einnig erindi um draum náttúruverndarsinnans, náttúruna andspænis raunveruleikanum, Britney Spears andspænis Kárahnjúkavirkjun.
Hjörleifur sjálfur ávarpar gesti laus fyrir fimm og í kjölfarið verður boðið upp á veitingar í boði Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs.
Þingið hefst, eins og áður sagði, kl. 13.00 og lýkur því kl. 18.00.


Á www.ferdatorg.is geta ferðalangar fengið svör við mörgum spurningum.

## Ferðalangar fá svör

VEFSÍÐA FYRIR FERÐAMENN Á WWW.FERDATORG.IS.

Áður en lagt er upp í ferð er gott að hafa allt á hreinu svo ekki þurfi að koma upp óvæntar aðstæður sem erfitt getur reynst að eiga við. Er passinn útrunninn? Er fjölskyldan tryggð? Hvað má ég taka mikinn farangur með? Má taka hvað sem er með sér í flugið? Á vefsíðunni www.ferdatorg.is finnur ferðamaðurinn svör við algengustu spurningum sem upp kunna að koma fyrir ferðina. Um mál eins og innritun, farangur, sjúkramál, tryggingar og vegabréf. Vefurinn er sagður fyrsti safnvefurinn þar sem hægt er að fá nánast tæmandi upplýsingar um ferðir og ferðategundir sem í boði eru á ákveðnu tímabili, frá íslenskum ferðaskrifstofum með fullgilt ferðaskrifstofuleyfi frá íslenskum yfirvöldum. Þar er hægt að fá upplýsingar um ýmsar gerðir ferðalaga. Allt frá ævintýraferðum, bændaferðum og páskaferðum, til fótboltaferða og skólaferða.


MUNDU EFTIR VISA AFSLÆTTINUM!




Bókaðu bíl með Avis í mars og borgaðu með VISA

VISA

Hafðu samband við sölufulltrúa okkar í síma 591 4000 eða bókaðu bíl á www.avis.is

We try harder.

Við leggjum okkur fram

AVIS

Knarravogi 2 / Sími: 591 4000 / www.avis.is



FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000



# Þú tekur flugið

www.flybus.is

Sumaráætlun 2006 / Departures summer 2006

flugrútan • flybus

Gildir frá 26. mars til 29. október 2006 / Valid from March 26 till October 29, 2006

| Mánudagur Monday | Þriðjudagur Tuesday | Miðvikudagur Wednesday | Fimmtudagur Thursday | Föstudagur Friday | Laugardagur Saturday | Sunnudagur Sunday |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 04:45 | 04:45 | 04:45 | 04:45 | 04:45 | 04:45 | 04:45 |
| 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 |
| 05:15 | 05:15 | 05:15 | 05:15 | 05:15 | 05:15 | 05:15 |
| 05:30 | 05:30 | 05:30 | 05:30 | 05:30 | 05:30 | 05:30 |
| 05:45 | 05:45 | 05:45 | 05:45 | 05:45 | 05:45 | 05:45 |
| 08:00 | 08:00 | 08:00 | 08:00 | 08:00 | 08:00 | 08:00 |
| 09:00 | 09:00 | 09:00 | 09:00 | 09:00 | 09:00 | 09:00 |
| 10:00 | 10:00 | 10:00 | 10:00 | 10:00 | 10:00 | 10:00 |
| 11:00 | 11:00 | 11:00 | 11:00 | 11:00 | 11:00 | 11:00 |
| 13:00 | 13:00 | 13:00 | 13:00 | 13:00 | 13:00 | 13:00 |
| 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 |
| 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 |
| 14:30 | 14:30 | 14:30 | 14:30 | 14:30 | 14:30 | 14:30 |
| 15:00 | 15:00 | 15:00 | 15:00 | 15:00 | 15:00 | 15:00 |
| *21:00 | *21:00 | *21:00 | *21:00 | *21:00 | *21:00 | *21:00 |
|  |  |  | 22:00 |  |  | 22:00 |

Upphafs- og endastöð allra ferða er Umferðarmiðstöðin BSÍ.
All buses depart and end at BSI Bus Terminal.



Ferðir frá Mjódd til Keflavíkur daglega kl. 5:20.
From Mjódd Terminal to Keflavík: Morning departure at 5:20 daily

*Via Keflavík town
Kynnisferðir áskilja sér rétt til að breyta áætlun án fyrirvara ef breytingar verða á flugi.
Reykjavik Excursions reserve the right to alter timetable without prior notice, if flight schedule changes.

- Verð 1.100 kr. aðra leiðina
- Ókeypis fyrir börn að 11 ára aldri
- 50% afsláttur fyrir unglinga, 12-15 ára
- Aukaferðir fyrir leiguflug sem ekki fellur að áætlun

- Price 1.100 ISK one way
- Children 0-11 years free of charge
- 50% discount for youths 12-15 years

Reykjavik Excursions KYNNISFERÐIR

www.re.is • sími 562 1011 • textavarp bls. 455 og 456

**Veturinn** hefur ekki yfirgefið okkur að fullu. Því er um að gera að vara sig á hálkublettum sem geta leynst víða á vegum landsins.




BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRIÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.
Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is
SUBARU þjónusta · HONDA þjónusta · NISSAN þjónusta

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep · CHRYSLER · DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

ALLT Á EINUM STAÐ
• VETRARDEKK
• HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
• HEILSÁRSDEKK
• RAFGEYMAÞJÓNUSTA
• OLÍS SMURSTÖÐ
• BREMSUKLOSSAR
• BÓN OG ÞVOTTUR
• PÚSTÞJÓNUSTA
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

Gabriel höggdeyfar, **AISIN** kúplingssett, **TRISCAN** spindilkúlur, stýrisendar, gormar. Drifliðir, drifliðshlífar, ballansstangir. Tímareimar, ökuljós, stefnuljós ofl. Sætaáklæði, sætahlífar á stóla – vatnsheldar fyrir veiðimenn, hestamenn o.fl. Kerruljós, bretti og nefhjól á kerrur. Bílamottur.
GSvarahlutir
Sími 567 6744 • Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík


Til sölu Extra stór tveggja hásinga kerra frá Víkurvögnum.
Nýuppgerð og nýskoðuð. Stærð 2,40 x 3,60.
Burðargeta ca. 3 tonn.
Verðtilboð.
**Upplýsingar í 896 9319, Óli**

allt atvinna
Alla sunnudaga




Hyundai Tucson er traustlegur bíll en um leið bæði rennilegur og fallegur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kostum búinn jepplingur

***Hyundai Tucson var vel tekið þegar hann kom fyrst á markað hér á landi haustið 2004. Þrjár vélargerðir eru í boði í þessum bíl og var tveggja lítra beinskiptum bensínbíl reynsluekið á dögunum.***

Ástæðurnar fyrir vinsældum Tucson eru nokkuð ljósar. Hér er mikil eftirspurn eftir fjórhjóladrifnum bílum og jepplingarnir svokölluðu hafa algerlega slegið í gegn, enda eru þeir nokkuð hentugur farkostur í stóru landi þar sem vegir eru misjafnir og veðrið getur sýnt á sér margvíslegar hliðar.

Hyundai Tucson er af afar þægilegri stærð. Hann er nógu stór til að mjög vel fari um fjóra fullorðna og prýðilega fer um þrjá í aftursæti ef að minnsta kosti einn er barn. Bíllinn er þó ekki stærri en svo að hann er mjög meðfærilegur í borgarumferðinni, jafnvel í þröngum strætum.

Hyundai Tucson er með sjálfvirku fjórhjóladrifi sem þýðir að við kjöraðstæður er hann framhjóladrifinn en um leið og undirlag verður óstöðugra er afli miðlað til afturhjóla. Einnig er hægt að læsa bílnum í fjórhjóladrifi og er þá aflið jafnt á framhjólum og afturhjólum.

Tucsoninn er vel búinn að öllu leyti. Af öryggisbúnaði má nefna ABS-bremsur, TCS-spólvörn og tvöfalda styrktarbita í hurðum og til þæginda er meðal annars geymsluhólf undir sæti, drykkjarstatíf bæði í framsæti og aftursæti og tvískipt hólf milli sæta. Kuldaskræfur er svo gladdar með hita í framsætum sem kemur sér vel, ekki síst á köldum vetrarmorgnum. Sætin í bílnum eru þægileg og aðstaða bílstjóra öll hin besta. Útsýni úr bílnum er sömuleiðis gott.

**HYUNDAI TUCSON**

**Vél 2 l**
**5 gíra beinskiptur**
**Uppgefin eyðsla í blönduðum akstri 8,2 l/100 km**
**Hröðun 11,3 sek í 100 km/klst.**
**Hæð frá vegi 195 mm**
**Verð kr. 2.390.000**

Tucson með tveggja lítra bensínvél er góður kostur fyrir þá sem leggja meira upp úr hagkvæmum rekstri og minni mengun en því að vera á aflmiklu ökutæki. Ekki svo að skilja að vélin í bílnum sé aflvana, síður en svo. Hún skilar 142 hestöflum og er ágætlega snörp og bíllinn stóð sig sömuleiðis prýðilega þegar hann var reyndur í grófu færi og fjórhjóladrifinu læst.

Hyundai Tucson er álitlegur kostur í jepplingaflórunni, þægilega nettur án þess að vera smár. Með tveggja lítra bensínvélinni má svo í raun bæði eiga kökuna og éta hana því þar er á ferðinni jepplingur sem þó hefur kosti fólksbíls þegar kemur að rekstrarkostnaði.

steinunn@frettabladid.is


Vinnuaðstaða bílstjóra er til fyrirmyndar.


Bíllinn er vel búinn geymsluhólfum og glasahöldurum.


Farangursrýmið opnast í tvennu lagi, annað hvort allur hlerinn eða bara rúðan.


Farangursrýmið er ágætlega rúmgott, tekur 644 l en má auka í 1856 l með því að fella niður aftursætin.


Hægt er að læsa fjórhjóladrifinu ef færið þyngist.


Fella má niður miðjustykki með glasahöldurum í aftursæti ef þar eru aðeins tveir farþegar.



Nú er formlega hafin vegrýni sem hefur það að leiðarljósi að gera vegi á Íslandi öruggari. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## EuroRAP hafið

UPPLÝSINGAR VERÐA AÐGENGILEGAR ALMENNINGI.

Vegrýni á Íslandi undir merkjum EuroRAP (European Road Assessment Program) er formlega hafin. Til EuroRAP verkefnisins er stofnað af FIA, heimssamtökum bifreiðaeigendafélaga, og er það unnið í hverju landi fyrir sig af bifreiðaeigendafélögunum og starfsmönnum þeirra. Það sem felst í EuroRAP vegrýni er fyrst og fremst það að vegir eru skoðaðir og öryggi þeirra fyrir vegfarendur metið út frá staðalbundnum forsendum. Þetta er gert með því að aka um vegina og skoða bæði sjónrænt og með rafeindatæknibúnaði. Í EuroRAP bílnum eru hreyfi- og kyrrmyndavélar, GPS staðsetningarbúnaður, nákvæmir vegalengdar- og hraðamælar og tölvubúnaður sem hleður inn í sig upplýsingum bæði sjálfvirkt og handvirkt. Úr þessum upplýsingum er svo unnið sérstakt EuroRAP áhættumat sem síðan verður aðgengilegt öllum á vef FÍB.

**(af www.fib.is)**



Kabura gefur tóninn í framtíðaráformum Mazda fyrir unga kaupendur.

## Mazda fyrir unga fólkið

MAZDA KABURA HUGMYNDABÍLNUM ER ÆTLAÐ AÐ HÖFÐA TIL YNGRI KAUPENDA.

Fyrr á þessu ári sýndi Mazda nýjan hugmyndabíl undir nafninu Kabura. Ekki eru uppi áform um að hefja framleiðslu á bílnum en hann ber þess þó merki að hjá Mazda er eitthvað í bígerð fyrir nýjan markhóp. Þar á bæ fást þær upplýsingar að Kabura sé hugmynd að bíl fyrir ungt fólk sem lifir fjölbreyttu lífi. Hann er minni en RX-8, fjögurra sæta sportbíllinn, en stærri en MX-5 blæjubíllinn og ólíkt notadrýgri. Til dæmis er hægt að leggja aftursætin fram og fá þannig heilmikið farangursrými. Þó að Kabura rati ekki í fjöldaframleiðslu gæti hann verið fyrsta skrefið að ódýrum og notadrjúgum sportbíl fyrir unga Mazda-áhugamenn og -konur.


**RÆSIR HF**
Skúlagötu 59, sími 540 5400 www.raesir.is

# Viðurkenndur þjónustuaðili
## sem byggir á áratugareynslu

Ræsir hefur frá árinu 1942 þjónað landsmönnum dyggilega með innflutningi og sölu nýrra bíla og varahluta frá ýmsum framleiðendum, auk viðgerðarþjónustu og sölu á notuðum bílum.

**Atvinnubílar**
Traustir atvinnubílar af öllum stærðum og útfærslum.



**MANTRA 4x4**
Ræsir er umboðsaðili fyrir Mantra 4x4, torfærutröll sem byggir á traustum grunni frá Mercedes-Benz.



**Þjónustumiðstöð**
Viðurkennd, sérhæfð og örugg varahluta- og verkstæðisþjónusta fyrir eftirtaldar tegundir bifreiða: Mercedes-Benz, Mazda, Chrysler, Dodge og Jeep. Öll önnur almenn verkstæðisþjónusta.





**Bílasala**
Útvegum flestar gerðir bíla, atvinnubíla jafnt sem fólksbíla , nýja sem notaða. Áratugareynsla og þekking hjá sölumönnum okkar.

**Bílasalan er opin frá kl. 9–18 alla virka daga og 12–16 laugardaga.**
**Varahlutaverslun er opin frá kl. 8–18 alla virka daga og 10–14 laugardaga.**
**Verkstæðið er opið frá kl. 7.30–18 alla virka daga og 9–13 laugardaga.**

Mercedes-Benz CHRYSLER Jeep Dodge mazda MANTRA 4x4




STÝRISENDAR, SPINDILKÚLUR OG FÓÐRINGAR
í jeppa í miklu úrvali
Japan/U.S.A.
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

allt atvinna
Alla sunnudaga


# Lykillinn er góðar æfingar og góð aðstoð

***Segir Eyþór Hemmert Björnsson, sem er efstur í meistaraflokki í keppni til Íslandsmeistara í snjókrossi.***



Sleðamennirnir voru óhræddir við stóru stökkpallana á Mývatni um síðustu helgi og flugu tugi metra á kraftmiklum sleðunum. Fleiri myndir frá keppninni er að finna á www.supersport.is. MYND/SUPERSPORT.IS

Um síðustu helgi fór fram mikil vélsleðaveisla við Mývatn. Sleðafólk var þá samankomið til að reyna með sér í samhliðabraut, fjallaklifri og ísspyrnu. Auk þess fór fram fjórða og næstsíðasta umferðin í Íslandsmeistaramótinu í snjókrossi.

Eyþór Hemmert Björnsson sigraði í meistaraflokki og er efstur í keppni til Íslandsmeistara, 29 stigum á undan Íslandsmeistaranum í fyrra, Helga Reyni Árnasyni. Úrslitin verða svo ljós 1. apríl á Egilsstöðum, þegar síðasta umferðin fer fram.

„Ég hugsa nú ekki mikið um hvernig þetta á eftir að fara,“ segir Eyþór. „Eins og staðan er núna þarf ég ekki að bæta miklu við mig en maður veit það samt aldrei - það er erfitt að spá fyrir um það.“ Eyþór hefur átt góðu gengi að fagna þau fjögur ár sem hann hefur keppt í snjókrossi. Hann hefur verið Íslandsmeistari í unglinga- og sportflokki og var í öðru sæti í meistaraflokki í fyrra. Hann hefur verið á vélsleða frá blautu barnsbeini og stundar mótorkross inni á milli, meðal annars til halda sér í formi yfir snjólausu mánuðina.

„Lykillinn er góðar æfingar og góð aðstoð sem ég fæ frá mínu fólki. Ég reyni að vera vel hvíldur og hafa allt klárt tímalega til að losna við stress. Það er sagt að þetta sé erfiðasta íþrótt í heimi og maður er alveg búinn eftir daginn,“ segir Eyþór. Það skiptir því greinilega höfuðmáli að vera klár í slaginn.

Sigurvegari næsta móts vinnur sér rétt til þátttöku á X-Games, nokkurs konar ólympíuleikum jaðaríþrótta. Sú staðreynd hefur laðað marga erlenda atvinnumenn á mótið sem sækjast eftir þeim rétti. „Það gerir keppnina meira spennandi,“ segir Eyþór og telur ólíklegt að hann fari á X-Games þó að hann landi Íslandsmeistaratitlinum. „Margir bestu sleðamenn í heimi eru að koma til ná í miðann. Einn þeirra hefur nú sennilega vinninginn á endanum,“ segir Eyþór að lokum.

### ÚRSLIT Í 4. UMFERÐ ÍSLANDSMEISTARAMÓTSINS Í SNJÓKROSSI

**MEISTARAFLOKKUR**

1. sæti Eyþór Hemmert Björnsson
2. sæti Steindór „Stessi“ Stefánsson
3. sæti Reynir Stefánsson

**SPORTFLOKKUR**

1. sæti Ásgeir Frímansson
2. sæti Jónas „Jonni“ Stefánsson
3. sæti Hjálmar „Hjalli“ Jónsson

**UNGLINGAFLOKKUR**

1. sæti Baldvin Þór Gunnarsson
2. sæti Páll Snorrason
3. sæti Aðalbjörn „Addi“ Tryggvason

### STAÐAN TIL ÍSLANDSMEISTARA

**MEISTARAFLOKKUR**

1. Eyþór Hemmert Björnsson 204 stig
2. Helgi Reynir Árnason 175 stig
3. Reynir Stefánsson 157 stig

**SPORTFLOKKUR**

1. Ásgeir Frímannson 196 stig
2. Jónas Stefánsson 177 stig
3. Hjálmar Jónsson 171 stig

**UNGLINGAFLOKKUR**

1. Aðalbjörn Tryggvason 196 stig
2. Baldvin Þór Gunnarsson 195 stig
3. Páll Snorrason 158 stig




Veldu HYUNDAI gæði, veldu TUCSON
TUCSON
2.0 bsk. kr. 2.390.000
Kr. 25.388 á mánuði*
- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublöð
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggispúði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki
FIFA World Cup Germany 2006 HYUNDAI Official Partner
Bíll á mynd: Tucson Sport á 17" álfelgum.
* Bílasamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.
HYUNDAI hefur gæðin
B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is
Umoðsmenn um land allt Keflavík 421 4444 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

# E R L A investments

## Í FREMSTU RÖÐ Í FIMM ÁR

LIFUN








ÞINN LÍFSTÍLL

STÓRGLÆSILEG KYNNING Á FASTEIGNUM
AND HÓTEL SUNNUDAGINN 26 MARS. FRÁ KL. 13:00-18:00.
BÆRT ÚRVAL FALLEGRA FASTEIGNA Á SPÁNI OG Í BRASILÍU.
INANDI FJÁRFESTINGAKOSTIR, ALLT AÐ 100% FJÁRMÖGNUN
FRÍTT FLUG OG GISTING FYRIR ALLA KAUPENDUR.
DUM VINNINGSHAFA ÁRSINS 2005 GLÆNÝJAN FORD KA KL. 18:00.





LSTÍMAR VIÐ SÖLUMENN VERÐA EINNIG MÁNUDAGINN 27. OG
RIÐJUDAGINN 28. MARS FRÁ KL. 14 - 20 Á SAMA STAÐ.
ATT Í SKEMMTILEGUM LEIK, VIKUFERÐ FYRIR 2 GÆTI ORÐIÐ ÞÍN.
KAUPENDUR ÁRSINS 2006 EIGA KOST Á AÐ VINNA BIFREIÐ.
LEIKUR LÁNIÐ VIÐ ÞIG.

## VISSIR ÞÚ...

...að Post it er framleitt af fyrirtækinu M3?

...að sá sem fann upp Post it heitir Spencer Silver?

...að hann var tæknimaður hjá M3?

...að það var árið 1968?

...að hann var að reyna að finna upp ofursterkt lím?

...að hugmyndina að nota Post it límið til að búa til endurlímanlega miða er eignuð Arthur Fry?

...að hann vann líka hjá M3?

...að hugmyndina fékk hann er hann söng sálma í kirkjukór? Sannarlega guðdómleg hugmynd.

...að hugmyndina fékk hann 1974 en frumgerðin var tilbúin 1977?

...að árið 1980 komu Post it miðar fyrst á markað í stóru upplagi?

...að upphaflega áttu miðarnir að notast sem merkimiðar í sálmabækur?

...að söludeld 3M fannst hugmyndin heimskuleg og hélt henni engan veginn á lofti?

...að ritari Fry fékk alla minnismiða og glósur um Post it til eyðingar?

...að hún sá strax að hugmyndina var hægt að nota í minnismiða?

...að þegar fyrsta upplag af Post it miðum kláraðist lét Fry og hans fólk beina öllum símtölum, þar sem beðið var um meira upplag, til söludeildar?

## UPPÁHALDSSTAÐURINN:

### *Gott að vera á Bifröst*

„Uppáhaldsstaðurinn minn er Bifröst eins og er," segir Eva Sólan sjónvarpsþula, sem er í heilsársnámi í viðskiptalögfræði á Bifröst og er að klára fyrsta árið. Eva verður á Bifröst í sumar og er mjög ánægð með lífið þar. „Bifröst er mjög fallegur staður og það er gott að vera hérna," segir hún.



Eva Sólan er ánægð á Bifröst. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.





Póstverslun

*Þægilegasti verslunarmátinn*



additions

Nýjasta tískan á alla fjölskylduna

www.additionsdirect.co.uk

verð 600.-



Argos

Stærri en nokkru sinni Hundruð nýrra tilboða

www.argos.co.uk

verð 800.-

Bhs stórverslunin loksins á Íslandi

Flottur fatnaður í öllum stærðum

Útsala í verslun - INNEIGN

Auka-afsláttur af öllum útsölu vörum, gegn miða þessum

Ef þú verslar fyrir kr. 2000- færðu afslátt kr. 300-.

3000 afsl. 450- 4000- afsl. 800- 5000- afsl. 1000.-

BM Austurhrauni 3 Gbæ/Kays húsið

S. 5552866 bm@bmagnusson.is www.bmagnusson.is

Opið mánud.- föstud. 10-18, laugard. 11-14.

fermingarmyndir



STUDIO 101

LJÓSMYNDASTOFA

www.studio101.is · sími 517 9440

KOLAPORTIÐ

Góð leið til fjáröflunar



OPIÐ UM HELGINA FRÁ KL. 11-17

Fermingartilboð

Kynnum nýjar gerðir af rúmum með 20% kynningarafslætti.



Rafstillanleg rúm 120x200sm
með svæðisskiptri pokafjaðradýnu
Rétt verð kr. 118.000.
**Tilboðsverð kr. 94.400.-**



Henson rúm með fjaðrandi rúmbotni,
svæðisskiptri pokafjaðradýnu og lúxus
yfirdýnu með hrosshárum
(án höfðagafls).120x200.
Verð kr. 110.600.
**Tilboðsverð kr. 88.480.-**

rúmco

Opið:
virka daga 11-18 • laugardaga 11-16.

Lagersala

Parket og Gólf

að Eirhöfða 18 þar sem allt á að seljast.

Gegnheilt parket frá 500 krónur fm

plastparket frá 600 krónur fm

Lagersölunni lýkur á morgun sunnudag

PARKET & GÓLF

Ármúla 23 • S. 568 1888



Opnunartími: Virka daga 9-18 • Lau og sun 10-16

VÍSINDAVEFUR
HÁSKÓLA ÍSLANDS




Reiknirit Sesars byggist á því að hliðra ætíð bókstöfum um þrjú sæti í stafrófinu.

# Hvað er og hvernig verkar dulritun?

Dulritun (dulkóðun) felst í stuttu máli í því að umrita tiltekin skilaboð þannig að óviðkomandi geti alls ekki komist að innihaldi þeirra en sá aðili sem skilaboðin eru ætluð geti vandkvæðalaust umritað þau til baka og lesið. Öfuga ferlið til að endurheimta upprunalegu skilaboðin er kallað dulráðning (afkóðun). Dulmálsfræði er sú undirgrein stærðfræði og tölvunarfræði sem fæst við framangreind verkefni.

**Löng saga**
Dulritun á sér langa sögu en fyrstu dæmin um notkun hennar eru frá Egyptalandi fyrir um 4500 árum síðan. Hebreskir fræðimenn eru líka taldir hafa notað dulritun í kringum 600-500 f.Kr., meðal annars reiknirit sem kallast Atbash en það kemur fyrir í bókinni Da Vinci lyklinum sem margir kannast við. Þekktasta reikniritið frá þessum tímum er reiknirit Sesars, sem Júlíus Sesar (100-44 f.Kr.), alræðismaður Rómar, notaði til að koma hernaðarlega mikilvægum skilaboðum til hershöfðingja sinna. Afbrigði af því reikniriti eru enn notuð í dag, en þó eingöngu sem hluti af stærri og flóknari kerfum því auðvelt er að ráða dulmál Sesars með nútímaaðferðum og -tölvum.

**Hliðrað stafróf**
Þessi fyrstu reiknirit byggðust flest á einhvers konar innsetningu þar sem stafrófinu var til dæmis snúið við eða því hliðrað. Reiknirit Sesars byggðist til að mynda á því að hliðra stafrófinu um þrjá stafi, þannig að í stað A var ritað D, í stað B var ritað E, og svo framvegis. Í stað síðustu stafanna í latneska stafrófinu, X, Y og Z, var ritað A, B og C. Orðið „dulritun" væri með þessum hætti dulkóðað sem „gxoulwxq". Til að ráða skilaboðin þurfti móttakandinn að vita að hliðrun hefði verið notuð (reikniritið eða grunnhugmyndin) og að hún væri þrír stafir (lykillinn).

**Framfarir tengdar hernaði og tölvum**
Gríðarlegar framfarir urðu í dulmálsfræðum í fyrri og seinni heimsstyrjöldinni og með tilkomu tölva. Helstu notin nú á dögum eru í hernaði og viðskiptum, til dæmis í heimabönkum á netinu, eða hvar sem leyndar er þörf. Glæpamenn, svo sem hryðjuverkamenn, nýta sér líka dulritun við skipulagningu verka sinna.

Flestar tegundir dulritunar byggjast á því að til séu tiltekin reikniverkefni sem eru mjög erfið, svo erfið að það tæki milljónir ára að leysa þau með nútímatölvum. Engin sönnun er þó fyrir því að þau séu í raun erfið, það gæti einfaldlega verið að menn hafi ekki enn komið auga á réttu reikniaðferðina. Öryggi nútímadulritunar byggist hins vegar á því að slíkar auðveldar lausnaraðferðir séu ekki til.

**XOR-gildi**
Frá þessu er ein undantekning. Til er aðferð sem kallast „one-time-pad" sem byggist á því að maður hafi handahófskennda runu af bókstöfum, jafnlanga skilaboðunum sem ætlunin er að dulrita. Fyrir hvern staf í skilaboðunum er notaður einn stafur í handahófsrununni og XOR-gildi þeirra reiknað (en XOR er sérstök rökaðgerð sem hægt er að nota til að bera saman tvö gildi). Til afkóðunar eru síðan bæði notuð runan af XOR-gildunum og handahófsrunan og aftur reiknað XOR-gildi þeirra. Með þessu fást skilaboðin til baka. Hægt er að sýna fram á að án lykilsins (handahófsrununnar) er ógerningur að ráða dulmál sem fengið er með þessari aðferð. Hún er hins vegar mjög óhagkvæm vegna þess hve lykillinn þarf að vera langur.

**Leynilyklar**
Allar dulritunaraðferðir byggjast á því að sendandinn sem dulritar skilaboðin og móttakandinn sem ræður þau búi til eða hafi lykla til að dulkóða og afkóða. Slíkir lyklar eru bókstafa- eða talnarunur, í raun löng lykilorð.

Í svokölluðum samhverfum aðferðum eða leynilyklaaðferðum verða báðir aðilar að hafa sama lykilinn. Hann verður að geyma vel og má ekki senda með sömu aðferðum og dulrituðu skilaboðin sjálf. Helst verða sendandi og móttakandi að hittast til að skiptast á lyklinum og geta þeir svo notað hann til að skiptast á skilaboðum.

Í dreifi- og leynilyklaaðferðum býr móttakandinn til lyklakippu með tveimur tengdum lyklum. Móttakandinn gefur annan þeirra út opinberlega (dreifilykil) og sendandinn notar hann til að dulkóða skilaboðin. Móttakandinn notar svo hinn lykilinn (leynilykilinn) til að afkóða skilaboðin.

**Blönduð aðferð**
Oftast er notast við blöndu af þessum aðferðum, en þá eru skilaboðin dulrituð með samhverfri aðferð og samhverfi lykillinn er svo kóðaður með dreifilyklaaðferð. Allur pakkinn, dulkóðuð skilaboð og dulkóðaður lykill, er svo sendur til móttakandans.

*Erlendur S. Þorsteinsson, reiknifræðingur*

**Vísindi á verði bíóferðar! Í stað þess að fara með börnunum í bíó á laugardegi er tilvalið að leiða þau inn í heim vísindanna. – Í dag, þann 25. mars, verður fjallað um undur vísindanna í samnefndri námskeiðaröð um vísindi handa fjölskyldum á vegum Vísindavefsins, Endurmenntunar og Orkuveitunnar. Næsta laugardag, 1. apríl, verður fjallað um undur skynjunarinnar. Þar verður meðal annars skoðað hvers vegna okkur finnst tunglið vera stærra við sjóndeildarhring en þegar það er hátt á himni, af hverju okkur virðist sem svartur blettur svífi fyrir augunum ef við horfum of lengi á bjarta ljósaperu eða sólina og hvers vegna sumir skynja andlit ekki á eðlilegan hátt og þekkja hvorki foreldra sína í sjón né sjálfan sig í spegli. Hægt er að skrá sig á vefslóðinni http://www.endurmenntun.is**




Meistaranám við LBHÍ - grunnur að framtíð

**Framhaldsnám - meistaranám**

Við LBHÍ er boðið upp á einstaklingsbundið meistaranám (MS 60 einingar, 120 ECTS), m.a. í **búvísindum, náttúru- og umhverfisfræði, skógfræði og landgræðslu**. Námið felst í 15-45e rannsóknaverkefni og námskeiðum á móti við LBHÍ eða aðra samstarfsháskóla.

Einnig verður í boði frá haustinu 2006 starfsmiðað MS nám í búvísindum sem er tveggja ára háskólanám (120 ETCS), með áherslu á **rekstur og hagfræði** ásamt **faggreinum í landbúnaði** og 15 eininga (30 ETCS) rannsóknaverkefni.

Landbúnaðarháskóli Íslands
Hvanneyri • 311 Borgarnes • s. 433 5000 • www.lbhi.is




Kangoo

Renault Kangoo
Verð frá kr. 1.440.000
**Verð frá kr. 1.156.527 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 22.582
**Fjármögnunarleiga kr. 18.138** án vsk.

Trafic

Renault Trafic dci100 – Dísel
Verð frá kr. 2.230.000
**Verð frá kr. 1.791.165 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 34.696
**Fjármögnunarleiga kr. 27.868** án vsk.

Master

Renault Master
Verð frá kr. 2.390.000
**Verð frá kr. 1.919.679** án vsk.
Fjármögnunarleiga kr. 37.224
**Fjármögnunarleiga kr. 29.899** án vsk.

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun án/vsk.

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is




**FRANSKI RITHÖFUNDURINN MIREILLE GUILIANO** sem skrifaði bókina „French Women Don?t Get Fat: The Secret of Eating for Pleasure“ nýtur þess að fá sér smjör-croissant á kaffihúsi í París. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# *Franska matarleyndarmálið*

Franskar konur fara aldrei í megrun og þola ekki líkamsrækt. Þær borða osta, rjómasósur, bakkelsi og súkkulaði og drekka rauðvín en virðast þó flestar vera í kjörþyngd. *Anna Margrét Björnsson* kynnir sér matarleyndarmál Frakka, þversögn sem hefur ruglað næringasérfræðinga í ríminu í fleiri áratugi.

París er óneitanlega uppáhaldsborgin mín til að snæða í. Gömlu „brasseríin“ eru sannkölluð matarmusteri. Þar þeysast þjónar í vestum um á milli borða með risastóra bakka með himinháum turnum af sjávarfangi, stórar skálar af bouillabaisse, titrandi creme caramel og dásamlega osta. Ímyndaðu þér allt það besta í franskri matargerð. Matarmiklar lauksúpur, foie gras, steak-frites, choucroute, smjörsósur, rjómasósur, feitar pylsur, klístrað confit de canard og crepes pönnukökur fylltar með súkkulaði og ís. Þrátt fyrir svona fæðu er Frakkland sennilega einn besti staðurinn í heimi til að missa aukakílóin. Þetta segja höfundar tveggja nýútgefinna bóka, „French women don‘t get fat“ (Franskar konur verða ekki feitar) eftir Mirelle Giuliano og „Chic and Slim“ eftir Anne Barone. Sumsé, ef þú vilt halda línunum í lagi gætir þú kannski lært eitthvað af Frökkunum.

**Undirföt í stað megrunarkúra**

Þrátt fyrir mataræði sem einkennist af rjóma, smjöri, ostum og kjötmeti eru tæp tíu prósent Frakka of feiti. Þetta er fremur lág tala, að minnsta kosti miðað við þjóðir eins og Bandaríkin,sem eru með 33 prósent og Bretland og Ísland sem eru með sextán prósent. Frakkar virðast lifa lengi líka og eru með lægri tíðni hjartáfalla og kransæðastíflu en við Íslendingar - þrátt fyrir alla dýrafituna sem þeir innbyrða. Þetta er mjög undarleg staðreynd og er það sem kallast franska mótsögnin af vísindamönnum um allan heim. Í bók sem nefnist „Chic and Slim: How Those French Women Eat all that Rich Food and Still Stay Slim“ reynir höfundurinn Anne Barone að komast að leyndarmálinu. Að vísu virðist leyndarmálið snúast að miklu leyti um undirfatnað. „Aldrei vanmeta það sem svart blúndusokkabelti getur gert fyrir þig“ skrifar hin franska Barone. „Nærföt franskra kvenna hjálpa þeim við að halda sér í formi. Þau eru þeim stanslaus áminning um það að taka matarákvarðanir sem borga sig. Þetta sést best á því að það eru næstum því jafnmargar nærfataverslanir í París og bakarí.“ Pjattið sumsé hjálpar mikið til ef maður vill berjast við aukakílóin. Ég man eftir ótrulega elegant áttræðri konu sem ég hitti í París fyrir nokkrum árum. „Eina ástæðan fyrir því að ég hef alltaf haldið mér í kjörþyngd er sú að ég hef alltaf haft svo gaman af fötum,“ sagði hún. Hljómar einum of einfalt. En Barone er sannfærð. Maður á að gleyma megrunarkúrunum. „Þeir eru ekki skemmtilegir og þeir virka aldrei. Það sem ég lærði frá frönskum konum er að það að halda sér í formi snýst ekki um að telja kalóríur eða fitumagn. Það snýst ekki um að drepa sig á æfingahjólinu. Þær franskar konur sem ég þekki eru aldrei að spá í megrun. Parísardömur eru ekki í kolvetnabanni eða halda matardagbók. En þær fylgja allar skynsamlegu, jafnvel munúðarfullu mataræði. Sjáðu bara hvernig þær dýfa kræklingaskeljum ofan í hvítvínslöginn á kaffihúsi á St Germain. Þær virkilega njóta matarins. Matur er ástríða hjá þeim. Menningararfur þeirra byggist á mat. Frakkland er nú eftir allt saman heimkynni mestu kokka í heimi: frá George Auguste Escoffier til Paul Bocuse. Frökkum finnst virkilega gaman að borða. Matur er þeim ekki nauðsyn heldur eintóm gleði og einkennist aldrei af sektarkennd.“ En það er nú einmitt það skrýtna: fólkið sem er oftast „í megrun“ eru venjulega fólkið sem er í eilífri baráttu við aukakílóin.

**Matur er ástríða - ekki nauðsyn**

Sjálf lærði ég ýmislegt um franskar matarvenjur í gegnum tengdaforeldra mína í París. Það sem virtist skipta meginmáli var að málsverðir væru ætíð í gífurlega góðu jafnvægi. Alveg sama hversu hversdagslegur málsverðurinn var, þótti nauðsynlegt að vera með forrétt - sem var oft einhvers konar salat, sjávarréttir eða léttmeti - aðalrétt sem er kjöt eða fiskur ásamt meðlæti, og „fromage“ - ostur eða annars konar mjólkurvörur ásamt ávöxtum. Sumsé einhver fullkomin jafna sem Frakkar hafa lifað eftir í mörg hundruð ár, ásamt rauðvínsglasi til að skola öllum herlegheitunum niður. Ég varð aldrei vör við það að borðað væri á milli mála, og sjoppumenningin sem við Íslendingar þekkjum svo vel er ekki til.

Nýleg könnun sem var gerð af frönsku heilbrigðisstofnuninni (CFES) sýndi að mataræði Frakka er enn mjög tengt því að borða góðan mat ánægjunnar vegna. Sjötíu og sex prósent Frakka borða mat sem þeir elda heima hjá sér á meðan Íslendingar virðast oftast borða a. á hlaupum b. standandi eða c. fyrir framan Kastljósið.

Frakkar, á hinn bóginn, verja vanalega tveimur tímum í hádegisverðinn. Við sköflum í okkur matnum á sama tíma og það tekur þá að smyrja lítinn bút af bagu-

## FRANSKA LEIÐIN HENTAR LÍKAMANUM BETUR

**Sandrine Pauwels, tveggja barna móðir frá París, búsett í Raleigh í Bandaríkjunum.**

Fyrir mig eru tvö meginatriði sem skipta máli: að máltíðin eigi sér alltaf stað með fjölskyldunni við borðstofuborðið til þess að matartími sé fyrst og fremst til þess að njóta einhvers saman en ekki bara til þess að nærast, og í öðru lagi að maturinn sé fjölbreyttur og vel samsettur. Það er enginn matur á bannlista hjá mér því að það er allt í lagi að borða alla hluti ef það er í litlum skömmtum, meira að segja kökur eða kartöfluflögur. Ef ég vil ekki að börnin borði eitthvað sérstakt þá bara kaupi ég það ekki, og því verða engar freistingar á vegi þeirrra. Ég reyni að kaupa mjög fjölbreyttan mat svo að börnin læri um mismunandi bragðtegundir og ég elda næstum því alltaf. Ég ræði oft við börnin á meðan við máltíð stendur um hvað við erum að borða, hvað þeim finnst gott eða ekki og af hverju. Fyrir mér er á maður að læra um mat eins og all aðra hluti. Þetta er hluti af menningunni. Eftir að ég flutti til Bandaríkjanna passa ég mig að kaupa lífrænt ræktaðar vörur þar sem að ég hræðist öll þau aukaefni sem eru sett í matinn hérna. Við borðum aldrei á milli mála en það er mjög erfitt í þessu landi. Ég held að það stuðli virkilega að offitu í löndum eins og Bandaríkjunum og jafnvel Íslandi sem ég hef heimsótt. Þið borðið allan liðlangann daginn!



**Kristín Jónsdóttir, parisardaman.com og tveggja barna móðir í París.**

Frakkar lifa ekkert endilega afar heilbrigðu lífi. Sósumenning þeirra er þó mun heilbrigðari en okkar - þeir vita ekki hvað kokkteilsósa er. Þeirra löngu málsverðir skemmtilegri en að sjá íslendinga skófla í sig matnum og rjúka frá borðum. Ég versla megnið af grænmeti og kjöti á markaði eins og margir Parísarbúar gera. Þar er úrvalið mjög gott og grænmetið geymist mun betur en það sem maður getur keypt dýrum dómum á Íslandi. Á markaðnum eyði ég yfirleitt um tuttugu evrum, fer þá heim með fulla poka af grænmeti fyrir næstu daga og að minnsta



kosti eina góða kjötmáltíð. Á mínu heimili borðum við með börnunum okkar á kvöldin, sitjum til borðs og höfum hvorki útvarp né sjónvarp nálægt. Ég veit ekki um neinn Frakka sem er með sjónvarp í eldhúsinu sínu.En einu sinni í viku endum við á að sjóða pasta og hella tilbúinni tómatsósu yfir eins og allir vinnandi foreldrar ungra barna lenda í. Við huggum okkur við að í leikskólanum borða þau þriggja rétta hádegisverð, hrátt grænmeti fyrst, kjöt og meðlæti og svo mjólkurmat eða ávöxt á eftir. Og flestir Frakkar fá klukkutíma í mat og margir hverjir nota sér veitingahúsaávísanir sem fylgja oft launasamningum og fara á veitingahús og borða vel. En svo er annað sem mætti minna á: Hér í Frakklandi er miklu miklu erfiðara að vera feitlagin heldur en t.d. á Íslandi, það eru miklir fordómar gagnvart feitu fólki og það líður mikið fyrir vaxtarlagið. Konur eru jafnvel aldar upp við að ef þær verða of feitar muni maðurinn þeirra halda framhjá þeim.



**Björg Björnsdóttir, kynningarstjóri Þjóðleikhússins, bjó í Frakklandi í fimm ár.**

Stundum þegar ég hugsa um Frakkland, dvölina í Frakklandi, vini mína í Frakklandi, veðrið í Frakklandi..., finnst mér eins og þær hugsanir allar séu tengdar mat. Ilmurinn af nýbökuðum croissant à l‘amande á morgnana, gróður jarðar í bland við sjávarfangið á hverfismarkaðinum og nýjasta stolt vínsalans; allt var þetta hluti af daglegu lífi. Í fyrstu átti ég erfitt með að skilja hvernig t.d. er hægt að sitja til borðs í fjóra, fimm tíma og tala eiginlega allan tímann um mat. Það er dásemdar siður sem ég sakna óskaplega í dag. Nú er eins og maturinn sé annað hvort bara góður eða vondur. Og hann á sér fráleitt einhverja sögu! Það segir sig sjálft að franska leiðin hentar líkamanum mun betur... og auðvitað sálinni líka. Það væri einföldun að segja að Frakkar lifðu til að borða en þó skýrir það ágætlega megin muninn á okkur og þeim. Við borðum ennþá mest til að lifa og gleymum of oft að njóta sem skyldi þessarar daglegu athafnar í lífi okkar.

ette. Franski næringarfræðingurinn Francoise L'Hermite segir að franska leyndarmálið sé að setjast niður með fjölskyldu eða vinum þegar þú snæðir, og að borða þrjár máltíðir alltaf á sama tíma dags. Hún bendir á að Frakkar borði aldrei fyrir framan sjónvarpið og að þeir borði mjög hægt og njóti bæði matarins og félagsskaparins. „Í Frakklandi eru matmálstímar mjög sérstakar stundir, þar sem þú deilir bæði mat og samræðum," segir hún. „ Í Norður-Evrópu, Englandi og Ameríku virðist matur bara vera orkugjafi fyrir líkamann. Þú átt alltaf að njóta þess sem þú borðar. Annars ertu að brjóta allar reglur." Inga Þórsdóttir, prófessor í næringarfræði hjá Landspítalanum, segir þó að börn í Suður-Evrópu séu að hraðfitna og tíðni offitu t.d. í Ítalíu há, sennilega vegna skyndibitabylgju sem er koma þangað líka. „Hinsvegar hafa þeir kannski komist lengur undan þeirri hörðu markaðssetningu á óhollu fæði sem við höfum orðið fyrir barðinu á hér og td. Bandaríkjunum og Bretlandi. Matarhefðir Frakka hafa vafalaust hjálpað þeim til þess að sporna betur við þessari þróun."

**Spornað við skyndibitamenningunni**

Sumsé - máltíðir í Frakklandi sinna félagslegri þörf. Þær eru samsettar af nokkrum smáum réttum, með nægum tíma á milli fyrir meltinguna. Hér á Íslandi borðum við mikið meira af tilbúnum og hálftilbúnum réttum. Við borðum skyndibitamat reglulega. Við borðum einn rétt, og venjulega mikið af honum. Mismunandi fjölskyldumeðlimir borða oft mismunandi hluti á mismunandi tímum. Það tekur okkur korter að undirbúa kvöldmatinn. Á meðan við erum að innbyrða risavaxið Mars-súkkulaði á rauðu ljósi í hádeginu eru Frakkar að fá sér litla bita á meðan þeir ræða um hvað þeir eru að borða. Allir sem hafa eytt sumarfríi í Suður-Frakklandi hafa tekið eftir því að Frakkar eru uppteknari af gæðum en magni. Í næstum hverju einasta smáþorpi í Frakklandi eru markaðir stútfullir af heimagerðum pylsum, geitaosti, fíkjum og trufflum úr skóginum. Þetta er ekki bara kostur fyrir miðstéttina sem á nægilegan pening, heldur er alltaf eitthvað til, fyrir alla, alla daga. Í stað þess að vera háðir tilbúnum vörum sem eru stútfullar af rotvarnarefnum og óæskilegri fitu leggja Frakkar mikið upp úr því að framreiða óunninn mat. Þess vegna velja franskar konur frekar bita af dökku „alvöru" súkkulaði heldur en til dæmis Snickers-stöng. Þetta er líka spurning um snobb sem þær frönsku eru þekktar fyrir. Snobb er líka gott fyrir línurnar. Markaðurinn fyrir tilbúnar máltíðir í Bandaríkjunum jókst um 39 prósent frá árunum 1999 til 2003 og hinn þriggja milljarða dollara markaður fyrir „fæðustangir" á víst að tvöfaldast árið 2007. Ameríska tilbúna fæðan er farin að ná í hillur íslenskra matarverslana með sínu ískyggilega innihaldi. Pakkningar eru ofast risastórar eða Supersize. En hversu lengi frakkar geta haldið út gegn skyndimenningunni er spurning. Nýjar tölur sýna því miður að Frakkar eru að fitna eftir því sem fleiri hamborgarastaðir bætast í hópinn. Vonandi munu frakkar heyja harða baráttu til að halda áfram þjóðarsambandi sínu við mat. Kannski verður það pjattið og snobbið sem mun bjarga frönskum konum. Eins og Anne Barone segir í bók sinni:



**PARÍSARDÖMUR** Að snæðingi á veitingahúsi við St. Germain götuna á vinstri bakka Parísarborgar á sjötta áratugnum.

„Franska konan sér sig sem fallega konu fyrst og fremst, þrátt fyrir alla galla sem hún kann að hafa. Henni finnst hún eiga skilið að vera grönn og heilbrigð og geta klætt sig í falleg föt." Ef við setjum mat í aðalhlutverk í okkar skyldum hlaðna lífi í stað þess að troða honum inn um varir okkar þegar við höfum nokkrar mínutur aflögu getum við kannski hætt í sífelldum vítahring megrunar, ofáts og samviskubits. Og þá komumst við jafnvel líka í Chanel-dragtina í stærð 38.

*Anna Margrét Björnsson bjó í París í tvö ár og reynir að ala börnin sín upp eftir frönskum matarhefðum.*

*Chic and Slim: How French women eat all that rich food and don't get fat eftir Anne Barone og French women don't get fat eftir Mireille Giuliano fást báðar á amazon.com* ■

---

## Florence Helga Guérin, listakona og móðir í París

Ég er hálf íslensk og hálf frönsk, en matarvenjur mínar eru franskar. Ég borða þrjár máltíðir á dag á reglulegum tímum, og oftast við matarborðið. Ég borða alltaf mikið af grænmeti og ávöxtum, og tek sérstaklega eftir því að á Íslandi borðar fólk á hvaða tíma dags sem er. Þeir fá sér kannski ís klukkan 14 og svo pizzu klukkan 16! Það er líka virkilega mikið af skyndibitastöðum og sjoppum á Íslandi, miklu meira en í París. Ef ég ætti heima á Íslandi myndi ég fá mér fisk á hverjum degi, en að vísu eru pylsur og kókosbollur svo góðar að hver veit, kannski gæti maður aldrei staðist þetta.






# Þú getur sagt allt í ljóði

Alþýðufræðarinn, skáldið og presturinn **Johannes Møllehave** er þekktasti fyrirlesari Danmerkur. Í fyrirlestrum sínum fjallar hann um mannlega reynslu, tilfinningar, samskipti, líf og dauða, gleði og sorgir – og einkum hvernig ljóðlistin nær að höndla allt sem mannlegt er. *Súsanna Svavarsdóttir* ræddi við Johannes um líf hans og kenningar þegar hann var staddur hér á landi í liðinni viku.



**PRESTURINN OG SKÁLDIÐ JOHANNES MØLLEHAVE** Einn þekktasti og ástkærasti fyrirlesari í Danmörku.

Ljóðlistin fjallar um núið. Skáldsagan fjallar um fortíðina og leikrit, til dæmis eftir Ibsen, fjallar um framtíðina," segir Johannes Møllehave þegar hann er spurður hvers vegna hann álíti ljóðlistina öðrum bókmenntagreinum fremri. Johannes hefur verið gestur hér á Íslandi síðastliðna viku og ferðast með ljóðaprógramm, ásamt djasstríói, vítt og breitt um landið. Í Reykjavík tróð hann upp í Norræna húsinu og fjallaði um danska ljóðlist, gestum til mikillar ánægju.

Johannes Møllehave kallar sig alþýðufræðara. Hann er rithöfundur, skáld og prestur með meiru – sérfræðingur í H.C. Andersen, Kierkegaard, Shakespeare, Dostojevskí og norrænu fornsögunum. Stundum gerist hann leiðsögumaður fyrir danska áhugamenn um bókmenntir og sögu um söguslóðir á Íslandi, heim Shakespeares í Bretlandi og þess á milli til St. Pétursborgar. Kunnugir segja að hann hafi einstaka hæfileika til að útskýra hinn flókna heim þeirra miklu bókmennta sem hann hefur tileinkað sér á einfaldan og skýran hátt þannig að allir geti skilið þær. Í Danmörku eru vinsældir hans sem fyrirlesara og viðmælanda í fjölmiðlum sagðar „stjarnfræðilegar". Þegar Johannes Møllehave talar, hlusta allir. Hann fyllir hvaða sal sem er í Danmörku þegar hann kemur og treður upp.

Það var heljarinnar upplifelsi að sitja á kynningu hans á danskri ljóðlist í Norræna húsinu. Með gleraugun hátt uppi á enni las hann dönsk ljóð, útskýrði hvað væri sérstakt við ljóðin sem hann las og tengslin á milli þeirra. Andlitið allt á iði, birta í augunum. Salurinn hreifst með.

### Ljóð á hverjum morgni
„Ljóðinu tekst alltaf að opna augu manns fyrir einhverju sem var manni áður hulið," segir Johannes. „Þar sér maður að allt í lífinu tengist á einhvern hátt og þau opinbera manni mannlegar tilfinningar. Ég byrja hvern einasta dag á því að lesa ljóð. Það gerir mér auðveldara að takast á við daginn framundan. Ég hef oft velt því fyrir mér hvers vegna læknar á sjúkrahúsum hafa það ekki fyrir reglu að lesa ljóð á morgnana. Það þurfa þeir að gera víða á sjúkrahúsum í Bandaríkjunum, vegna þess að menn hafa gert sér grein fyrir að ljóðið er eina leiðin til að skilja hvað aðrar manneskjur eru að hugsa.

Þið Íslendingar eigið skáld sem hefur einstakan hæfileika til að koma mannlegum tilfinningum og örlögum til skila. Það er Einar Már Guðmundsson. Hann er fyrst og fremst skáld, í öðru lagi sagnahöfundur. Ég myndi ganga svo langt að segja að hann sé eitt dásamlegasta núlifandi skáld heimsins. Jafnvel sögur hans eru hrein ljóðlist.

Þú getur sagt allt í ljóði. Þar getur þú lýst annarri manneskju á mun nákvæmari hátt en í sögu, vegna þess að þú ert að lýsa anda hennar, hver hún er. Þú getur lýst augum hennar og rödd og hjartalagi. Þessu getur þú komið til skila í ljóði þannig að lesandinn skilur nákvæmlega hvernig manneskju þú ert að lýsa.

Annað skáld sem ég held mikið upp á er Gunnar Ekelöv, sem er uppalinn í Svíþjóð. Í einu ljóði sínu segir hann eitthvað á þá leið: „Þú getur ekki þjáðst án þess að elska/Þú getur eki elskað án sársauka." Í þessu felst stór og mikill sannleikur."

### Ástríður og tilfinningar
„Í fornum menningarheimum er mikið fjallað um ástríður. Að vera ástríðufullur þýðir að þú hefur miklar tilfinningar. Ástríður þínar eru persónuleiki þinn. En það eru til ólíkar tegundir af ástríðum. Hjá Grikkjum til forna snerust þær um að lifa lífinu til fulls, sætta sig við allar tilfinningar. Þeir lifðu ástina, gleðina, afbrýðisemina, reiðina, sársaukann; lifðu og dóu fyrir ástríður sínar. Tilfinningar voru upphaf allra örlaga. Núna hefur þetta breyst.

Þú þarft ekki annað en fara niður á strönd á fallegum sumardegi til að sjá breytingarnar. Þar eru börnin að leika sér í sjávarmálinu, fullorðna fólkið er að lesa. Karlarnir lesa tímarit um tölvur og bíla og þessháttar, konur lesa tímarit og bækur um tilfinningar. Sínar eigin tilfinningar; tilfinningar eiginmannsins, tilfinningar barnanna, tilfinningar allra. Karlar í dag hafna því að lífið snúist um tilfinningar. Það er mjög heimskulegt vegna þess að eina leiðin til að skilja annað fólk er að skilja sjálfan sig. Yfir borgarhliðinu í Delfi var skilti til forna þar sem stóð: „Þekktu sjálfan þig" og ein af grundvallarkenningum Kierkegaards var: „Þú verður að vita hver þú ert." Þekkirðu einn mann, þekkirðu alla menn. Ef þú þorir.

Hins vegar er það svo að fólk vill ekki þekkja, horfast í augu við og viðurkenna ýmsa þætti í sjálfu sér. Það vill bara sjá það sem er viðurkennt sem gott. Það afneitar löstum sínum og göllum. Þegar það hittir fólk sem kallar fram þessa lesti og galla telur það sér ógnað, sér óvini í hverju horni. Það yfirfærir sína eigin galla á aðra."

Johannes segir það eitt einkenni nútímans að manneskjan óttist tilfinningar. Hún sé hrædd við sorgina, reiðina, jafnvel bara blendnar tilfinningar. „En tilfinningar eru náttúrulegar. Og þær kristallast í ljóðlistinni. Það er falleg athöfn að lesa góða ljóðlist. Það er eins og að horfa á fallegt málverk eða fallega konu. Það er fegurð í ljóðlistinni. Hún sameinar svo marga þætti."

### Mótlæti, andstaða og höfnun
„Þú getur farið í háskóla og lært siðfræði – sem kennir okkur hvað er gott, heimspeki – sem kennir okkur hvað er satt, fagurfræði – sem kennir okkur um fegurðina og trúarbragðafræði – sem kennir okkur um eilífðina. Þessar greinar eru þannig að ef þú leggur stund á eina þeirra ertu að læra hinar. Allt þetta felur ljóðlistin í sér. Og það verður aldrei betra að segja lygar en sannleika. Í Snorra-Eddu hefurðu mjög skýr dæmi um það."

Johannes segist hafa fengið áhuga á ljóðlist á æskuárum og sá áhugi hafi styrkst með hverju ári. „Ég hef oft þurft að takast á við mínar eigin tilfinningar. Ég hef gengið í gegnum missi og sorgir, þurft að taka mótlæti, andstöðu og höfnun. Það er hluti af því að lifa."

Í viðtalsbókinni „Møllehave – et liv har fem akter (Møllehave – lífið er í fimm þáttum), sem Jakob Kvist skráði, lýsir Johannes viðbrögðum sínum við dauða föðurins, móðurinnar og eiginkonunnar, Herdísar. Faðir hans, sem var kennari, lést snögglega fyrir aldur fram og var syninum mikill harmdauði. Samband þeirra var mjög kært og Johannes segist hafa grátið mikið eftir dauða hans. Enn í dag á hann erfitt með að dvelja á æskuslóðunum þar sem þeir feðgar fóru í langar gönguferðir og spjölluðu um lífið og tilveruna. Þar ýfi hvert kennileiti of mikið upp söknuðinn. Móðir Johannesar dó hins vegar úr krabbameini eftir langvarandi þjáningar. „Hún var á svo sterkum verkjalyfjum að hún vissi oftast hvorki í þennan heim né annan. Hún þjáðist svo ákaflega að hún hrópaði og æpti. Þær voru ófáar næturnar sem ég sat hjá henni og það var skelfilegt að hlusta á þessa þjáningu. Á morgnana þegar ég sagði við hana að nóttin hefði verið skelfileg, mundi hún ekki neitt. Svo rétt áður en hún dó formælti hún mér og börnum mínum. Það var erfitt, jafnvel þótt ég vissi að hún væri ekki með réttu ráði. Og þó – kannski var hún það. Kannski voru þetta eðlileg tilfinningaleg viðbrögð manneskju sem átti sér enga framtíð. Við áttum hins vegar framtíð. En þetta gerði mig hræddan. Og ég verð að segja eins og er að ég skil ekki hvers vegna fólk er látið þjást svona. Ef þetta hefði verið hundur, hefðum við veitt honum líkn. Það er miklu erfiðara að horfa upp á svona þjáningu, en að missa sína nánustu.

Það er fátt sem gerir okkur eins hrædd og það sem við þekkjum ekki. Ég man til dæmis eftir manni sem sagði mér að hann hefði farið inn á sjúkrahús til þess að heimsækja vin sinn. Á ganginum mætti hann konu sem hann þekkti. Hún var að deyja úr krabbameini og var hárlaus og afar horuð. Þegar hún rétti fram höndina til að heilsa honum hörfaði hann. Hann varð einfaldlega hræddur."

### Sorg og sorgarviðbrögð
Þegar eiginkonan, Herdís, lést mjög skyndilega, nóttina áður en þau ætluðu að halda í heimsókn til Íslands í júní 2002, var Johannes orðinn lífsreyndur og þroskaður maður sem þekkti sjálfan sig afar vel. Þau höfðu verið saman frá því hann var nítján ára, gengið í gegnum þykkt og þunnt, uppgang og áföll – og eignast þrjú börn. Í viðtali um sorg og sorgarviðbrögð við kristilegt tímarit talaði Johannes um gleðina í sorginni – og var auðvitað umsvifalaust legið á hálsi fyrir að syrgja ekki konu sína. En það var öðru nær. Orð sín útskýrir hann í áðurnefndri viðtalsbók og segir, meðal annars: „Ég hef verið prestur að ævistarfi og oft heyrt fólk æðrast yfir ástvinamissi. Það formælir jafnvel Guði. Ég hef aldrei skilið þetta. Víst er ákaflega sárt að missa – en þú getur ekki misst neitt nema vegna þess að þér var gefið. Þegar Herdís dó fylltist ég ekki bara sorg og söknuði, heldur einnig þakklæti yfir því að hafa eignast hana sem konu, gleði yfir því lífi sem við höfðum fengið að eiga saman. Sársaukinn er hluti af því að hafa fengið að elska og vera elskaður, söknuðurinn er eðlilegur þegar ástin er tekin frá manni. En maður má ekki gleyma því að maður fékk að njóta hennar. Sá sem þorir ekki að elska vegna þess að hann getur misst, lifir auðnarlífi.

Ástvinamissir breytir manni varanlega, en það er svo margt annað sem breytir manni. Að lifa felur það í sér að taka stöðugum breytingum. Mér finnst Ófelía Shakespeares orða þetta einkar vel þegar hún segir að dóttir bakarans hafi áður verið ugla – og bætir við: „Vei, ó vei, við vitum hvað við vorum en ekki hvað við verðum." Ég hef legið í verkum Shakespeares frá því ég man eftir mér og fjallað um þau árum saman. Það er svo merkilegt með Shakespeare, að ég les hann aftur og aftur og er alltaf að finna eitthvað nýtt í þeim, eitthvað sem áður fór framhjá mér. Það er vegna þess að ég er alltaf að breytast. Það sem áður var mér hulið, opnast mér þegar ég hef þroska og reynslu til að skilja það. Svo er það lýrikin í verkum hans, rétt eins og í verkum H.C. Andersen sem er annað af mínum uppáhaldsskáldum. Ég hef fjallað mikið um hann og finnst alltaf jafn merkilegt þegar fólk segir mér að það hafi aldrei áttað sig á því hvað verk hans eru ljóðræn."

### Yfirborðsmennskan ristir ekki djúpt
Við fyrstu sýn virðist Johannes mikill æringi. Hann er fyndinn og skemmtilegur þegar hann fjallar um dönsku ljóðlistina með tilheyrandi svipbrigðum og hreyfingum. Einhvern tímann var um hann sagt að hann væri yfirborðslegur - en hann svaraði því til að það gerði ekkert til vegna þess að yfirborðsmennska hans risti ekki djúpt. Það voru orð að sönnu, enda hefur maðurinn ekki aðeins eytt ævinni í að kynnast sjálfum sér, heldur hefur hann verið sálusorgari fyrir allan skala mannlífsins, milljónera jafnt sem morðingja. En hann ætlaði aldrei að verða prestur. Hann ætlaði að verða kennari. Foreldrar hans höfðu þó alltaf verið vissir um að hann yrði prestur – og í guðfræði fór hann.

„Ég varð ekki trúaður vegna þess að ég væri prestur, heldur

varð ég prestur vegna þess að ég var trúaður,“ segir hann í viðtalsbók sinni. En fyrstu árin eftir útskrift starfaði hann sem kennari. Reyndar hafði hann starfað við fullorðinsfræðslu á háskólaárunum þegar hann kenndi verkamönnum í verksmiðju á Amager dönsku og sagnfræði. En hann vann ýmislegt fleira á námsárunum, þar sem hann hafði fyrir fjölskyldu að sjá. Á tímabili hafði hann þrettán störf meðfram náminu, meðal annars var hann húsvörður í skólanum, tróð upp í barnaveislum, kenndi lesblindum og skrifaði ljóðmæli, lagatexta og krónikur á færibandi. Svo varð hann prestur.

„Kristin trú hefur verið mín leið í lífinu,“ segir Johannes. „Stundum finnst mér það vera andstæðurnar í sjálfum mér og mótlætið í lífinu sem hafa haldið mér á þeirri leið. Það er sama á hverju hefur gengið, ég hef alltaf viðurkennt sjálfan mig fyrir það sem ég er. Ég hef ekki hafnað nokkrum þætti í sjálfum mér. Í trúnni á Skaparann felst að þú ert skapaður og verður að viðurkenna allt sem er innra með sjálfum þér.“

**Dásamlega Ísland og fornsögurnar**

Johannes er mikill Íslandsvinur og hefur komið á hverju ári til Íslands frá 1989. Hann dvelur yfirleitt hér í einn mánuð í hvert sinn. En hvað er það sem dregur hann til Íslands?

„Ísland er eitt dásamlegasta land í heimi. Ég er með gangráð og þar sem ég vinn eins og hestur á

*„Stundum finnst mér það vera andstæðurnar í sjálfum mér og mótlætið í lífinu sem hafa haldið mér á þeirri leið. Það er sama á hverju hefur gengið, ég hef alltaf viðurkennt sjálfan mig fyrir það sem ég er.“*

ég það til að verða mjög þreyttur, verð fyrir eins konar rafmagnstruflunum. Eftir mánuð á Íslandi hef ég hins vegar náð að hlaða upp svo mikilli orku að ég get haldið áfram að vinna næsta hálfa árið,“ segir hann kíminn. En fleira liggur að baki áðdáun hans á landinu. Þar vega fornsögurnar kannski þyngst en þeim hreifst Johannes af á barnsaldri.

„Njála hefur alltaf verið uppáhaldið mitt. Hún er svo mannleg. Þar eru ástir, vinátta, svik og trúnaðarbrestur – eins og í verkum Shakespeares. Ég bendi bara á hliðstæðurnar milli Lady Macbeth og Hallgerðar. Þær elska eyðingaraflið sem þær búa yfir. Ef þú skoðar Hallgerði vandlega geturðu lesið á milli línanna að hún var misnotuð í æsku. Ekki af föður sínum. Hann var erlendis þegar hún var barn. Síðan er dramað í Egils sögu svo svipað því sem er í Othello og Hamlet hjá Shakespeare. Þessi mikli höfðingi sem Egill er og allir bera óttablandna virðingu fyrir er vanmáttugur þegar kemur að tilfinningunum. Þessi maður sem hefur óskorað veraldlegt vald er valdalaus þegar hann stendur frammi fyrir ástinni og dauðanum. Þar mega vilji hans og vald sín einskis. Íslendingasögurnar segja okkur svo margt, til dæmis að til eru svið í lífinu sem vilji þinn og vald ná ekki yfir.“

Það er alveg sama um hvað rætt er við Johannes Møllehave, allt hefur hann ígrundað, skoðað niður í kjölinn og fundið niðurstöðu – og hann er til í að deila allri sinni reynslu og hugsun með öðrum. Það er því ekki hægt að láta hjá líða að spyrja hvað honum finnist um það að Íslendingar skuli smám saman vera að kaupa Danmörku.

„Mér finnst það mjög fyndið,“ segir hann og hlær. „Við höfðum valdið í svo langan tíma að við höfum gott af því að finna hvað það er að vera lítil þjóð. Þjóðverjar hefðu hæglega getað keypt alla Danmörku í einum bita. Það hefði verið slæmt. Við erum bara heppin að það skuli vera Íslendingar sem vilja okkur.“ ■

## KÚBUÆVINTÝRI TINNA ÞÓRUDÓTTIR ÞORVALDSDÓTTIR SKRIFAR FRÁ HAVANA

# Rafmagnsleysisbömmer

Hér á Kúbu virkar rafmagnið ekki eins og við erum vön. Það fer. Rafmagn er nokkuð sem ég sem Vesturlandabúi tek sem algjörlega sjálfsögðum hlut. Það er nokkuð sem maður hugsar ekki einu sinni um, það bara er. Rafmagn er nokkuð sem maður tekur nefnilega ekki eftir fyrren það fer. Af þessu leiðir að maður tekur all hressilega eftir rafmagninu hér á Kúbu. Á Íslandi man ég til þess kannski tvisvar sinnum á mínum 25 árum lifuðum að rafmagnið hafi farið. Reyndar á ég bara eina skýra minningu af rafmagnsleysi, ég hef verið svona 8 ára og það var stormur og við kveiktum á kertum og spiluðum. Það var stemning. Hér er þetta ekki svo mikil stemning. Meira svona bömmer. Oftar en ekki eru ekki einu sinni til kerti. Þá er ósköp lítið annað í stöðunni að gera en að fara bara hreinlega að sofa. Ef það eru til kerti er hægt að sitja við kertaljós og spjalla. Eða lesa við kertaljós, sem hljómar mun rómantískara en það í raun er. Venjulega fer rafmagnið, það er kallað apagón, svona annan til þriðja hvern dag, þetta er þó mjög breytilegt. Venjulegur apagón stendur yfir kannski hálftíma upp í einn og hálfan. Og það er nú bara fínt og ekkert mál með það.

Leiðinlegur apagón stendur yfir allt að tólf tíma, ljósið kemur svo kannski inn í smá tíma og fer svo aftur. Það eru bömmerar. Svo svona til að króna ömurleikann taka bræður rafmagnsleysisins, þeir gasleysi og vatnleysi, stundum upp á að heimsækja á sama tíma. Þá fyrst er mínu vestræna hjarta nóg boðið og ég bölva Kastró í sand og ösku. En þó í hálfum hljóðum eða á íslensku, ekki vildi ég vera í rafmagnslausu kúbönsku fangelsi!



*Tinna Þórudóttir Þorvaldsdóttir fór sem skiptinemi til Havana en ílengdist til að njóta ævintýra og ófara.*




# VELKOMIN Í HÚSGAGNAHÖLLI

## upplifðu gæði á lægra verði






**BODUM** Corona expressobollar með doppum, 6 stk. í pakka kr. **790**



**BODUM** Corona bollar, með mynstri, 6 stk. í pakka kr. **990**



**BODUM** Corona mál, 6 stk. í pakka kr. **1.290**



LATEX YFIRDÝNA
90 x 200 cm
15.980

**NOCTURNE 3015** með þykkri yfirdýnu, 25 mm latex, millistíf dýna. Frotte áklæði sem hægt er að þvo við 60 gráður. Tvöfalt gormakerfi. Efra kerfi inniheldur 114 Bonell gorma á m². Neðra kerfi inniheldur 150 Bonell gorma á m². Verð eru án fóta.



LATEX YFIRDÝNA
90 x 200 cm
24.980

140 x 200 cm
37.980

**NOCTURNE 1909** með þykkri yfirdýnu, 40 mm latex, millistíf dýna. Frotte áklæði sem hægt er að þvo við 60 gráður. Tvöfalt gormakerfi. Efra kerfi inniheldur 273 svæðaskipta pokagorma á m². Neðra kerfi inniheldur 150 Bonell gorma á m². Verð eru án fóta.



LATEX YFIRDÝNA
90 x 200 cm
39.980

120 x 200 cm
49.980

140 x 200 cm
59.980

**NOCTURNE 3027** með þykkri yfirdýnu, 40 mm latex, millistíf dýna. Prjónað áklæði sem hægt er að þvo við 60 gráður. Tvöfalt gormakerfi. Efra kerfi inniheldur 265 svæðaskipta pokagorma á m². Neðra kerfi inniheldur 150 Bonell gorma á m². Verð eru án fóta.

**OPIÐ ALLA DAGA** Mánudaga - Föstudaga 10-19 • Laugardaga 10-18 • Sunnudaga 12-18

NA

TILBOÐIN GILDA AÐEINS UM HELGINA

HÚSGAGNAHÖLLIN



**TESSA BORÐSTOFUBORÐ**
eik, olíborið eða sápuborið
B90 x L160 cm.
**49.980**

**BOSTON HORNSÓFI**
fæst í camel, sand og rauðu
L 246 x 250 x D90 cm.
**69.980**



**BODUM** UVO eggjabikarar með skeið, 6 stk. í pakka kr. **250**



**SOKRATES** leðurstóll, úr brúnu Bycast leðri kr. **29.980**

**NEPTUN** leðurstóll, úr brúnu Bycast leðri kr. **29.980**



## LYFTIDÝNA
dýna og botn með fjarstýringu

**4023 SPRINGDÝNA** springdýna sem hægt er að snúa. 25 mm þykk latex bólstrun. Vattstungið prjónáklæði. Millistíf fjöðrun með 261 svæðakiptum pokagormum á m². Hæð 18 cm B 90 x L 200 cm. Yfirdýna fylgir tilboði.

**NOCTURNE 4023 dýna og NOCTURNE 8058 lyftibotn**
90 x 200
**69.980**

**4025 SPRINGDÝNA** springdýna sem hægt er að snúa. 25 mm þykk latex bólstrun. Vattstungið prjónáklæði. Millistíf fjöðrun með 498 svæðakiptum pokagormum á m². Hæð 18 cm B90 x L 200 cm. Yfirdýna fylgir tilboði.

**NOCTURNE 4025 dýna og NOCTURNE 8058 lyftibotn**
90 x 200
**79.980**

**8058 LYFTIBOTN** með 26 formspenntum rimlum, þar af 5 sem hægt er að stilla til að fá misstífa fjöðrun. Með dýnu og bremsum.

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200

# Glíman elur drengskap og göfugar hugsanir

**Þorsta fólks í upplýsingar um sögu og þróun íslenskrar glímu fæst nú svalað því bókin Þróun glímu í íslensku þjóðlífi eftir Þorstein Einarsson kom út við hátíðlega athöfn á miðvikudag. *Björn Þór Sigbjörnsson* var viðstaddur ásamt fjölda annarra áhugamanna um þessa ævafornu þjóðaríþrótt Íslendinga.**



**ÞORSTEINN EINARSSON** Bókarhöfundur, hlaut Stefnuhornið fyrir bestu glímu á Íslandsglímunni 1932.



**HERMANN JÓNASSON** Glímukóngur Íslands 1921 og síðar forsætisráðherra.

Þorsteinn Einarsson var flestum Íslendingum fróðari um íþróttir og skrifaði nokkrar bækur um íþróttir um ævina. Hann var íþróttafulltrúi ríkisins frá 1941 til 1981 og hafði sem slíkur mikla sýn yfir allar þær íþróttagreinar sem stundaðar voru í landinu. Áhugi Þorsteins á glímu var þó sýnu mestur en hann hóf glímuiðkun á unglingsaldri.

Rúm sextíu ár eru liðin síðan Þorsteinn kom fyrst að ritun bókar um glímu og vann hann að því hugðarefni sínu meðfram öðrum störfum, allt fram á síðasta dag. Þorsteinn lést í byrjun árs 2001.

Í Þróun glímu í íslensku þjóðlífi er rakin saga glímunnar frá landnámi til okkar daga og geymir bæði sagnfræði og fróðleik um þekktustu glímu- og fangbrögð veraldar. Rakin eru sögubrot um fangbrögð í Íslendingasögunum og svo lið fyrir lið, aldir fyrir aldir, uns greint er frá nýjustu breytingum sem gerðar voru á glímulögum.

Nokkuð var skrifað um stöðu glímunnar á fyrri hluta síðustu aldar og ekki báru öll skrifin íþróttinni fagurt vitni. Frá þessu er greint í bókinni. „Nú er íslenzka glíman að verða olnbogabarn þjóðarinnar. Nú er hún hrakyrt af mörgum og fáir leggja henni liðsyrði,“ sagði ónefndur bréfritari í Vetrarblaðinu 1916. Og áfram hélt hann. „Láta margir gildlega gegn henni og vinna henni það ógagn er þeir mega. Reyna þeir að koma þeirri flugu í munn fávísum mönnum, að hún sé hættuleikur og lítt fallin til gamans, því stór meiðsl geti hlotist af. Þar að auki sé hún ljót og leiðinleg íþrótt.“ Þorsteinn Einarsson gerir athugasemd við bréfið og segir þennan harða dóm ekki sanngjarnan þó í honum hafi verið sannleikskorn. Miðist umrætt ástand við Reykjavík en glíman hafi lifað góðu lífi víða á landsbyggðinni.

Árið 1944 skrifaði Arnór Sigurjónsson skólastjóri í Suður-Þingeyjarsýslu grein um glímuna og lét í ljós þá skoðun sína að eðli hennar væri gamanleikur, kappleikur, hreyfingarþörf og baráttuhvöt. Að rækt við glímu væri orðin ófullkomnari en áður. Að fegurðarglíma gerði íþróttina að skaplausum leik. Að glímumenn væru alltaf öðru hvoru á fjórum fótum, en þó taldir uppistandandi, viðureignir væru dræmt og dólgslegt hnoð. Og að byltulögum hefði verið breytt til ósamræmis við eðli glímu, að gilda ætti „fallinn er sá, sem fótanna missir.“ Enn gerir Þorsteinn athugasemdir í bókinni og hrekur þessar skoðanir Arnórs.

Á þessum tímum var raunar mikið rætt og ritað um ýmsa anga glímunnar og deilt um túlkun laga. Fall, bylta og níð var meðal þess sem tekist var á um. Þrátt fyrir ólíkar skoðanir á tæknilegri útfærslu og stöðu glímunnar á hverjum tíma má fullyrða að flestir unnendur glímu geti tekið undir orð Gunnars M. Magnúss rithöfundar í Skinfaxa árið 1932. Slíkt gerir Þorsteinn Einarsson í það minnsta í bók sinni. „Glíman felur í sér það bezta, sem samæfingar í leikfimiskerfum henta, elur drengskap og göfugar hugsanir. Glíman á að vera einn þáttur í því uppeldi að leita sannleikans, gera aldrei vísvitandi rangt.“




**SNIÐGLÍMA Á LOFTI/LAUSAMJÖÐM** Í Þróun glímu í íslensku þjóðlífi eru meðal annars myndir af glímubrögðum samkvæmt glímulögum frá 1990. Gunnar Karlsson teiknaði myndirnar eftir ljósmyndum og birtust þær upphaflega í bókinni Glímu sem kom út 1968.



**ÍSLENSK GLÍMA 2006** Í hófi sem efnt var til við útkomu bókarinnar sýndu ungir og efnilegir glímumenn fangbrögðin eins og þau þekkjast í dag. Góður rómur var gerður að aðförum unga fólksins og var það mat manna að framtíð glímunnar á Íslandi væri björt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Glíman á sér bjarta framtíð

Jón Birgir Valsson, formaður Glímusambands Íslands, byrjaði sjálfur að glíma fjórtán ára. Hann hefur brennandi áhuga á íþróttinni og fagnar útkomu bókarinnar. „Hún hefur mikla þýðingu fyrir menningu glímunnar og mun nýtast okkur glímumönnum sem og almenningi sem hefur áhuga á að kynna sér glímuna.“

Fyrir Jóni er glíman ekki bara íþrótt heldur skipar hún veigamikinn sess í þjóðlífinu. „Glíman er stór partur af Íslandssögunni. Hún kom með víkingunum og var, ásamt ísknattleik, sú íþrótt sem víkingarnir stunduðu sér til dægrastyttingar og þjálfunar.“

Glíman hefur risið og fallið en Jón formaður segir framtíðina bjarta. „Við höfum lagt mikla áherslu á að halda unglingunum við efnið. Ég hef séð marga efnilega unglinga byrja en hætta fljótlega aftur af einhverjum ástæðum.“

Glímusambandið hefur meðal annars gefið út margmiðlunardisk með upplýsingum um íþróttina og telur Jón að útgáfa bókarinnar geti haft sín áhrif á frekari útbreiðslu og áhuga. Þá nefnir hann að sífellt fjölgi í svonefndum úrvalshópi Glímusambandsins. „Fyrir fjórum árum komu 15-20 krakkar á æfingu úrvalshópsins en í haust voru 50 þátttakendur. Ég horfi því björtum augum til framtíðar.“



**JES EINAR ÞORSTEINSSON** Sonur Þorsteins Einarssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**JÓN BIRGIR VALSSON** Formaður Glímusambands Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Páskarnir fóru í söguskrifin

Jes Einar Þorsteinsson, eitt tíu barna Þorsteins Einarssonar, var að vonum kátur á útgáfudaginn enda aðdragandi útgáfunnar langur. „Pabbi vann að þessu af alefli í á fjórða áratug.“

Glímuáhuginn og söguskrifin fóru ekki framhjá fjölskyldunni. „Það var árviss viðburður að hann lokaði sig af á páskum og vann að því sem hann hafði safnað saman það árið.“ Þessi háttur fór misjafnalega í fjölskylduna. „Móðir mín sýndi því mikla þolinmæði en við börnin ekki alltaf. Páskar eru jú páskar en þetta var hans hjartans mál.“

Jes segir föður sinn hafa aflað heimilda um fangbrögð í öðrum löndum, til dæmis í Englandi, Frakklandi og á Kanaríeyjum, og ferðast þangað í leit að upplýsingum. Og hann segir bókina nálgast að vera doktorsritgerð.

Að sögn Jes fékk Þorsteinn ungur áhuga á glímu, hann glímdi á sinni tíð en hætti snemma vegna náms og af öðrum aðstæðum.

Þungu fargi er nú létt af fjölskyldunni. „Sérstaklega því þetta var komið í algjöra kyrrstöðu á tímabili. Handritið var til þegar hann dó en við stóðum frammi fyrir að ekki væru til peningar til að gefa þetta út. Þetta er því mikill léttir.“

## Menn glímdu sér til hita

Jón M. Ívarsson er landskunnur glímuáhugamaður og fyrrum formaður Glímusambandsins. Hann sat í útgáfunefnd Glímusögunnar og ritar formála. Jón segir bókina hafa ótvírætt gildi. „Í henni er í fyrsta sinn hægt að sjá hvernig glíman er til komin. Hún var búin til á Íslandi og er því eina íslenska íþróttin.“



**JÓN M. ÍVARSSON** Formaður útgáfunefndar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jón telur glímuna hafa haft sín áhrif á samfélagið og nefnir að fyrr á öldum hafi hún verið alþýðuleikur. „Hvar sem tveir menn komu saman gátu þeir tekið glímu. Hvort sem var uppi á heiðum, við sjó eða í fjárréttum glímdu menn sér til gamans eða til hita.“ Á 20. öld varð glíman að keppnisíþrótt. „Það væri virkilega gaman ef enn væri glímt eins og forðum. En tímarnir breytast og nú er allt fært í keppnisbúning. Annars hefur glíman þá sérstöðu að vera í senn keppnisíþrótt, sýningaríþrótt og menningararfur.“

Og Jóni finnst forn gildi glímunnar merk. „Ég furða mig á hvernig það gerðist að upp kom íþrótt sem leggur svona mikla áherslu á drengskap og að ekki megi sýna þjósnaskap eða valda meiðslum. Glímunni lýkur með byltu og hún á að gerast á réttan hátt. Af mörg hundruð fangbragðaíþróttum er glíman sú eina sem ekki má bolast í eða vera í keng. Menn verða að vera sem beinastir.“

# AUMINGJA ÞEIR

ÞAÐ ÖFUNDA ALLIR ÍSLENDINGA, SÉRSTAKLEGA ENGLENDINGAR, ÞVÍ Í MARS ERU MIKLU FLEIRI LEIKIR SÝNDIR BEINT Á ÍSLANDI EN Á ENGLANDI SJÁLFU. GREYIN!





ÞAÐ ERU 9 LEIKIR Í BEINNI UM HELGINA. ÞAR Á MEÐAL:

LIVERPOOL - EVERTON

LAUGARDAGINN KL. 12.45

## MERKILEGUR MARS

HVAÐ ER SVONA MERKILEGT VIÐ BLACKBURN-MIDDLESBROUGH?

ÞETTA ER EINI LEIKURINN SEM EKKI ER SÝNDUR Í BEINNI Á ENSKA BOLTANUM Í MARS!

actavis hagur í heilsu

ICELANDAIR

FRJÁLSI

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Í SÍMA 800 7000, Á WWW.ENSKI.IS EÐA Í NÆSTU VERSLUN SÍMANS.

ENSKI BOLTINN



Valamo-klaustur er á friðsælli eyju á Ladoga-vatni.




Enginn aðgangur að klaustrinu nema fyrir innvígða.

# „Eins og í himnaríki“

*Valur Gunnarsson* heimsækir orþódoksklaustrið Valamo í Finnlandi og spjallar við ábótann **Sergei** sem hefur verið munkur frá fjórtán ára aldri.

Enginn aðgangur,“ stendur á tveimur tungumálum á hurðinni. Ég opna hana og geng inn. Efst í stiganum stendur dimm, kuflklædd vera þögul og hreyfingarlaus. Ég geng upp tröppurnar, og ábótinn býður mér inn.

Valamo-klaustur hefur, eins og svo margt í Finnlandi, átt sér harmþrungna sögu. Það var á eyju á Ladoga-vatni á landamærum sænsku og rússnesku konungsríkjanna, þar sem oft var barist, og klaustrið jafn oft brennt. Munkarnir þar voru þekktir fyrir að vera hreinni í anda og af harðara efni en aðrir, og voru þeir því sendir í erfiðustu verkefni orþódokskirkjunnar, svo sem að þramma í gegnum alla Síberíu til að kristna pólsvæði Norður-Ameríku. Í kirkjugarðinum er kapella til minnis um Heilagan Hermann, sem snéri ínúítum í Alaska til orþódokstrúar. Og orþódoks eru þeir enn, þó að bandaríska heimsveldið hafi tekið við völdum af því rússneska þar um slóðir.

## Prinsinn og íkoninn

„Fyrir hundrað árum síðan var Valamo-klaustur eitt ríkasta klaustur Rússlands, og þar voru um þúsund munkar,“ segir ábótinn. „En svo þegar fyrri heimsstyrjöldin braust út voru allir þeir sem ekki var búið að innvígja sendir í herinn, og ekki sneru þeir allir aftur. Þegar svo kommúnistar tóku völdin reyndu þeir markvisst að gera út af við trúarbrögð, og þegar seinni heimsstyrjöld braust út voru bræðurnir ekki orðnir nema 200.“ Klaustrið hafði þá orðið hluti af Finnlandi, sem lýsti yfir sjálfstæði árið 1917.

„Í Vetrarstríðinu milli Finnlands og Sovétríkjanna þegar landsvæðið tapaðist til Rússlands sendi finnski herinn fjörutíu vörubíla til að flytja bræðurna og helstu verðmæti til hina nýju landamæra.“

En hvers vegna var hinu nýja klaustri valinn staður í Valamo? Ábótinn sýnir mér mynd af tveimur dýrlingum hangandi fyrir ofan dyrnar.

„Prins Henrik af Hollandi kom í heimsókn í gamla klaustrið rétt fyrir stríð og fékk þar íkona gefins. En þegar hann fór í heimsókn í sumarhús finnsks þingmanns hinum megin við landamærin gleymdi hann íkonanum þar. Þegar þingmaðurinn svo bauð húsið til sölu fannst íkoninn, og við vissum að Guð hafði valið okkur stað hér.“

## Ísland tilheyrir Moskvu

Ábótinn kynnir sig sem Sergei, en það er þó ekki skírnarnafn hans. Hann er reyndar alfinnskur í báðar ættir. „Faðir minn var orþódoks, en móðir mín lútersk, og flestir orþodokstrúar í Finnlandi eru kvæntir lúterstrúarmönnum. Trúin er þó vaxandi, aðallega vegna innflutnings Rússa, en einnig Grikkja og Rúmena.“

Sergei segist hafa heyrt að á undanförnum áratug hafi fyrsta orþódokskirkjan verið opnuð á Íslandi. Í Finnlandi eru um 60.000 orþódokstrúar, og þó það sé ekki nema rúmt eitt prósent af þjóðinni telst kirkjan þó sem þjóðkirkja númer tvö, og prestar fá laun sín greidd frá ríkinu. Finnland heyrir undir patríarkann í Ístanbúl, sem er einn elsti og virtasti patríarkastóllinn frá því borgin var höfuðborg Austrómverska heimsveldisins, en Ísland heyrir undir patríarkann í Moskvu.

## Garðyrkjumaður eða guðsmaður?

En hvernig kom það til að Sergei ákvað að gerast munkur?

„Ég kom fyrst til Valamo og hóf að hefja sjálfboðastörf hér þegar ég var fjórtán ára gamall. Mér fannst þetta vera eins og himnaríki, afar friðsælt og fallegt. Ég hef aldrei íhugað neitt annað alvarlega, nema þá kannski helst að verða garðyrkjumaður. Þegar ég kom úr hernum árið 1989 sótti ég svo um að gerast munkur. En ábótinn neitaði að blessa mig, og sagði að ég ætti að fara í skóla og gerast orþódoks kennari í staðinn. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum og hóf framhaldsnám í Joensuu, en sumarið eftir kölluðu þeir í mig frá Valamo og báðu mig um að koma og aðstoða við vinnu með bátinn Sergei. Aðstoðarábótinn spurði mig þá hvenær ég ætlaði að koma að bjarga sálu minni, og að af kennurum væri margir en af munkum fáir.“

## Konungur og drottning fjölskyldunnar

Ég spyr ekki hvers vegna fjórtán ára strákur hafði svona mikið meiri áhuga á guði en stelpum. Kannski er hann aðgengilegri? Eða kannski bliknar jafnvel sjálft kynlífið í samanburði við heilagleikann?

„Bræður mínir skildu ekki ákvörðun mína, og móðir mín, Lúterstrúarkonan, studdi mig, og sagði að ég yrði þá að minnsta kosti nálægt heimahögunum. Fyrstu fimm árin í klaustrinu var ég í móttökunni á gistiheimilinu. Ég þoldi þá vinnu ekki og bað um að skipta, en fékk ekki, svo ég reyndi að þjóna hverjum gesti okkar sem væri hann Kristur sjálfur, rétt eins og þegar Abraham tók við englunum. Svo varð ég djákni, þá prestamunkur og loks árið 1997, 32 ára að aldri, varð ég ábóti.“

Sumir af siðum orþódokstrúar koma okkur kannski spánskt (eða öllu heldur grískt) fyrir sjónir. Ef gengið er inn á heimili orþódoksfjölskyldu, til dæmis, er íkona heimilisins fyrst heilsað með krossmarki og síðan fjölskyldumeðlimum. Og þegar maður og kona giftast bera þau kerti undir athöfninni sem tákn um hreinleika hjónabandsins, og eru svo krýnd með kórónum sem konungur og drottning fjölskyldunnar.

## Góða heilsu þarf til að ganga á guðs vegum

En hvað þarf til að gerast munkur?

„Fyrst af öllu þarf maður að gerast orþódokstrúar. Yfirleitt eru menn svo settir í sjálfboðavinnu í eitt ár, og eru þá enn í borgaralegum fötum. Best er að vera heilsuhraustur, þar sem guðsþjónustur okkar eru fremur langar, og menn þurfa að standa í tvo tíma í senn kvölds og morgna, þar sem guðsþjónustur hér eru klukkan sex og sex. Hjá prestum eru þær ekki nema einu sinni í viku. Þegar menn verða munkar fá þeir svo nafn einhvers rússnesks dýrlings, og reyni ég yfirleitt að velja mönnum nöfn dýrlinga sem mér finnst lýsandi fyrir þá.

Og hvernig er daglegt líf munkana í Valamo?

„Við reynum helst að finna mönnum starf í samræmi við borgaralegt starf þeirra, en það getur þó verið erfitt. Bróðir Mikael var til dæmis matvælafræðingur, og því hefði verið eðlilegast að láta hann brugga vín. En sá sem sér um bruggunina hefur verið í því lengi og vill ekki að aðrir taki við.“

## Bræður munu brugga

Sergei segist hafa viljað forða munkunum frá því að vinna í afgreiðslunni, en af því sé talsverð hagræðing, og því sé það nú þar sem hinn ólánsami bróðir Mikael starfar. Vonandi hefur hann sömu þjónustulund og forveri hans.

Bræðurnir eru nú tíu talsins, og þar að auki eru fimmtíu aðrir starfsmenn. Valamo er þekkt fyrir að vera góður og kyrrlátur staður til að slaka á, og koma um 160.000 pílagrímar og aðrir gestir þangað á hverju ári. Meðal frægra gesta er skáldið Pentti Saarikoski, sem kom þangað til að jafna sig og skrifa á milli drykkjutúra, og virðist hið afbragðsgóða vín sem bræðurnir brugga ekki hafa truflað hann að ráði. ■



Rétttrúnaðarprestar í skrautlegri kapellu Valamo-klausturs. Sergei ábóti er lengst til hægri.



Kona kemur til guðsþjónustu, en þær geta verið tveggja tíma langar.



Nú er endurbótum á Bónusversluninni í Holtagörðum lokið
Komdu í Holtagarða!
Opnum klukkan tíu í dag
BÓNUS býður betur
BÓNUS
EKKERT BRUDL
RÚMFATA LAGERINN
EKKERT BRUDL
Tilboð í tugatali!
www.bonus.is

# Hitler hafði mesta sjarmann

Breski leikarinn **John Hurt** er illi einræðisherrann í V for Vendetta. Í raun og veru er þetta besta skinn. *Birgir Örn Steinarsson* hitti leikarann í London.



**JOHN HURT** Leikur hlutverk harðstjórans í myndinni V for Vendetta.

Miðað við hversu gamall John Hurt lítur út fyrir að vera virkar hann merkilega orkumikill. Greinilega lífsglaður maður sem nýtur vinnu sinnar og öllu sem því fylgir. Hann á nokkur ár í sjötugt. Nánast kominn á eftirlaunaaldur en sýnir engin merki þess að setjast í helgan stein. Í þessum mánuði hafa þrjár nýjar myndir með honum í verið frumsýndar í Bretlandi. Hann er mjög fjölhæfur leikari sem nær alltaf að vera algjörlega ólík persóna í hverju hlutverki sem hann velur sér. Minnir aldrei á sjálfan sig, sama hvort hann er Fílamaðurinn, fórnarlamb djöfullegrar geimveru, þegn Stóra bróður eða einræðisherra eins og í V for Vendetta.

Hann er líka hárréttur maður í hlutverkið. Þessi einræðisherra er ógnvekjandi, illur í gegn en alveg merkilega brothættur og lítill. Í nær öllum senum hans í myndinni birtist persónan á of stórum skjá að hrækja út svívirðingar yfir samstarfsmenn sína. Þannig er áhorfandinn minntur á Stóra bróður úr 1984 þar sem Hurt fór með hlutverk kúgaða mannsins í fasistaríki framtíðarinnar. Hér er hann aftur kominn til framtíðarinnar og í fasistaríki, nema hvað núna er hann illi einræðisherrann í grárri framtíð sem er að troða allri bresku þjóðinni niður sama flöskustútinn undir hæl sér. Óvinurinn. Tími fyrir uppreisn.

„Ég er frábær," segir John Hurt aðspurður. Nema „I am fantastic" þýði eitthvað annað á íslensku? Greinilega maður sem kann að hlaða orð sín með tveimur merkingum. Með öðrum orðum hættulegur. Ég læt það lítið á mig fá og held ótrauður áfram með viðtalið.

Þú segist hafa skoðað fimm einræðisherra gaumgæfilega fyrir þetta hlutverk. Hver var í uppáhaldi?

„Án alls efa, hvort sem það er gott eða slæmt, þá hefur Hitler mesta sjarmann. Ekkert endilega Nasistaflokkurinn heldur var ímynd hans bara svo sterk. En kannski bara vegna þess að í huga bresks manns var hann ábyrgur fyrir því að eyðileggja fyrir manni barnæskuna. Það er eitthvað dáleiðandi við hann. Maður starir alltaf þegar hann er á skjánum. Hann var ótrúlegt þegar hann flutti ræður. Ég var samt ekki að leika Hitler í þessari mynd, en studdist auðvitað við ímynd hans. Upphaflega var persóna sögunnar byggð utan um Margréti Thatcher."

## Myndasögur og hasarblöð

Ég held að það sé óhætt að álykta að John Hurt lesi ekki mikið af myndasögum. Hann hefur ekki einu sinni lesið V for Vendetta.

„Ég kem frá tíma þegar myndasögur hétu einfaldlega hasarblöð. Ég hef aldrei lesið þessa myndasögu, enda var það handritið sem heillaði mig nægilega mikið til þess að samþykkja að leika hlutverkið. Maður verður að passa sig á svona myndum sem eru gerðar eftir bók eða myndasögu. Ef maður kynnir sér upprunalega efnið fyllir maður hausinn af alls kyns upplýsingum sem eiga aldrei eftir að komast á skjáinn hvort eð er. Kvikmyndir snúast bara um það sem kemst á skjáinn."

Hefurðu ekki einu sinni flett myndasögunni?

„Ég held að ég hafi einu sinni gluggað í hana á meðan á tökum stóð, það skildi einhver hana eftir einhvers staðar. Ég þurfti þess heldur ekkert. Maður leikur bara atriðin eins og þau eru í handritinu. Það er þegar einhver annar búinn að sjá til þess að allt sé í svipuðum eða sama stíl."

Eru tengsl á milli einræðisherrans í V for Vendetta og Stóra bróður?

„Það er heil kynslóð núna sem veit ekkert um hvað 1984 snerist og heldur bara að Stóri bróðir sé nafn á raunveruleikasjónvarpsþætti. Stóri bróðir er mun flóknari persóna en þessi einræðisherra. Hann er svo óáþreifanlegur. Hann er bara til staðar þér til góðs. Þú sérð Adam Sutler aldrei eiga við fólkið sjálft, heldur bara við hina pólitíkusana. Þetta er bein einræðisstefna. Svo er hann gunga þegar kemur að fólki."

Var eitthvað við hlutverkið sem þér líkaði illa?

„Ég hafði ekkert á móti þessu hlutverki. Svona var það bara borið á borð. Persónan er mjög einhliða, ég vissi það vel. Tilgangur persónu minnar var mjög skýr. Ég fékk tækifæri til þess að fínpússa tækni mína í að leika illmenni. Það er alveg magnað hversu langt maður getur túlkað svona illsku. Myndin snertir á ýmsum málefnum og ég vonast til að fólk eigi eftir að tala mikið um hana."

## Hryðjuverkamenn sem hetjur?

Finnst þér nauðsynlegt að fólk sé minnt á að heil þjóðfélög geti breyst á jafn svaðalegan hátt og Bretland hefur gert í þessari mynd?

„Já, mér finnst það. Sérstaklega í þjóðfélagi eins og okkar, þar sem við erum alin upp við að hugsa sem minnst um hvað er að gerast í kringum okkur. Ef maður fær fólk til þess að ræða þessa hluti þá er það alls ekki slæmt.

Þetta verður mjög umdeild mynd, því aðalhetjan er hryðjuverkamaður. Áhorfandinn fær ekki að sjá hann, því hann notar grímu. Á sama tíma er verið að spyrja mjög mikilvægrar spurningar. Ef ríkisstjórn hagar sér á óábyrgan hátt gagnvart þegnum sínum, mun það hrinda af stað móthreyfingu? Og ef svo er, er slíkt þá löglegt? Myndin gerir engar tilraunir til þess að svara spurningunum en hún skilur mann eftir hugsi. Maður yrði nú fyrirgefið fyrir að halda að hryðjuverk væru ekkert nema ill."

Finnst þér þá myndin vera samúðarfull gagnvart hryðjuverkum?

„Myndin er það sem hún er. Það er mjög auðvelt að túlka þessa sögu þannig að hryðjuverkamaðurinn hafi haft rétt fyrir sér og þess vegna hafi gjörðir hans verið réttlætanlegar. Ef maður les fréttatilkynningar frá ríkisstjórn Bush þá gefur hún út þá stefnu að hryðjuverk séu aldrei réttlætanleg. En hryðjuverk eru aðeins til vegna ábyrgðarleysis ríkisstjórna."

En hvað með bresku þjóðina? Lætur hún nægilega í sér heyra þegar stígið er á tær hennar?

„Þegar ríkisstjórnin ákvað að taka þátt í Íraksdeilunni var ein stærsta mótmælaganga sem haldin hefur verið í sögu London gengin. Það var algjörlega horft framhjá henni. Það er eins og hún hafi aldrei átt sér stað. Flestir voru á móti því að taka þátt en það skipti engu máli. Þess vegna þurfum við svona myndir. Ég vonast til að stjórnmálamenn sjái þessa mynd. Því ábyrgðin er þeirra."

**Birgir Örn Steinarsson**



**HELSTU MYNDIR JOHN HURT**

| | |
|---|---|
| **2006** | V For Vendetta |
| **2004** | Hellboy |
| **2000** | Harry Potter and the Sorcerer's Stone |
| **1995** | Rob Roy |
| **1987** | Spaceballs |
| **1984** | Nineteen-Eighty-Four |
| **1981** | History of the World: Part 1 |
| **1980** | The Elephant Man |
| **1979** | Alien |
| **1978** | Midnight Express |




# HELGARTILBOÐ Í SKÍFUNNI




1.799kr.

Prince – 3121




1.799kr.

Lisa Ekdahl - Pärlor Av Glas



1.799kr.

Pink Floyd – Dark Side of the moon




1.799kr.

David Gilmour – On an Island




DVD CD

1.799kr.

Placebo – Meds




1.799kr.

Van Morrison - Pay The Devil




1.799kr.

Mary J. Blige - Breakthrough




1.799kr.

Katie Melua– Piece By Piece




1.799kr.

Kelly Clarkson – Breakaway

## MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

### YFIR 20.000 TITLAR AF TÓNLIST, DVD OG TÖLVULEIKJUM

S·K·Í·F·A·N

skemmtir þér ;)

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

# GSM bankinn

- hvar og hvenær sem er!



Vertu með bankann í vasanum!

GSM-banki í símkortinu þínu.

Í GSM-bankanum getur þú:

- millifært
- greitt reikninga
- fylgst með stöðu reikninga
- fylgst með stöðu greiðslukorta
- fengið upplýsingar um vísitölur
- fengið upplýsingar um gengi gjaldmiðla
- flett upp í símaskránni
- hlaða gsm í hraðbönkum SPRON

Kynntu þér málið!

spron

Sími 550-1200 · www.spron.is

Gsm bankann er einungis hægt að nota með símanúmeri hjá Símanum.


## STUÐ MILLI STRÍÐA Tilgangur lífsins

**JÓHANNA SVEINSDÓTTIR** SPÁIR Í PLASTBOLLA



Ég fékk skemmtilega heimsókn í gær í vinnuna. Eða reyndar fékk ég ekki heimsóknina heldur flaut ég með. Lítill sonur fylgdi móður sinni í vinnuna og ég fékk að njóta návistar hans líka.

Ég tók fyrst eftir krílinu þegar ég sá lítinn glókoll nema við borðbrúnina á móti mér og hverfa svo undir borðið. Þar undir hafði litla krílið fundið tvö plastglös. Og maður lifandi hvað þetta voru skemmtileg plastglös. Gleðin skein úr andliti barnsins og hann sló þeim saman og kreisti og bankaði í gólfið.

Ég rifjaði upp þann skemmtilega tíma þegar sálin manns var svo hrein að ekki þurfti meira en eitt plastglas eða einn súkkulaðimola til að fylla mann hamingju. Fullorðnir leitast hins vegar eftir stærri og „merkilegri“ hlutum til að fylla líf sitt hamingju eins og nýjustu týpunni af BMW eða 400 fermetra einbýlishúsi. Sem er þá plastglas í stækkaðari mynd.

En málið er að aukin vitund kallar á rökhyggju og rökhyggjan á það til að eyðileggja stundargleði sem fylgt getur einu plastglasi. Ég sem fullorðin kona gæti tekið upp plastglas en ég myndi aldrei fyllast gleði við að halda á því. Ég myndi hugsa: „Hei, þetta er ekki lífrænt. Hvað ætli þurfi mörg plastglös til að eyðileggja náttúruna? Hvað ætli sé langt þar til auðlindirnar verða uppurnar? Hvað gerir mannfólkið þá? Hver er tilgangur okkar á jörðinni? Hver er ég?“ og allar þessar spurningar bergmála í tómu plastglasinu og ég verð döpur frekar en glöð. Það sama á við súkkulaðimola, barn myndi fyllast gleði yfir einum slíkum en við fullorðna fólkið þjáumst vegna vitundarinnar og hugsum um aukakíló og tannskemmdir, fáum samviskubit ef við þiggjum molann og verðum niðurdregin að þurfa að hafna honum.

Fyrir einum er tilgangur lífsins skemmtilegt plastglas en fyrir öðrum er tilgangurinn heldur óljósari. Já, það er ekki auðvelt að vera fullorðinn. ■

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# Stórútsölu-markaður

## í Kringlu, Smáralind og á Akureyri

**Hundruðir kvikmynda- og tónlistartitla á ótrúlegu verði!**

**Úrval geisladiska** verð frá **199kr**

**DVD myndir** verð frá **699kr**




Gildir til 31. mars eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**Kl. 21.00**

*Dansverkið Hindarleikur eftir Gunnlaug Egilsson verður flutt í Dómsalnum við Lindargötu 3. Hvað gerist í fyrirmyndarríki framtíðarinnar þar sem aðeins konur eiga heima?*

# menning

menning@frettabladid.is

# *Íslensk-ungverskt í bland*

Ungverski fiðluleikarinn Theresa Bokany leikur á TÍBRÁR tónleikum í Salnum í dag ásamt margverðlaunuðum píanóleikara frá Búdapest, Adam György. Þetta er í annað skipti sem Theresa spilar hér á landi en hún vakti verulega athygli þegar hún lék ásamt Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur í Salnum árið 2004. Theresa Bokany er fædd í Hollandi en er íslensk í móðurætt og hóf fiðlunám fimm ára að aldri undir leiðsögn móður sinnar, Jónu Dóru Óskarsdóttur, en þær sóttu til að mynda tíma til Tibors Varga, eins af meisturum fiðlunnar á 20. öld. Nú er Theresa búsett í Munchen í Þýskalandi þar sem hún stundar framhaldsnám í fiðluleik.



**THERESA BOKANY FIÐLULEIKARI OG ADAM GYÖRGY PÍANÓLEIKARI** Æskuvinir spila saman Bartók og Grieg FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Að þessu sinni tekur Theresa Bokany með sér æskuvin sinn frá Ungverjalandi en þau Adam György og Theresa kynnust á barnsaldri. „Við kynnumst samt ekki í gegnum tónlistina,“ segir hún, „en svo urðum við bæði atvinnutónlistarmenn - en því miður spilum við ekki mjög oft saman.“

Heimsókn þeirra til Íslands er í styttra lagi og Theresa segist því miður ekki hafa haft mikinn tíma til að kynna honum land og þjóð. „Við höfum samt labbað um Ægisíðuna og farið í sund,“ segir hún hlæjandi en á sunnudaginn heldur hún áleiðis til Japan til frekara tónleikahalds.

Á tónleikunum spila ungu tónlistarmennirnir bæði spila saman og flytja fjögur einleiksverk. Theresa flytur sónötu fyrir fiðlu eftir landa sinn Béla Bartók en Adam György umritanir fyrir píanó á þremur verkum eftir Johann Sebastian Bach og Mendelssoh. Tónleikarnir hefjast í Salnum kl. 16.00.

## > Ekki missa af...

Fyrstu 15:15 tónleikum vetrarins á nýjum stað í Norræna húsinu á morgun. Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari og Krystyna Cortes píanóleikari spila efnisskrá með frönskum blæ. Tónleikarnir hefjast að sjálfsögðu kl. 15.15.

Tónleikum Kórs Menntaskólans í Reykjavík í Stykkishólmskirkju kl. 17.00 í dag. Ættjarðarlög, madrigalar og stúdentasöngvar í bland við söngleikjatónlist. Stjórnandi er Marteinn H. Friðriksson.

Þrjúbíó í Gallerii humri eða frægð. Upptökur frá æfingum og uppákomum götuleikhópsins Svarts og sykurlauss verða til sýnis en hópurinn lét til sín taka á árunum 1983-1986.



**GUÐMUNDUR ODDUR**
**> SKRIFAR UM SJÓNMENNTIR**

# *Um velgengni ímynda*

Hér áður fyrr var sýnilegt veldi banka fyrst og fremst sett fram með efnismiklum byggingum - innréttingum úr marmara og dökkum harðviði o.s.frv.. Þetta má vel sjá á elstu bankabyggingum landsins. Þá notuðu þeir upphafnar íburðarmiklar leturgerðir til dæmis á eyðublöð eins og víxla sem nánast enginn veit hvað er í dag. Þegar efnisheimurinn varð ekki lengur eins mikilvægur í sýndarveruleika netheimsins þar sem flestir upplifa samskipti sín við banka í dag urðu góð ráð dýr. Staðgenglar mamara og harðviðar duga þar skammt. Hvernig er þá nauðsynlegur trúverðugleiki skapaður. Eða er engin þörf á því lengur?

Jú, bankar eru líklega fyrirferðamestu notendur auglýsingarýmis. Þeirra svæða sem fást við innréttingar hugsana almennings. Þar sækjast þeir eftir því að gera sig sýnilega. Þeir þekja reglulega heilar síður blaðanna, biðskýli og almenningsvagna. Þeir troða sér inn á milli vinsælla sjónvarpsþátta og jafnvel er tekið fram að þeir borgi þáttagerðina sjálfa. Þeir sponsa alls kyns menningar- og íþróttafélög sem sjálfviljug nota lógó þeirra jafnvel framar en eigin gunnfána. Samt er eins og samviska okkar sé þannig í laginu að þeir geti ekki horft beint í augu okkar eða við í þeirra. Hið rétta eðli er falið. Þeirra markmið er að fá okkur til að trúa því að þeir séu þjónar okkar. Þeir styðja góð málefni en helst bara ef þeir fá það margfalt borgað til baka með góðu orðspori - þar er bætt fyrir trúverðugleikamissinn.

### Sjónhverfingar

Útlit hins nýja Glitnis er gott dæmi um feluleikinn. Ég segi dæmi því þeir eru ekki einir um þetta - en þeir fara ekki fram hjá neinum þessa daganna - eru út um allt. Óhætt er að tala um Glitnisvæðingu almannarýmis svo rösklega er gengið til verks. Enn bíðum við og skoðum þetta aðeins nánar. Íslandsbanki hf. ákvað að frá og með 11. mars s.l. verði þjónusta félagsins veitt undir vörumerkinu Glitnir. Samhliða því hefur bankinn tekið upp nýtt merki og útlit. Haft er eftir forstjóra bankans: „Við störfum nú á alþjóðlegum fjármálamarkaði og það kallar á ákveðnar breytingar. Nöfn fyrirtækja verða að taka mið af því svæði sem þau starfa á, sem í okkar tilviki þýðir að nafnið þarf að henta til notkunar um allan heim.

Við vorum í þeirri einstöku stöðu að eiga gott íslenskt nafn sem er jafnframt þekkt vörumerki, Glitnir, sem uppfyllir öll þau skilyrði sem prýða gott nafn; Það hefur jákvæða merkingu í hugum Íslendinga, á sér sögulega skírskotun, er bæði íslenskt og norrænt í senn, er auðvelt í framburði á helstu tungumálum og inniheldur eingöngu alþjóðlega stafi.“ Ókey þetta er gott og blessað en hvernig er raunveruleikinn? Hið nýja nafn á rætur að rekja til Norrænnar goðafræði en í Gylfaginningu segir frá Glitni sem var heimili Forseta, sonar Baldurs og Nönnu. Heimilið var höll glæsileg, úr gulli og silfri. Sagan segir að þaðan hafi allir gengið sáttir. En Ginningu Gylfa lýkur, hann sér að allt sem hann hafði heyrt var sjónhverfing ein og hann stóð á víðum velli en var ekki í neinni höll og hann fer heim og segir þessar sögur sem aðrir hafa eftir honum. Það sem verður hefur alltaf verið.

### Alþjóðavæðing myndmálsins

Ég labba niður Laugaveginn og tek eftir að búið er að setja nýtt andlit á Íslandsbanka. Ég sé rauða fleka og hugsa með mér hvað stofnun sé kominn þarna. Ef ég gef mér það að hafa misst af tilkynningum bankans er ekkert sem sem segir mér að þessi afgreiðslustaður sé banki. Mig rámar í kaupleigu. Ég get bæði horft á þetta andlit sem venjulegur Reykvíkingur eða sett mig í spor hins alþjóðlega borgara og lesið „Glætnir“ sem hefur sáralitla merkingu þrátt fyrir endurfæðingu miðalda, þrátt fyrir lestur á Gylfaginningu og Tolkien og þrátt fyrir tölverða kunnáttu í draumaráðningum táknar Glitnir örugglega ekki banki.

Sigmund bendir einmitt á þetta rof - Ísland og banki hverfur og eftir stendur rauð abstraktsjónin. Ótrúlega margir hafa ekki hugmynd um að alþjóðavæðing myndmáls var á sínum tíma sett í gang af marxísku hugsjónafólki sem barðist gegn þjóðrembu. Í gleymskunni hefur enginn hefur tekið þessu myndmáli opnari örmum en alþjóðavæddur kapítalismi sem þarf helst að starfa án þjóðrembu og án landamæra - helst nafnlaus og öll karaktereinkenni horfinn. Allt verður eins og við týnum því einstaka. Lógóið eins og öll hin. Meira að segja auglýsingaherferðin er ekki einstök heldur eins og norsk og efalaust munu fleiri dæmi finnast. Enginn hefði trúað því að spádómar Marx myndu rætast á þennan hátt.



**STOPPLEIKHÓPURINN FAGNAR Á AFMÆLISÁRI** Leikararnir, Sigurþór Albert Heimisson, Katrín Þorkelsdóttir og Eggert Kaaber leika í Emmu og Ófeig. FRÉTTABLAÐIÐ/ DANÍEL

# Óstöðvandi Stoppleikhús

Stoppleikhópurinn á tíu ára afmæli í ár og frumsýnir að því tilefni leikritið Emmu og Ófeig í Iðnó í dag. Leikritið er eftir Árna Ibsen en unnið í samstarfi við Völu Þórsdóttur og leikhópinn.

„Við erum búin að frumsýna átján ný íslensk verk fyrir börn og unglinga,“ segir Eggert Kaaber, leikari og einn af stofnendum Stoppleikhússins. „Þetta er búið að vera geysilega skemmtilegur en kröfuharður tími. Við höfum mótað okkar sýningar og form sem er fræðsluleikhús. Við tengjum okkur við fræðslu- og forvarnarmál sem snúa sérstaklega að börnum og unglingum.“ Leikhópurinn hefur til að mynda sýnt verk sem fjalla um áfengis- og fíkniefnaneyslu. Eggert stofnaði leikhópinn ásamt Katrínu Þorkelsdóttur, Hinriki Ólafssyni og Dofra Hermanssyni en hinir tveir síðarnefndu hafa horfið til annarra starfa.

Eggert útskýrir að Stoppleikhúsið sé ferðaleikhús ætlað fyrir ungmenni frá 12 ára aldri. „Við mætum í skólana og stillum upp næstum hvar sem er. Við vorum á skutbíl með kerru í eftirdragi en nú erum við komin á jeppa og hingað til hefur allt rúmast í honum,“ segir Eggert glaðlega. „Við förum út um allt land, það mætti segja að meðaltali einn hring um landið á hverju ári,“ áréttar Eggert en bætir við að þetta sé „nú þokkalega mikill þeytingur. Maður verður svolítið tættur og þreyttur eftir veturinn en maður hefur sumarið til þess að hlaða batteríin.“

Hann útskýrir að það sé ögrandi og skemmtilegt að vera svo í miklu návígi við áhorfendurna. „Við förum síðan með nýja verkið beint út á land, fyrsta leikferðin er til Akureyrar en við höfum fengið mjög góðar undirtektir og margir skólar hafa pantað sýninguna nú þegar.“

Eggert segir að þau hafi unnið að nýja verkinu í um það bil tvö ár. „Hugmyndin og persónusköpunin er komin frá Árna Ibsen en útgangspunkturinn er að hluta byggður á leikritinu um Hamlet eftir William Shakespeare. Við sækjum líka ýmislegt í önnur klassísk verk sem og kvikmyndir.“ Leikritið sjálft er unnið í samstarfi Árna Ibsen, Völu Þórsdóttur og leikhópinn en Ágústa Skúladóttir leikstýrir. „Við höfum verið svo lánsöm að fá gott fólk með okkur,“ segir Eggert en um leikmynd og búninga sér Guðrún Öuyahals og Björn Thorarensen semur tónlist við hluta verksins.

Leikritið verður frumsýnt í Iðnó kl. 15.00.

**- khh**

# Myndhvörf í minningu Þorsteins

Ráðstefna um myndhvörf verður haldin í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins á morgun, en hún er helguð minningu Þorsteins Gylfasonar heimspekings sem féll frá í fyrra. Að ráðstefnunni standa þeir sem rökræddu myndhvörf í málstofu íslenskuskorar haustið 2004 og Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar.

Meðal þeirra sem taka til máls eru Pétur Gunnarsson rithöfundur sem talar um paradísamissi, paradísarleit og paradísarheimt; Jón Karl Helgason bókmenntafræðingur fjallar um orðaleiki sem myndhvörf; Elísa Jóhannsdóttir fjallar um myndhvörf í ljóðbókinni Kjötbæ eftir Kristínar Eiríksdóttur og Andri Snær Magnason flyrtur erindi sem nefnist Að hugsa ekki á íslensku.



**ÞORSTEINN GYLFASON** Kynti undir rökræðum í málstofu íslenskuskorar um myndhvörf haustið 2004.

Bergljót S. Kristjánsdóttir prófessor í íslensku setur ráðstefnuna klukkan 10 í fyrramálið en ráðstefnunni er skipt upp í fimm málstofur sem standa til klukkan 16.30. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis. Nánari upplýsingar um dagskrá ráðstefnunnar má finna á heimasíðu Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands - www.hugvis.hi.is.



**LJÚFIR TÓNAR** Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari og Krystyna Cortes píanóleikari.

# Leika 15:15

Tónleikaröðin sem kennd er við 15:15 hefur flutt sig um set og á morgun munu ljúfir tónar berast úr Norræna húsinu í stað Borgarleikhússins sem áður hýsti tónleikana. Á vormánuðum verða haldnir fernir tónleikar en dúó Laufeyjar Sigurðardóttur fiðluleikara og píanóleikarans Krystynar Cortes ríður á vaðið. Þær spila franskættaða efnisskrá þar sem heyra má verk eftir Olivier Messiaen, Ravel og J.M. Leclair.

Tónleikarnir hefjast kl. 15.15. og er miðasalan við innganginn. ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

22 23 24 **25** 26 27 28

### Laugardagur

#### TÓNLEIKAR

- 16.00 Fiðluleikarinn **Theresa Bokany** og píanóleikarinn **Adam György** halda tónleika í **Salnum** í Kópavogi.
- 17.00 **Kór Menntaskólans í Reykjavík** heldur tónleika í **Stykkishólmskirkju**. Stjórnandi er **Marteinn H. Friðriksson**. Aðgangur er ókeypis.
- 20.30 Tónlistarmaðurinn **Rivulets** og **My summer as a salvation soldier** spila á kaffi Hljómalind ásamt **Rökkurró**. Aðgangseyrir 500 kr.
- 21.00 Reggíhljómsveitin **Hjálmar** heldur tónleika á **Græna hattinum** á Akureyri en þetta er einu opinberu tónleikar hljómsveitarinnar þangað til í sumar. Miðaverð 2.000 kr.
- **Brynjólfsmessa** eftir **Gunnar Þórðarson** verður frumflutt í Keflavíkurkirkju.

#### LEIKLIST

- 15.00 **Stoppleikhópurinn** frumsýnir nýtt verk eftir **Árna Ibsen**, Emmu og Ófeig, í leikstjórn **Ágústu Skúladóttur**.
- 15.00 **Stoppleikhópurinn** frumsýnir **Emmu og Ófeig** í Iðnó. Verkið er eftir **Árna Ibsen** og unnið í samstarfi við **Völu Þórsdóttur** og leikhópinn. Leikstjóri er **Ágústa Skúladóttir**.
- **Leikfélag Hafnafjarðar** frumsýnir barnaleikritið Hodja frá Pjort eftir **Ole Lund Kirkegaard**. Leikstjóri er **Ármann Guðmundsson.**

#### OPNANIR

- 15.00 **Lilja Kristjánsdóttir** opnar málverkasýningu í **Baksalnum** í **Gallerii Fold** við Rauðarárstíg.
- 16.00 Myndlistarmaðurinn **Kristján Steingrímur Jónsson** opnar sýningu á jarðhæð **Safnsins** við Laugaveg 37.
- **Pétur Halldórsson** sýnir í **Gallerii Sævari Karls** í Bankastræti. Abstrakt, meta-náttúra, veðruð skilaboð og plokkaðir fletir gleðja augun.

#### SÍÐUSTU FORVÖÐ

- 13.00 **Hlynur Hallsson** sýnir textaljósmyndir í **Jónas Viðar Gallery** á Akureyri. Síðasta sýningarhelgi.

#### UPPÁKOMUR

- 15.00 Fjöllistamaðurinn **Algea** kemur fram á vegum Art-Iceland. com á **Skólavörðustíg 1A**. Sagnamaðurinn fjölhæfi leikur tónlist og fer með frumsamin ljóð.

#### MÁLÞING

- 14.00 Málþing **Sagnfræðingafélags Íslands** í Þjóðminjasafninu. Rætt verður um forsetaembættið og stjórnarskrána í sögulegu ljósi. Frummælendur verða **Helgi Skúli Kjartansson, Björg Thorarensen, Guðni Th. Jóhannesson** og **Svanur Kristjánsson**. Málþingið er öllum opið.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


Einstakt tækifæri til þess að eignast kínverska listmuni beint frá framleiðendum

SÖLUSÝNING Á HÁGÆÐA HANDGERÐU KÍNVERSKU POSTULÍNI

Úti- eða inniblómapottar - myndir - lampar - vasar - skálar og fleira



White like jade
Bright as mirror

Thin as paper
Sound like a chime

JINGDEZHEN HENGFEN SALES EXHIBITION CO. LTD

Gripið tækifærið
Aukasýning

20-40% afsláttur

Hlíðasmári 15
Kópavogi
Sími 895 8966

Opið alla daga
frá kl. 9-22



Nytsamar Fermingargjafir




Fermingar Tilboð

Hirzlan

Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564 5040

ÓPERUSTÚDÍÓ
NÓTT Í FENEYJUM
EFTIR JOHANN STRAUSS

Nótt í Feneyjum

**NÓTT Í FENEYJUM - eftir JOHANN STRAUSS**
**Frumsýning mið. 29. mars kl. 20** - Örfá sæti laus
2. sýn. fös. 31 mars kl. 20 – UPPSELT – 3. sýn. sun. 2. apríl kl. 20
4. sýn. þri. 4. apríl kl. 20 – 5. sýn. fim. 6. apríl kl. 20
6. sýn. lau. 8. apríl kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING
Glitnir er bakhjarl Óperustúdíós Íslensku óperunnar
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
ÁTTA KONUR
**Frumsýning fös. 31/3 uppselt**, 2. sýn. lau. 1/4 örfá sæti laus, 3. sýn. sun. 2/4 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 6/4 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 7/4 örfá sæti laus, 6. sýn. lau. 8/4 örfá sæti laus
TÚSKILDINGSÓPERAN
Sun. 26/3 örfá sæti laus. **Allra síðasta sýning.**
VIRKJUNIN
Í kvöld lau. 25/3 nokkur sæti laus. **Allra síðasta sýning.**

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Í dag lau. 25/3 **kl. 17:00 uppselt**, sun. 26/3 **uppselt**, fim. 30/3 **uppselt**, fös. 31/3 **uppselt**, lau. 1/4 **uppselt**, sun. 2/4 örfá sæti laus, fim. 6/4, fös. 7/4 nokkur sæti laus, lau. 8/4 **uppselt**.

KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Í kvöld lau. 25/3 **uppselt**, mið. 29/3 **uppselt**, lau. 1/4 **kl. 16:30 uppselt**, sun. 2/4 **kl. 17:00 uppselt**, þri. 4/4 **uppselt**, mið. 5/4 örfá sæti laus, fim. 6/4 **uppselt**, fös. 7/4 **uppselt**, lau. 8/4 **uppselt**, sun. 9/4 **uppselt**, fös. 21/4 **uppselt**, lau. 22/4 **uppselt**, sun. 23/4 **uppselt**, mið. 26/4 **uppselt**, fim. 27/4 **uppselt**, fös. 28/4 **uppselt**, lau. 29/4 **uppselt**. **Aukasýningar í maí:** lau. 6/5 **uppselt**, sun. 7/5 örfá sæti laus.

DÓMSALURINN
**Í kvöld lau. 25/3 kl. 21:00 Hindarleikur** - Danshöfundasmiðja Íslenska dansflokksins og dansbrautar leiklistardeildar LHÍ í samvinnu við Þjóðleikhúsið. Nánari upplýsingar á heimasíðu Íslenska dansflokksins **www.id.is**

LEIKHÚSKJALLARINN
**Hugleikur - Þetta mánaðarlega.** Sun. 26/3 kl. 21:00.
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



BORGARLEIKHÚSIÐ




Stóra svið

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Í dag kl. 14 UPPS. Su 26/3 kl. 14 UPPS.
Lau 1/4 kl. 14 UPPS. Su 2/4 kl. 14 UPPS.
Lau 8/4 kl. 14 UPPS. Su 9/4 kl. 14 UPPS.
Su 23/4 kl. 14 Su 23/4 kl. 17:30
Lau 29/4 kl. 14 Su 30/4 kl. 14
Lau 6/5 kl. 14 Su 7/5 kl. 14
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA

CARMEN
Í kvöld kl. 20 SÍÐASTA SÝNING!

TALAÐU VIÐ MIG -ÍD-
Su 26/3 kl. 20 Blá kort Fö 31/3 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR!

KALLI Á ÞAKINU
Fi 13/4 kl. 14 skírdagur UPPSELT
Lau 15/4 kl. 14 UPPSELT
Má 17/4 kl. 14 annar í páskum
Fi 20/4 kl. 14 sumardagurinn fyrsti
Lau 22/4 kl. 14

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Su 30/4 kl. 20 UPPS. Má 1/5 kl. 20 UPPS.
Þri 2/5 kl. 20 UPPS. Mi 3/5 kl. 20 UPPS.
Su 7/5 kl. 20 UPPS. Má 8/5 kl. 20 UPPS.
Þr 9/5 kl. 20 UPPS. Fi 18/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 22:30
Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20
Fö 26/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 22:30
Su 28/5 kl. 20 Fi 1/6 kl. 20
Fö 2/6 kl. 20

Nýja svið / Litla svið

BELGÍSKA KONGÓ
Fi 6/4 kl. 20 UPPS. Fö 7/4 kl. 20
Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20
Lau 29/4 kl. 20 Su 30/4 kl. 20
Lau 6/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Í kvöld kl. 20 UPPS. Fi 30/3 kl. 20 UPPS.
Fö 31/3 kl. 20 100. SÝNING
Lau 1/4 kl. 20 Su 2/4 kl. 20
Lau 8/4 kl. 20
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK

HUNGUR
SÝNINGAR HEFJAST AÐ NÝJU Í MAÍ

NAGLINN
Í kvöld kl. 20
SÝNINGAR HEFJAST AÐ NÝJU Í ENDA APRÍL

GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Su 26/3 kl. 20 Fö 28/4 kl. 20

FORÐIST OKKUR
Lau 1/4 kl. 20 Su 2/4 kl. 20
Fi 6/4 kl. 20 UPPS. Fö 7/4 kl. 20
Lau 8/4 kl. 20 Su 9/4 kl. 20
Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20
Lau 22/4 kl. 20 Su 23/4 kl. 20

KERTALJÓSATÓNLEIKAR
HARÐAR TORFA
FIMMTUDAGINN 6/4 Kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is


# Ósandi af sköpunarþörf

Spunaleikritið Fjölskyldusirkusinn er sýndur í Verinu í Loftkastalanum þessa dagana en það er leiklistafélag Menntaskólans við Hamrahlíð sem stendur fyrir sýningunni og Sigrún Sól Ólafsdóttir sem leikstýrir. „Þetta er stór og mikil sýning og krakkarnir eru að gera frábæra hluti. Þau skoða íslenskt fjölskyldulíf í gegnum sirkusinn og þarna ægir saman mörgum furðuverum. Markmiðið er að leita að hinu góða í manneskjunni og skoða það hvort fólk stjórnist af dyggðum eða löstum,“ segir Sigrún Sól. „Við tökum nokkrar fjölskyldur fyrir og skoðum þær í gegnum ákveðið ferli en krakkarnir hafa æft í átta mánuði undir sérstökum spuna-leikstjórnar aðferðum. Þetta er ákveðin aðferð sem ég er búin að stúdera og þróa í mínum verkum. Krakkarnir sömdu og bjuggu til allar sínar persónur og texta en við vinnum eftir ákveðnum hugmyndum. Svona spuni snýst í rauninni um að kasta boltum á loft og svo kemur í ljós hverjir halda þeim á lofti.“

Í sýningunni fara krakkarnir ekki eftir neinu handriti að sögn Sigrúnar. „Orðalag og þess háttar breytist með hverri sýningu og þau hafa frjálsar hendur en þau stefna alltaf að sömu útkomu.“

„Nemendurnir eru á öllum póstum og sjá um allt sem viðkemur sýningunni. Hvort sem það er tónlistin, búningarnir, lýsingin, förðun eða hvað annað. Það er mikil frumsköpun á öllum sviðum og þessir krakkar eru ósandi af sköpunarþörf. Sýningin tekur á ýmsum grundvallarlífsspurningum í sambandi við yfirborðsmennsku, tvískinnung og annað. Þetta er eitthvað sem er þarft í umræðuna.“



**FJÖLSKYLDUSIRKUSINN** Stórglæsileg sýning frá leikfélagi Menntaskólans við Hamrahlíð. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

# Nálgun á norrænar nýlendur

Um þessar mundir stendur yfir fjölþjóðlegt sýningarverkefni tengt norrænni nýlenduhyggju á vegum ReykjavíkurAkademíunn-ar og Nýlistasafnsins. Þar er skyggnst inn í gleymda sögu norrænnar nýlenduhyggju og rætt um hvernig sú saga hefur áfram áhrif á innviði norrænna samfélaga. Tíu virtir lista- og fræðimenn og aðgerðasinnar frá ýmsum löndum koma hingað til lands til að taka þátt í verkefninu.

Í gær var opnuð fjölþjóðleg sýning í Nýlistasafninu þar sem sex listamenn sýna verk sem öll kanna það hreyfiafl sem býr í fortíð nýlenduhyggjunnar. Í dag býðst gestum síðan að taka þátt í fjögurra daga smiðju í ReykjavíkurAkademíunni þar sem fyrirlesarar munu endurskoða hugmyndir um nýlendur og nýlenduhyggju á Norðurlöndum í hnattrænu samhengi. Enn fremur verður rætt hvers vegna nýlendufortíð Norðurlanda hefur verið bæld niður.



**ÍVAR JÓNSSON PRÓFESSOR Á BIFRÖST** Heldur erindi um yfirráð og nýlenduhyggju.

Meðal fyrirlesara verða Mikela Lundahl, hugmyndasagnfræðingur og menningarfræðingur frá Svíþjóð, sem fjallar um samsekt Norðurlandanna í kúgun evrópskrar nýlenduhyggju, Humphrey Polepole frá Tansaníu sem ræðir um samband nýlenduhyggju og vanþróun þriðja heimsins og Ívar Jónsson, prófessor á Bifröst, sem mun fjalla um skipulögð yfirráðasvæði og nýlenduhyggju.

Dagskráin markar upphafið af verkefni í fimm hlutum sem allir snúa að norrænni nýlenduhyggju. Síðari hlutar verkefnisins fara fram á Grænlandi, í Færeyjum og í Samahéruðum Finnlands í apríl og fram í júlí.

Sýningin og smiðjurnar eru öllum opnar og aðgangur er ókeypis.







Leikfélag Mosfellssveitar
Í BEINNI
eftir Hrafnkel Stefánsson og Nóa Kristinsson í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ
Leikstjóri: Guðný María Jónsdóttir
8. sýning Laugard. 25.mar. kl.20:00
9. sýning Laugard. 01.apr. kl.20:00
10. sýning Laugard. 08.apr. kl.20:00

*Leikritið gerist í lokaþætti spjallþáttarins Í beinni, útsendingin gengur þó ekki átakalaust fyrir sig og hinar óvæntustu uppákomur setja svip sinn á atburðarásina. Einnig er í sýningunni skyggnst baksviðs. Þetta er bráðfyndið leikrit sem óhætt er að mæla með.*

Miðasala í síma 5 66 77 88
Miðaverð kr. 1800,-
www.leikmos.is




LISTAHÁTÍÐ Kjartan 2006
SELTJARNARNESKIRKJU
Opnun sunnudag 26. mars 2006 kl.15
*Engin boðskort Enginn aðgangseyrir Allir velkomnir*
Sýning opin alla daga frá kl 10 -17 nema föstudaga






www.700.is
700IS
HREINDÝRALAND
EGILSSTAÐIR 1. - 3. APRÍL 2006
Samstarfsverkefni 700IS
Helstu styrktaraðilar
Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs
Eiðar ehf.
ÍSLANDSBANKI
ALCOA


ZAPPA
PLAYS
ZAPPA
miðasala 2. apríl
www.rr.is


KRINGLUKRÁIN
Tilboðsmatseðill
fyrir leikhúsgesti
Borðapantanir í síma 568 0878
Sixties
í kvöld
www.kringlukrain.is


Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
virkjunin
Allra síðasta sýning í kvöld!


GERÐUBERG
STEiNUNN
Steinunn Sigurðardóttir
fatahönnuður
tískuhönnun • myndbönd frá tískusýningum • ljósmyndir
Sýningin er opnin virka daga 11-17, miðvikudaga 11-21 og um helgar 13-16
Sýninguna má sjá á www.siminn.is/steinunn
Í Boganum
Margræðir heimar
Valur Sveinbjörnsson
Söngur og sund
í síðasta sinn á morgnun kl.13
Jón Ásgeirsson
tónskáld
Síminn
www.gerduberg.is


HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur
eftir Árna Ibsen
SÍÐUSTU
SÝNINGAR
Á HIMNARÍKI
Lau. 25. mars. kl. 20
Fös. 31. mars. kl. 20
Síðasta sýning.
VIÐTALIÐ
eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur
fös. 24. mars kl. 20
sun. 26. mars kl. 20
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is


HAFIÐ BLÁA
Í AUSTURBÆ
Sun 19.03 kl: 13.30
Sun 26.03 kl: 13.30
Miðapantanir í Austurbæ
og á midi.is.
Miðasala Austurbæjar
er opin milli
13 - 17 alla daga
sími : 551 4700
ÍsMedia


ALLRA SÍÐASTA
SÝNING 25. MARS.
Carmen
SÖNGLEIKUR BYGGÐUR Á ÓPERU EFTIR BIZET
„Veisla fyrir augað"
S.S/Fréttablaðið
KB BANKI
BORGARLEIKHÚSIÐ
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


[ íd ]
Aðeins tvær sýningar eftir!
TALAÐU VIÐ MIG
ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN
SÝNIR SUN. 26.03. OG FÖS. 31.03.
GLEÐILEGT ÁR eftir Rui Horta
SÚRT OG SÆTT eftir Didy Veldman
„Demanturinn í Borgarleikhúsinu"
Helga Vala Helgadóttir, Kastljósi 21. mars 2006
Miðasala í Borgarleikhúsinu
s. 568 8000 - eða á www.id.is
Landsbankinn
Traustur bakhjarl Íslenska dansflokksins
Vörðu- og Námufélagar fá 50% afslátt á sýningar Íd.




> **Silkimjúk húð**

*...Hydramax-dagkremið frá Chanel er fyrirtak fyrir allar konur sem kjósa það besta.*

# útlit

utlit@frettabladid.is

## SMEKKURINN JARÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR TÓNLISTARKONA

# *Mikilvægt að vera töff*



**Spáir þú mikið í tískuna?** Nei, ég spái nánast ekkert í tísku nema þá helst fræðilega. Það að hægt sé að selja fólki þá hugmynd að bleikt hafi jú verið mjög töff í gær en í dag sé ljósgrænt algjörlega málið finnst mér mjög áhugavert. Ég spái hins vegar töluvert í fötum því það er auðvitað mjög mikilvægt að vera töff.

**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?** Bara mjög töff.

**Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki?** Ég er mjög hrifin af Eygló, Hörpu, Ása og Jóni Sæmundi. Þau eru mjög töff.

**Flottustu litirnir?** Svart því svart er töff.

**Hverju ertu veikust fyrir?** Glitrandi og töff hlutum.

**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?** Köflóttan eldgamlan sundbol. Hann er mjög töff.

**Hvað finnst þér flottast í tískunni núna?** Dúskar eru að koma sterkir inn hjá mér.

**Hvað ætlarðu að kaupa þér fyrir sumarið?** Sólgleraugu. Sólgleraugu eru mjög töff.

**Uppáhaldsverslun?** Kolaportið. Fyrir utan lyktina, hún er ekki mjög töff.

**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** Svona 100 til 200 þúsund. Það kostar bara sitt að vera töff.

**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?** Pallíettufiðrildanna minna. Þau eru kannski ekkert svo töff en þau glitra mikið, sem er mjög gott.

**Uppáhaldsflík?** Nýi sundbolurinn minn, því hann er töff.

**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?** Í Smáralind. Mér finnst hún svo töff í laginu.

**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?** Ég kaupi bara töff föt. Ég held að niðurþröngu snjóþvegnu gallabuxurnar mínar sem eru útvíðar á rassinum séu samt toppurinn. Þær eru rosalega töff.



## MÓÐUR VIKUNNAR

> MARTA MARÍA FER YFIR MÁLIN

# *Smartheitakeppnin ógurlega!*

Það fer alltaf jafn mikið í taugarnar á mér þegar talað er um smartheit í sömu setningu og fjárhagur er nefndur. Margar konur halda það nefnilega að það sé ekki hægt að vera huggulegur til fara nema eyða morðfjár hvern mánuð í föt. Ég er algerlega ósammála þessu því ég held að smartheit hafi ekkert með peninga að gera, þótt þeir auðveldi manni að sjálfsögðu að lifa.

Smartheit eru eitthvað sem fólk hefur í blóðinu. Smartheit ganga líka í erfðir, flottar ömmur eiga yfirleitt barnabörn sem eru vel til fara þótt smekkurinn sé kannski ekki alveg sá sami. Ég þekki svo ógurlega margar konur sem eru alltaf svo fallega klæddar en samt virðast þær aldrei kaupa sér neitt. En kannski er það líka vegna þess að þær flagga því sjaldnast þegar þær fjárfesta í einhverju. Þessar sömu konur geta þó eytt nokkrum fjárhæðum þegar þær fara til útlanda. Þá fara þær inn í rándýrar merkjavöruverslanir og stelast til að kaupa sér töskur eða skó til að poppa heildarmyndina upp.

Til að vera smart án þess að eyða fúlgum fjár er grundvallarregla að vita hvað klæðir mann. Sumar konur eru elegant í rúllukragapeysum meðan aðrar líta út eins og fílahjörð á slæmum degi...

Svo dæmi sé tekið þá hefur mitt „fatalíf“ breyst mjög mikið á síðustu árum. Um leið og ég flutti að heiman kom yfir mig mikið fatabrjálæði. Það spilar kannski inn í að ég vann í tískuvöruverslun og gat skrifað á mig næstum því ótakmarkað af fötum.

Svo rann sá dagur upp að ég hætti að nenna þessu. Það er ekkert fengið með því að vera með troðfulla fataskápa og vera „ógurlega smart“ en hafa ekki efni á neinu öðru. Maður er líka löngu búinn að skrá sig úr smartfatakeppninni. Þegar öllu er á botninn hvolft þá snýst lífið um svo margt annað en endalaus föt. Eftir því sem maður verður eldri verða kröfurnar meiri og eftir því sem maður á meira af fötum í fataskápnum því erfiðara er að bæta einhverju við. Eina markmiðið verður því að éta ekki yfir sig svo maður geti notað gömlu fötin áfram.








FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Litrík Stella...

Það er ekki hægt annað en að kætast ógurlega þegar þuklað er á nýjustu línu Stellu McCartney, en línan er seld í Adidas Concept store í Kringlunni. Litapallettan er lífleg með heiðgulum litum, milligrænum, hvítu, kóralbleiku og gráu. Það koma nokkrar línur í vor- og sumarlínunni og eru þær stílaðar inn á dömulegar íþróttir eins og tennis, leikfimi, hlaup og sund. Þótt línan sé kvenleg þá eru þægindin í fyrirrúmi og Stella tekur tillit til þess að það vilja ekki allar konur vera í níðþröngu. Sniðin eru unnin af mikilli kunnáttu, rykkt hér og þar, alltaf þó á réttum stöðum sem gerir það að verkum að flíkurnar fúnkera vel, sama hvort þú notar föt númer 36 eða 42. Stærðirnar eru venjulegar og frekar í stærra lagi ef það er eitthvað.

Ef Stellu McCartney-línan hvetur ekki til hreyfingar, þá veit ég ekki hvað.



martamaria@frettabladid.is

# Skórnir fullkomna heildina

Carine Roitfeld er ritstjóri franska Vogue og er auk þess dáð sem tískufyrirmynd af mörgum. Hún er ekta Parísarpía og fylgir frönsku tískureglunni „hafðu það einfalt!“ Hún er með þykkar dökkar augabrúnir, dökka húð og slétt hár sem rammar andlit hennar inn eins og hjálmur. Mörgum þykir hún kaldlynd í fasi en sjálf segist hún eingöngu vera feimin og að hún skýli sér á bak við hárið. „Ég er indælli en ég lít út fyrir að vera,“ segir hún í einu viðtalinu.

Carine sem er á sextugsaldri er falleg á óhefðbundinn hátt og ekki beinlínis smáfríð. Hún er að sjálfsögðu alltaf í flottum fötum en að hennar mati eru skórnir það sem fullkomnar heildina. „Ég er alltaf í sömu fötunum, svartri kápu og pilsi en ég legg samt alltaf áherslu á einn hlut. Oftast eru ég þá í einhverjum rosalegum háhælaskóm. Skórnir og hárið eru það sem gera lúkkið.“



**Í PELSI** Hún á ófáa pelsana en segist þó ekki ganga lengur í þeim því þeir lykti svo illa.



**GLÆSIKVENDI** Í flottum kjól og ennþá flottari skóm á sýningu hjá Matthew Williamsson. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



**CARINE ROITFELD** Hún sækir allar flottustu tískusýningarnar. Hér er hún á tískuvikunni í New York, haustið 2005.



**Á FREMSTA BEKK** Hér er hún á fremsta bekk á sýningu Zac Posen.



## *Sjóðheitar frá Chanel*

Sú kona er varla til sem dreymir ekki um að eignast ekta Chaneltösku. Hin klassíska Chaneltaska, svört bólstruð með gullkeðju, hefur verið móðins í nokkra áratugi. Nú er hún mjög eftirsótt, ungpíur væla þær út úr stælömmum og mömmum og fara með þær eins og gull og demanta. Það er líka þess virði því töskurnar eru langt frá því að vera gefins. Í sumarlínu Chanel er lögð áhersla á gyllt leður og gallaefni. Sama góða Chanel-útlitið skín þó í gegn enda er engin ástæða til að breyta því sem er vel heppnað. Því miður fást þessar dásemdartöskur ekki á Íslandi en tískumeðvitaðir ferðalangar eru hvattir til að skoða þær í erlendum stórborgum!



ZAPPA PLAYS ZAPPA
miðasala 2. apríl
www.rr.is

2006
16. – 26. MARS tískuvika
HJÁ DEBENHAMS

SÝNINGAR,
KENNSLA,
KYNNINGAR
&
VINNINGAR

PS DEBENHAMS Persónulegur stílisti

VERTU Í STÍL VIÐ SJÁLFA ÞIG OG VORIÐ

Komdu og taktu forskot á það flottasta fyrir vorið. Fáðu starfsfólk, stílista og heimsfræga fatahönnuði Debenhams í lið með þér til að sníða glæsilega vorlínuna að þér og þínum stíl.

SPENNANDI HLUTIR AÐ GERAST ALLA SÝNINGARDAGANA:

LUKKUPOTTUR OG VINNINGAR

Allir sem bóka tíma hjá Persónulegum stílista út apríl lenda í lukkupotti. Vinningar frá **Oroblu, Origins, Samsonite** og **Designers** gjafapakkar úr heimilisdeild, ásamt vöruúttekt hjá Persónulegum stílista að verðmæti **10.000, 15.000** og **20.000** kr. Þrjú nöfn dregin út 1. maí.

AFSLÁTTUR OG GJAFAPAKKAR

**50 fyrstu** sem bóka sig hjá Persónulegum stílista fá lúxusprufur að gjöf frá Origins. Allir sem bóka tíma út apríl fá ráðgjöf í snyrtivörudeild og **15% afslátt** af því sem keypt er. Auk þess fæst **10% afsláttur** af **Designers at Debenhams** alla tískudagana.

MÁNUDAG – FÖSTUDAGS KL. 17 – 18

- Förðunarsýning: Það nýjasta í förðun, litum og útliti.
- Persónulegur stílisti gefur þér góð ráð
- Tískusýning starfsmanna: Starfsmenn sýna uppáhaldsmerkin sín

LAUGARDAGUR OG SUNNUDAGUR KL. 14 – 16

- Tískusýning starfsmanna: Starfsmenn sýna uppáhaldsmerkin sín
- Förðunarsýning (laugardag): Það nýjasta í förðun, litum og útliti
- Persónulegur stílisti gefur þér góð ráð
- Bindishnútar (sunnudag): Sýnikennsla í gerð bindishnúta Hvaða hnútur passar við kragann?

DEBENHAMS
SMÁRALIND

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 31781 03/2006

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is


VIVIENNE WESTWOOD


COMME DES GARCONS


VIKTOR & ROLF


MARC JACOBS


CELINE


ENDURSKOÐUN STJÓRNARSKRÁRINNAR

FORSETAEMBÆTTIÐ OG STJÓRNARSKRÁIN Í SÖGULEGU LJÓSI

MÁLÞING SAGNFRÆÐINGAFÉLAGS ÍSLANDS Í SAMVINNU VIÐ STJÓRNARSKRÁRNEFND

Þjóðminjasafni Íslands í dag 25. mars, 14–17:00

DAGSKRÁ:

Helgi Skúli Kjartansson sagnfræðingur,
FORVERI FORSETA. KONUNGSVALDIÐ Á ÍSLANDI 1904 TIL 1944.

Björg Thorarensen lögfræðingur,
VALD FORSETA SEM HANDHAFA FRAMKVÆMDARVALDS.

Þórður Bogason lögfræðingur,
NOKKUR ÁLITAEFNI VIÐ ENDURSKOÐUN Á 26. GREIN STJÓRNARSKRÁRINNAR.

Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur,
LEIKSTJÓRI, LEIKARI EÐA ÁHORFANDI? FORSETINN OG STJÓRNARMYNDANIR.

Svanur Kristjánsson stjórnmálafræðingur,
FORSETI ÍSLANDS OG UTANRÍKISSTEFNAN: SVEINN BJÖRNSSON OG ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON.

Milli fyrirlestra gefst tækifæri til stuttra fyrirspurna og að fyrirlestrum loknum verða pallborðsumræður um forsetaembættið og stjórnarskrána í sögulegu ljósi.

Málþingið er öllum opið og kaffiveitingar verða í boði.
Fundarstjóri verður Björg Eva Erlendsdóttir, þingfréttamaður á fréttastofu Ríkisútvarpsins.



NEFND UM ENDURSKOÐUN STJÓRNARSKRÁR LÝÐVELDISINS ÍSLANDS
Forsætisráðuneytið / Stjórnarráðshúsinu / 150 Reykjavík / www.stjornarskra.is

Fíton/SÍA


# TÍSKUSTRAUMAR AÐ UTAN

**Stóru tískuvikurnar í New York, París, Mílanó og London eru nú yfirstaðnar og því við hæfi að líta yfir mest áberandi trendin sem þar sáust. Borghildur Gunnarsdóttir kafaði í málið.**


IISLI


LOUIS VUITTON


AQUASCUTUM

**Svartar sokkabuxur** Þykkar, svartar sokkabuxur voru sýndar í nánast öllum sýningum á tískuvikunum. Oftast voru þær þá paraðar við stuttan babydoll kjól eða kápu. Þetta er frekar óljóst trend, afar nýtilegt sem og ódýrt og ekki ein af bólunum sem springur eftir þrjá mánuði. Á meðal hönnuða sem sýndu mikið af svörtum sokkabuxum voru Iisli, Aquascutum, Luella Bartley, og Burberry.


LUELLA BARTLEY


MARNI


MIGUEL PALACIO


AQUASCUTUM

**Grátt** Eins þunglyndislega og það hljómar þá er varla hægt að segja annað en að grár hafi verið litur þessara tískuvikna enda var hann afar áberandi í mörgum sýningum. Það besta við hann er þó að það er hægt að para hann við nánast hvaða lit sem er. Það er óþarfi að klæðast öllu gráu og skemmtilegt að hrista upp í gráu flíkunum með til dæmis rauðum fylgihlutum.


IISLI


MARC BY MARC JACOBS


MARNI


LUELLA BARTLEY

**Pokalegt** Eitt skemmtilegasta trendið og ágætis tilbreyting frá þröngum litlum jökkum og pencilpilsum sem hafa verið áberandi hingað til. Þetta eru frjálslegar og þægilegar flíkur sem þrengja hvergi að. Það ætti að vera auðvelt að passa inn í stílinn með því að kaupa sér eilítið of stórar flíkur næst þegar skroppið er í búðir. Fjölmargir sýndu þessi pokalegu áhrif og meðal annars Marc Jacobs, Marni, Iisli, Balenciaga og Stella McCartney en þessi víði og þægilegi stíll hefur reyndar lengi einkennt hönnun hennar.

**Víðar buxur** Fólk fer sennilega fljótlega að verða þreytt á niður- og níðþröngu buxunum sem hafa verið í tísku að undanförnu og því frábært að sjá víðar buxur á tískupöllunum. Víðu buxurnar passa líka vel inn í tíunda áratugs fílinginn sem virðist vera að brjótast upp á yfirborðið aftur þó svo að krumputeygjurnar fylgi ekkert endilega með.


CHLOÉ


VERA WANG

**Hattar og grímur** Þetta er skrítið trend og ekkert ofboðslega klæðilegt eða varla fara konur að ganga með grímur í meira mæli núna. En samt var það nokkuð skemmtilegt hvað þær voru áberandi á tískupöllunum og í hve mörgum sýningum andlit fyrirsætnanna voru alveg hulin. Þetta mátti til dæmis sjá hjá Junya Watanabe, Vivienne Westwood, Underworld og Victor and Rolf.

**Hanskar** Þetta er frábært trend og afar nýtilegt hérlendis. Hver kannast ekki við það að vera pínu hrollkalt á vordögum þegar gluggaveðrið herjar á landann. Þá er ágætt að geta sett á sig hanska og vera samt flottur á því. Margir hönnuðir sýndu einnig háa hversdagslega hanska við glæsikjóla og setti það skemmtilegan svip á glamúrinn.


CYNTHIA ROWLEY


AQUASCUTUM


CHARLES NOLAN

**Mittisbelti**

Alls ekkert nýtt í gangi hér en þetta trend er ekki fyrir alla. Eins og þetta getur verið flott þá eru það eiginlega bara mjónurnar sem geta þolað þessa áherslu á mittið. Fyrir þær er þetta þó einstaklega smart og skapar örlítil tímabilaáhrif í lúkkinu. Sniðugt er að hafa beltið í skærum lit og skapa skemmtilega litasamsetningu á móti. Belti yfir jakkapeysu getur líka verið hrikalega sætt.


ZIGFREDA













SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| THE PRODUCERS | kl. 2.40, 5.20, 8 og 10.45 |
| SÝND Í Í LÚXUS | kl. 2.40, 5.20, 8 og 10.45 |
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 1, 3.40, 5.45, 8 og 10.15 |
| PINK PANTHER | kl. 1, 3.45, 5.50, 8 og 10.10 |
| YOURS MINE AND OURS | kl. 4 og 6 |
| RENT | kl. 8 og 10.45 B.I. 14 ÁRA |
| ZATHURA M/ÍSLENSKU TALI | kl. 1 B.I. 10 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| THE PRODUCERS | kl. 8 og 10.45 |
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 3 og 5.50 |
| RENT | kl. 5.20 B.I. 14 ÁRA |
| CAPOTE | kl. 8 B.I. 16 ÁRA |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 2.40 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| CONTANT GARDENER | kl. 5.30 B.I. 16 ÁRA |
| WALK THE LINE | kl. 3 og 10.20 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| TRISTAN & ISOLDE | kl. 5.45, 8 og 10.20 |
| THE NEW WORLD | kl. 10 |
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 4, 6 og 8 |
| NANNY MCPHEE | kl. 2 400 KR. |
| YOURS MINE & OURS | kl. 2 400 KR. |
| PINK PANTHER | kl. 4 |

Dolby SDDS Sony Dynamic Digital Sound THX BÍÓ.IS – allt á einum stað







**FRUITLAND JACKSON** Blúsarinn frá Mississippi er á leiðinni til Íslands í apríl.

# Blúshátíð í apríl

Blúsdívurnar frá Chicago, Deitra Farr, Zora Young og Grana Louis, og Mississippiblúsmaðurinn Fruitland Jackson verða aðalgestir Blúshátíðar í Reykjavík, auk rjómans af íslenskum blústónlistarmönnum. Hátíðin fer fram á Nordica Hotel dagana 11.-13. apríl og í Fríkirkjunni á föstudaginn langa.

Blúshátíð verður sett með tónleikum á Nordica þann 11. apríl. Þar koma fram Andrea Gylfadóttir Páll Rósinkranz, Skaf, óvæntur leynigestur og fleiri. Kvöldið eftir mun Fruitland Jackson halda tónleika ásamt Dóra Braga, Sigga Sig., Krummunum, Fjallaskáldunum og óvæntum leynigesti. Skírdagskvöld taka Dívurnar þrjár völdin með Vinum Dóra og að kvöldi föstudagsins langa syngja þær gospel og sálma ásamt Fruitland Jackson og íslenskum tónlistarmönnum í Fríkirkjunni. Miðaverð er 2.000 krónur á hvert kvöld eða 5.000 krónur á öll kvöldin. Miðasala er hafin og fer fram í verslunum Skífunnar, BT á Akureyri og Selfossi og á midi.is. Nánari dagskrá má finna á blues.is.





## "Nýr" Toyota Land Cruiser 100

**Nýskráður 28.2.2006**
Sjálfskiptur, loftkæling, leðuráklæði, sólúga, 7 sæta, dökkar rúður, 6 diska geislaspilari, hraðastillir, rafdrifin sæti, auka dekkjagangur á álfelgum dráttabeisli, o.m.fl.

**Verðtilboð kr. 6.890.000,-**

Bílabúð Benna
Notaðir Bílar - Bíldshöfða 10
587-1000 - Bílasalan Skeifan


# Godfather kominn út

Tölvuleikurinn Godfather er kominn út fyrir PC, Playstation 2, Xbox og PSP. Leikurinn er byggður á bókinni Godfather eftir Mario Puzo og samnefndri kvikmynd. Hefur leikurinn þegar fengið mjög góða dóma gagnrýnenda.

Godfather er saga um fjölskylduna, virðingu og tryggð. Leikurinn gerist í New York á árunum 1945 til 1955, þar sem leikmenn eiga að klifra upp metorðastiga mafíunnar og ná yfirráðum yfir borginni.

Myndin Godfather skartaði mörgum af þekktari leikurum Hollywood og komu sumir þeirra að gerð leiksins. Meðal þeirra sem ljá leiknum rödd sína og andlit eru Marlon Brando sem Don Vito Corleone, James Caan sem Sonny Corleone og Robert Duvall sem Tom Hagen.



**DON CORLEONE** Guðfaðirinn stjórnar hlutunum með harðri hendi í tölvuleiknum Godfather.

# Reiður og bitur með brostið hjarta

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Mér heyrist sem Graham Coxon, fyrrum gítarleikari Blur, hafi nýlega lent í ástarsorg. Að minnsta kosti fjalla flestir textarnir á nýju plötu hans, Love Travels At Illegal Speeds, um ástir sem aldrei fengu að blómstra. Hann hljómar örlítið bitur.

Mér heyrist hann líka reyna að höfða til yngri hlustendahóp en áður. Lögin eru flest byggð á einfaldari gítarstefjum en áður og hljómur plötunnar er pönkaður, skítugur og óheflaður eins og hjá Babyshambles eða Artic Monkeys. Það fer Coxon svo sem ágætlega, en einhvern veginn fæ ég á tilfinninguna að hann sé að reyna elta eitthvað í stað þess að leyfa hæfileikum sínum að hrinda sér í ný og óvæntari ævintýri. Af einhverjum ástæðum trúi ég því bara ekki að hann hafi ennþá mestar mætur á því að semja lög sem minna á Song 2 eða önnur lög með Blur.

Síðasta plata Coxons, Happiness in Magazines, var nokkuð fín og fékk betri viðtökur en fyrri plötur hans. Fyrir vikið gefur hann út þessa sjöttu breiðskífu sína hjá EMI, sem gefur enn út plötur Blur.

Honum tekst alveg sæmilega til hérna. Lítið hægt að setja út á lagasmíðar, þannig séð, en þær sökkva einhvern veginn ekki mjög djúpt inn. Platan hljómar eins og lögin séu hönnuð fyrir tónleikasett, og kannski væri best að upplifa þau þannig. Á plasti eiga þau til að virka örlítið pirrandi í einstefnu sinni. Kannski vegna þess að maður fær á tilfinninguna að maður hafi heyrt þau öll áður, eða að minnsta kosti keimlík lög.

En á köflum nær þetta að vera nokkuð hressandi pöbbaplata. Get vel séð fyrir mér hóp af hafnarverkamönnum saman á pöbbnum fyrir fótboltaleik að taka lúftgítar með nokkrum lögunum hérna.

Graham Coxon virðist vera að taka skýra stefnu á sólóferli sínum, og það er að hljóma eins og pönkaðri lög Blur gerðu. Persónulega vildi ég nú bara óska þess að hann og Damon myndu grafa stríðsöxina og Coxon myndi taka upp stöðu sína aftur í þeirri frábæru sveit. Hann gæti vel haldið áfram að gefa út svona plötur sem hliðarverkefni, en hann á líklegast aldrei eftir að skína jafn bjart einn og hann gerði sem liðsmaður þeirrar sveitar.

**Birgir Örn Steinarsson**



**GRAHAM COXON:**
LOVE TRAVELS AT ILLEGAL SPEEDS

**Niðurstaða:** Sjötta breiðskífa Grahams Coxon er hrá, pönkuð og keyrð áfram með sóðalegum gítarstefjum. Hljómar eins og tilraun til þess að komast aftur inn í bílskúrinn.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Queen Latifah** er í skýjunum með nýja Ice Age karakterinn sinn en hún er ein af þeim sem tala inn á myndina. Hún talar fyrir stóran mammút og segir þetta í fyrsta sinn sem hún hefur haft nógu stóran rass. „Ég hef aldrei verið með mjög stóran rass miðað við svart fólk. Ég er ekki með lítinn rass en ekki mjög stóran. Ég er því ánægð með að geta haft stóran rass í teiknimyndaheiminum fyrst ég er ekki með slíkan í alvörunni," sagði Latifah.



Leikarinn **John Leguizamo** segir það hafa reynst talsvert erfitt fyrir hann að leika í Bráðavaktinni vegna þess að allir vinnuhrekkirnir beindust að honum. „Það var eins og þau væru að bjóða mig velkomin í fjölskylduna með því að hrekkja mig," sagði hann en vinnuhrekkirnir eru orðnir klassískir síðan hrekkjalómurinn George Clooney lék í þáttunum. „Í einum þættinum var mikill texti og í lok síðasta atriðisins átti ég að ná í hanskana mína í vasann. Þau höfðu hins vegar bundið þá alla saman svo ég þurfti að taka upp allt atriðið aftur. Þau settu líka vaselín á símann minn þegar ég átti að hringja í einni senunni," sagði Leguizamo.



**Sylvester Stallone** hefur verið gagnrýndur fyrir að koma leikkonunni Ellen Barkin ekki til hjálpar þar sem hún var í andnauð á veitingastað. Stallone fullyrðir hins vegar að hann hafi ekki tekið eftir atvikinu. „Ef hún var að hósta og nánast kafna hefur hún gert það mjög kurteisislega því ég tók ekki eftir því. Ég hefði pottþétt blandað mér í slaginn ef svo hefði verið. Ef ekki bara til að reyna að sleppa við að borga reikninginn," sagði Stallone.



Tónlistarmaðurinn Wyclef Jean tók sér pásu frá hjálparstörfum sínum til þess að vinna með **Shakiru** fyrir næstu plötu hennar. „Ég hef verið að vinna að hjálparstörfum á Haítí að undanförnu og fór þaðan til Ameríku til að vinna með Shakiru," sagði Wyclef sem býr nú á Bahamaeyjum. „Þetta er besti staðurinn í Karíbahafinu. Þetta gerist ekki betra en hér."




ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| V FOR VENDETTA | KL. 5:15-8-10:45 | B.I. 16 |
| V FOR VENDETTA VIP | KL. 2-5:15-8-10:45 | |
| THE MATADOR | KL. 2-4-6-8-10:10 | B.I. 16 |
| LASSIE | KL. 2-3:50-6 | |
| AEON FLUX | KL. 6-8-10:10 | B.I. 16 |
| SYRIANA | KL. 8:10-10:45 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 2-4-6-8-10:10 | |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 2-4 | |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 2 | |

ÁLFABAKKI S: 587-8900

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| V FOR VENDETTA | KL. 8-10:30 | B.I. 16 |
| LASSIE | KL. 2-4-6 | |
| BIG MOMMAS HOUSE 2 | KL. 4-6-8-10 | |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 2 | |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| V FOR VENDETTA | KL. 5:40-8-10:20 | B.I. 16 |
| LASSIE | KL. 2-4-6 | |
| THE MATADOR | KL. 8-10 | B.I. 16 |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 2 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 3:30 | |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| V FOR VENDETTA | KL. 6-8-10-11:20 | B.I. 16 |
| LASSIE | KL. 12-2:10-3:15-4:20-5:50-8-10:10 | |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 12-2-4 | |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 12-1:30 | |

KRINGLAN S: 588-0800

Háskólabíó

| | | |
|---|---|---|
| V FOR VENDETTA | KL. 2:30-5:15-8-10:45 | B.I. 16 |
| THE MATADOR | KL. 6-8-10 | B.I. 16 |
| THE NEW WORLD | KL. 5:15-8-10:45 | B.I. 12 |
| THE WORLD´S FASTEST INDIAN | KL. 5:30-8 | |
| SYRIANA | KL. 10:30 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 4-6-8-10 | |
| BAMBI 2 | KL. 3 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 3 | |
| OLIVER TWIST | KL. 3 | |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919

# Ísland er uppáhaldslandið



NATHAN OG MICHAEL Þeir félagar ætla að halda tvenna tónleika hér á landi um helgina.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Bandaríski tónlistarmaðurinn Nathan Amundson sem kallar sig Rivulets heldur tónleika í Kaffi Hljómalind í dag og á Grand Rokk annað kvöld. Með honum í för er Michael sem spilar á rafmagnsgítar en sjálfur spilar Nathan á kassagítar. Trúbadorinn Þórir mun eitthvað verða þeim innan handar.

Þetta er fjórða heimsókn Nathans hingað til lands á fimm árum. Í þeirri fyrstu tók hann upp stuttskífuna Thank You Reykjavík í hljóðveri Rásar 2 og haustið 2000 spilaði hann á óopinberum lokatónleikum Hljómalindar á Grand Rokki.

Nathan, sem hefur verið á tónleikaferð um Evrópu, segist líka mjög vel við Ísland eins og tíðar heimsóknir hans hingað gefa til kynna. „Þetta er uppáhaldslandið mitt í heiminum og ég myndi flytja hingað ef ég gæti,“ segir Nathan. „Landslagið er undurfagurt og fólkið er mjög vingjarnlegt. Landið er líka ekki eins upptekið af markaðsmálum eins og Bandaríkin þar sem McDonalds er á hverju horni,“ segir hann. Hann segir tónlistina sína vera rólega þó svo að hún sé eitthvað farin að hressast upp á síðkastið. Textarnir séu persónulegir, en þó ekki endilega um hann sjálfan. „Ég syng um persónuleg sambönd á milli fólks og eiginlega um lífið og tilveruna.“

Eftir tónleikana hér heima heldur hann aðra tónleika í Bandaríkjunum með hljómsveitinni Low sem hefur verið áberandi í jaðartónlistinni þar í landi. Hefur hann spilað með sveitinni einu til tvisvar sinnum á ári undanfarin ár.

Rivulets hefur gefið út tvær plötur og sú þriðja er væntanleg síðar á árinu hjá nýju hljómplötufyrirtæki. Á tónleikunum um helgina verða plötur og stuttermabolir merktir Rivulets til sölu og hvetur hann sem flesta til að láta sjá sig.

# Radiohead í bíó



RADIOHEAD Hljómsveitin vinsæla á nokkur lög í myndinni A Scanner Darkly.

Tónlist með hljómsveitinni Radiohead verður að finna í kvikmyndinni A Scanner Darkly sem skartar Keanu Reeves í aðalhlutverki.

Meðal annars verður þar nýtt lag með söngvaranum Thom Yorke sem er tekið af væntanlegri sólóplötu frá honum. Engar frekari fregnir hafa borist af sólóplötunni en Radiohead er um þessar mundir að vinna að sinni næstu plötu. Sveitin hefur þegar bókað sig á tónleikahátíðir í Ungverjalandi, Englandi og Tennessee í Bandaríkjunum.

A Scanner Darkly, sem kemur í bíó í sumar, er byggð á samnefndri vísindaskáldsögu Philips K. Dick. Leikstjóri er Richard Linklater, sem á m.a. að baki Before Sunrise og School of Rock. ■

# Slappar af á Íslandi



LISA EKDAHL Sænska söngkonan ætlar að njóta verunnar á Íslandi.

Sænska söngkonan Lisa Ekdahl, sem hélt tónleika fyrir fullu húsi í Háskólabíói í gærkvöldi, ætlar að dvelja hér á landi fram á mánudag.

Ætlar hún að nýta tækið og fara á hestbak og í Bláa lónið ásamt syni sínum sem er með henni í för. Skömmu eftir komuna til landsins á fimmtudag fékk hún sér kaffi á Kaffitári og snæddi síðan um kvöldið dýrindismáltíð á Þremur frökkum. Ljóst er að hún ætlar sér að njóta veru sinnar hér á landi til fullnustu.



BUZZ Sjónvarpsmaðurinn sérstaki snýr aftur í nýjum tölvuleik.

# Buzz snýr aftur

Sjónvarpsmaðurinn sérstaki Buzz er kominn aftur í tölvuleiknum vinsæla Buzz!: The Big Quiz, sem er kominn út fyrir Playstation 2 leikjatölvuna.

Buzz!: The Big Quiz byggir á hinum gríðarlegu vinsældum tónlistarspurninganna í fyrsta leiknum, en nú á að reyna á hvað þátttakendur vita í raun. Að þessu sinni geta spurningarnar verið um hvað sem er. Þeim geta fylgt myndir, hljóð eða myndbönd og koma spurningarnar inn á svið á borð við kvikmyndir, íþróttir og tónlist. Auk þess eru nokkrar spurningar sem fjalla um undarlega þekkingu Buzz.







## Hammarby vill Gunnar

Anders Linderoth, hinn gamalreyndi þjálfari Hammarby, sagði við Fréttablaðið í gær að liðið hefði hug á að semja við vinstri bakvörðinn knáa Gunnar Þór Gunnarsson. Gunnar hélt utan í gær en hann mun dveljast með liðinu í vikutíma á Möltu. Vinstri bakvörður liðsins er illa meiddur og því þarf Hammarby nýjan bakvörð en tímabilið hefst eftir tíu daga.

# sport

sport@frettabladid.is

DANSKI FRAMHERJINN ALLAN DYRING: GENGUR TIL LIÐS VIÐ FH Í NÆSTU VIKU

# FH var eina liðið sem kom til greina

Danski sóknarmaðurinn Allan Dyring mun skrifa undir tveggja ára samning við Íslandsmeistara FH í næstu viku. Dyring þykir mjög markheppinn auk þess sem hann leggur mikið upp fyrir samherja sína en hann kemur frá FC Frederica í heimalandi sínu. Dyring hefði orðið samningslaus í sumar og því fékk FH leikmanninn á mjög góðu verði. „Ég get ekki beðið. Ég hlakka mikið til að kynnast nýja liðinu mínu og íslenska boltanum. Allan Borgvardt og Tommy Nielsen hafa sagt mér mjög góða hluti um landið og FH," sagði Dyring við Fréttablaðið í gær en hann kemur til Íslands á mánudaginn til að leita sér að íbúð áður en hann skrifar undir samninginn á blaðamannafundi í næstu viku. Dyring er æskuvinur Allans Borgvardt sem fór frá FH síðasta sumar og hefur fengið miklar upplýsingar hjá vini sínum. „Eftir að ég heyrði af áhuga liða á Íslandi þá varð ég strax spenntur og þegar FH kom til sögunnar var það eina liðið sem kom til greina," sagði Dyring. „Allan Borgvardt sagði mér allt um FH-liðið. Hvað strákarnir eru frábærir, hvað stjórnin er góð líkt og aðstæðurnar. Mér heyrist að þetta sé topp klúbbur. Þetta verður spennandi ævintýri," sagði Dyring sem kemur hingað með konu sinni og nýfæddu barni.

Dyring er einmitt ætlað að fylla það skarð sem Borgvardt skilur eftir sig frá síðasta sumri en hann hefur verið vítamínsprauta FH undanfarin ár. Stig Pedersen, stjórnarmaður Frederika, segir Dyring vera frábæran leikmann. „Við viljum ekki missa hann en þar sem samningurinn hans rennur út í sumar gátum við ekkert gert. Við erum að fá eins mikið fyrir hann og við getum. Allan er sterkur framherji, það er mikill kraftur í honum og góður fengur fyrir FH," sagði Pedersen við Fréttablaðið í gær.



## > Allt undir hjá konunum

Það er ekki ólíklegt að úrslitin í DHL-deild kvenna ráðist í dag þegar Valur tekur á móti Haukum. Með sigri tryggja Haukar toppsætið í deildinni og svo gott sem titilinn enda ekki líklegt að liðið tapi fyrir KA/Þór í lokaumferð mótsins. Ef liðið tapar þá fer ÍBV á toppinn sigri liðið Gróttu, sem verður að teljast líklegt, og er þá líklegur meistari þar sem Eyjastúlkur tapa tæplega fyrir HK í lokaumferðinni. Hörkuspenna og vonandi fjölmennir fólk á völlinn.



Enska bikarkeppnin:

## Chelsea mætir Liverpool

**FÓTBOLTI** Úrslitaleikurinn sem langflestir vildu sjá í ensku bikarkeppninni í vor mun ekki verða að veruleika því að stórliðin Chelsea og Liverpool drógust í gær til að spila gegn hvort öðru í undanúrslitum keppninnar. Í hinum undanúrslitaleiknum mætir West Ham annaðhvort Middlesbrough eða Charlton en þau eigast við að nýju í næstu viku þar sem fyrri leikurinn endaði með jafntefli.

„Þetta verður mjög erfiður leikur fyrir bæði lið," sagði Rafa Benitez, stjóri Liverpool, um dráttinn. „Liðin hafa oft mæst í ár og þekkja hvort annað orðið mjög vel. Það er mikið sjálfstraust í mínu liði og við vitum að þetta er leikur sem við getum unnið."

Leikirnir fara fram 22. og 23. apríl á Villa Park í Birmingham og Old Trafford í Manchester. - vig

# Keflavík er komið í úrslit

**Keflavíkurstúlkur tryggðu sér þátttökurétt í úrslitarimmu Íslandsmóts kvenna í körfuknattleik í gær þegar þær lögðu Grindavík öðru sinni, 97-72.**

**KÖRFUBOLTI** Keflavík mun annaðhvort mæta Haukum eða ÍS í úrslitum Íslandsmóts kvenna í körfuknattleik. Keflavík „sópaði" Grindavíkurliðinu út úr mótinu í gær með stórsigri á heimavelli, 97-72, og vann þar með rimmu liðanna 2-0 þar sem Keflavík vann fyrri leikinn í Grindavík á miðvikudag.

Keflavík var mun sterkara liðið í fyrri leiknum og Keflavíkurstúlkur vissu sem var að spiluðu þeir aftur sem lið myndu þær vinna leikinn í gær. Það reyndist rétt því heimasæturnar tóku strax öll völd á vellinum og héldu allt til enda.

Bryndís Guðmundsdóttir datt heldur betur í gírinn í gær en hún var maður leiksins með 18 stig og 16 fráköst. Svakalega góður leikur hjá henni og LaKiste Barkus var einnig í fantaformi og skoraði 36 stig en hún hefur ekki leikið svona vel lengi.

Annars var allt Keflavíkurliðið sjóðheitt og setti liðið meðal annars niður 13 þriggja stiga skot.

Hjá Grindavík var fátt um fína drætti og lítil liðsheild og framlag fárra leikmanna varð liðinu að falli. Hildur Sigurðardóttir var góð og lengi vel sú eina hjá Grindavík sem var að spila vel. Stocks var ágæt en getur mikið betur en aðrir leikmenn liðsins mega muna sinn fífil fegri en þeir voru ekki með í þessari rimmu.

- hbg



**HVERT ERT ÞÚ AÐ FARA?** NBA-stjarnan Tamara Stocks fékk ekkert ókeypis hjá Keflavíkurstúlkum í rimmu Suðurnesjaliðanna. MYND/VÍKURFRÉTTIR

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *Iceland Express-deild kvk:*

| KEFLAVÍK-GRINDAVÍK | 97-72 |
|---|---|

**Stig Keflavíkur:** LaKiste Barkus 35 (7 fráköst, 7 stolnar), Bryndís Guðmundsdóttir 18 (16 fráköst, 5 stoðsendingar), María Ben Erlingsdóttir 15 (8 fráköst), Birna Valgarðsdóttir 15, Margrét Kara Sturludóttir 5.

**Stig Grindavíkur:** Tamara Stocks 26 (18 fráköst), Hildur Sigurðardóttir 24 (19 fráköst, 6 stoðs.), Alma Rut Garðarsdóttir 6, Ólöf Pálsdóttir 5, Erna Rún Magnúsdóttir 3, Jovana Stefánsdóttir 2.

### *DHL-deild karla:*

| FYLKIR-STJARNAN | 24-17 |
|---|---|

**Mörk Fylkis:** Arnar Þór Sæþórsson 8, Ásbjörn Stefánsson 4, Arnar Jón Agnarsson 2, Brynjar Hreinsson 2, Eymar Kruger 2, Guðlaugur Arnarsson 1.

**Mörk Stjörnunnar:** Þórólfur Nielsen 4, David Kekelia 3, Tite Kalandadze 3, Kristján Kristjánsson 2, Gunnar Jóhannsson 1, Björn Óli Guðmundsson 1.

| FH-ÞÓR AK. | 29-26 |
|---|---|

**Mörk FH:** Valur Arnarson 11, Hjörtur Hinriksson 4, Andri Berg Haraldsson 4, Linas Kalauskas 3, Pálmi Hlöðversson 2, Sigursteinn Arndal 2.

**Mörk Þórs:** Aigars Lazdins 6, Rúnar Sigtryggson 5, Arnar Gunnarsson 5, Atli Ingólfsson 3, Heiðar Aðalsteinsson 3, Sigurður Sigurðsson 3.





# VELDU VOLVO S40. FALLEG STÆRÐFRÆÐI.

Volvo S40 er hátækni. Gott dæmi um fallega stærðfræði og verkfræðilega snilld. Fullur af orku. Búinn fádæma akstursеiginleikum. Þú finnur ekki fyrir hreyfingu Volvo S40 á jöfnum hraða. Aðeins fyrir veginum. Afstætt lögmál. Þú sérð umhverfið líða framhjá; hefur kannski á tilfinningunni að bíllinn sé kyrr og jörðin á hreyfingu. Draumabíll.

Reynsluaktu draumabíl bílablaðamanns Morgunblaðsins: „Volvo hefur nefnilega tekist það sem margir hafa áður reynt og flestir án árangurs; að smíða gæðabíl án þess að slá nokkuð af kröfunum en um leið að stilla verðinu í hóf." Komdu í Brimborg. Skoðaðu fallegt dæmi um áratuga umhyggju Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo.

### Verkfræðileg snilld einkennir Volvo S40

Berðu saman verð og gæði. Berðu saman staðalbúnað Volvo S40 við staðalbúnað í öðrum lúxusbílum. Þú finnur WHIPS bakhnykksvörn, SIPS hliðarárekstrarvarnarkerfi og spólvörn með stöðugleikastýringu í Volvo S40. Einnig ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloftpúða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómflutningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upphituð sæti, 16" álfelgur og margt fleira. Sjö hátæknivélar standa þér til boða. Bensín eða dísil. Komdu í Brimborg.

EuroNCAP öryggisstofnunin verðlaunaði Volvo S40 með bestu einkunn (5 stjörnur), sama gerði US NCAP. Breska bílablaðið Auto Express mat Volvo S40 sem besta bílinn í sínum flokki lúxusbíla; betri en BMW 3 series og Jaguar X-type. Volvo S40 er besti kosturinn að mati bandaríska vegaöryggiseftirlitsins (IIHS) og sænska tryggingafélagið Folksam verðlaunaði Volvo S40 fyrir að vera með bestu hálsog bakhnykksvörnina. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



*Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðaðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.volvo.is



GCI ALMANNATENGSL • GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

**Volvo S40 bensín. Verð frá 2.395.000 kr.***

**Volvo S40 dísil. Verð frá 2.765.000 kr.***



* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

22 23 24 **25** 26 27 28

**Laugardagur**

### LEIKIR

- 14.00 **Afturelding** og **ÍBV** mætast í DHL-deild karla í handbolta í Mosfellsbæ.
- 14.15 **Valur** og **KA** mætast í DHL-deild karla í handbolta í Laugardalshöll.
- 15.00 **Fram** og **Selfoss** mætast í DHL-deild karla í handbolta í Safamýri.
- 16.00 **Keflavík** og **Skallagrímur** mætast í úrslitakeppni Iceland-Express deildar karla í körfubolta. Fyrsti leikur liðanna í undanúrslitum.
- 16.15 **Valur** og **Haukar** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 16.15 **FH** og **HK** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 16.15 **KA/Þór** og **Fram** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 16.15 **Víkingur** og **Grótta** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 16.15 **ÍBV** og **Stjarnan** mætast í DHL-deild karla í handbolta.
- 17.00 **ÍS** og **Haukar** mætast í úrslitakeppni Iceland-Express deildar kvenna í körfubolta. Annar leikur liðanna í undanúrslitum.

### SJÓNVARP

- 14.10 **Íslandsmótið í handbolta** á Rúv. Bein útsending frá leik **Vals** og **KA** í DHL-deild karla.
- 16.05 **Íslandsmótið í handbolta** á Rúv. Bein útsending frá kvennaleik **Vals** og **Hauka.**
- 18.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Malaga** og **Barcelona**
- 20.55 **Golf** á Sýn. Bein útsending frá einu stærsta móti ársins, **Players meistaramótinu.**

# Þetta er ungt en reynslumikið lið

**Alfreð Gíslason tilkynnti í gær sinn fyrsta hóp sem landsliðsþjálfari í handbolta. Nokkrar athyglisverðar breytingar eru á liðinu sem fer í æfingabúðir í Þýskalandi og spilar meðal annars við Magdeburg.**

**HANDBOLTI** Alfreð valdi tuttugu manna hóp til Þýskalandsfararinnar, 10.-17. apríl en þetta eru leikmennirnir sem taka þátt í leikjunum gegn Svíum í júní. Þessir tveir leikir skera úr um hvor þjóðin tekur þátt í heimsmeistaramótinu í Þýskalandi í byrjun næsta árs.

Mesta athygli vekur að í liðinu eru Einar Örn Jónsson, Ragnar Óskarsson og Sverrir Björnsson, en þeir hafa ekki átt sæti í landsliðinu undanfarin ár. Þá koma Jaliesky Garcia, Markús Máni Michaelsson og Logi Geirsson inn í landsliðið á nýjan leik eftir að hafa misst af EM í Sviss vegna meiðsla.

„Ég hef notað tímann minn að skoða leikmenn í Þýskalandi og um helgina ætla ég að sjá nokkra leiki hér á Íslandi. Ég hef verið í góðu sambandi við þjálfarana í deildinni enda eru þeir flestir vinir mínir, þetta fyrirkomulag hefur gengið vel,“ sagði Alfreð við Fréttablaðið í gær.

Í Þýskalandi verður markmannsþjálfari að nafni Wieland Schmidt með liðinu en hann ætti að vera handknattleiksunnendum að góðu kunnur.

„Hann er talinn vera fremsti markmaður Þjóðverja og þótt víðar væri leitað. Hann er góður kunningi minn og var leikmaður Magdeburg. Ég bað hann um að taka þetta að sér í eina viku. Tilgangurinn er sá að fá aðra sýn á þetta en Bergsveinn Bergsveinsson hefur verið með, sá pakki er mjög góður en það er gott að fá fjölbreytni í verkefnið,“ sagði Alfreð.

Aðstæðurnar í Þýskalandi eru mjög fullkomnar en ljóst er að strákarnir í landsliðinu fá ærið verkefni. „Það verður æft stíft. Við fáum aðalhöllina til æfinga nánast eins og við viljum, ég er með lyftingarsal sem ég raðaði upp sjálfur auk þess sem við spilum æfingaleik við Magdeburg,“ sagði Alfreð sem kemur til með að beita nýjustu tækni til að skoða líkamlegt ástand leikmanna.

„Við verðum með aðstöðu í ólympíumiðstöð þar sem ég hef verið að ræða við vísindamenn sem skoða leikmennina mjög gaumgæfilega. Við fáum allt skoðað, púls leikmanna, snerpu, úthald og margt fleira. Leikmenn fá þessar upplýsingar í hendurnar og geta þá unnið samkvæmt því, leikmennirnir munu koma til með að fá heimaverkefni,“ sagði Alfreð sem stefnir á að nýta vikuna mjög vel.

„Markmiðið er að nota þessa einu viku til að skipuleggja allan tímann fram að leikjunum gegn Svíum. Ég mun ræða við leikmenn og leggja línurnar næstu tvo mánuði, segja þeim hvað þeir þurfa að leggja áherslu á en einnig þarf ég að hafa samráð við þjálfara þeirra,“ sagði Alfreð.

Alfreð velur reynslumikið lið en samtals hafa leikmennirnir spilað 1.322 landsleiki. Sverrir Björnsson hefur leikið fæsta eða níu talsins en fyrirliðinn Ólafur Stefánsson hefur tekið þátt í 228 landsleikjum og skorað í þeim 1.029 mörk.

„Liðið er ekki gamalt en reynslan er svo sannarlega til staðar. Verkefnið er ekki þess eðlis að við séum að byggja upp til framtíðar heldur erum við einbeittir að þessu eina verkefni gegn Svíum. Eftir þessa leiki þá kemur að því að velja yngri leikmenn og gefa þeim tækifæri en ég get ekki leyft mér það núna,“ sagði Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari að lokum.

**hjalti@frettabladid.is**



**ALFREÐ GÍSLASON** Stýrði blaðamannafundinum í gær eins og hershöfðingi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### LANDSLIÐSHÓPURINN

| | |
|---|---|
| Roland Valur Eradze | Stjarnan |
| Birkir Ívar Guðmundsson | Haukar |
| Hreiðar Guðmundsson | KA |
| Vignir Svavarsson | Skjern |
| Jaliesky Garcia Padron | Göppingen |
| Sigfús Sigurðsson | Magdeburg |
| Sverrir Björnsson | Fram |
| Arnór Atlason | Magdeburg |
| Guðjón Valur Sigurðsson | Gummersbach |
| Snorri Steinn Guðjónsson | Minden |
| Ólafur Stefánsson | Ciudad Real |
| Einar Hólmgeirsson | Grosswallstadt |
| Einar Örn Jónsson | Torrevieja |
| Alexander Petersons | Grosswallstadt |
| Baldvin Þorsteinsson | Valur |
| Róbert Gunnarsson | Gummersbach |
| Ragnar Óskarsson | Ivry |
| Logi Geirsson | Lemgo |
| Markús Máni Michaelsson | Dusseldorf |
| Ásgeir Örn Hallgrímsson | Lemgo |




VOLVO
for life

*Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!*

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.volvo.is

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„How much courage does it take to walk out on your kid?“**

Svar: Ted kramer úr Kramer vs. Kramer frá 1979

# dagskrá

## Í TÆKINU: JUDE LAW LEIKUR Í ENEMY AT THE GATES Í SJÓNVARPINU KLUKKAN 23.45.

# *Héldu að hann væri stelpa*

Jude Law fæddist 29. desember árið 1972 í suðausturhluta London. Foreldrar hans, Peter og Maggie Law, störfuðu sem skólakennarar en eiga nú leikhús í Frakklandi.

Jude byrjaði að leika með National Youth Music Theatre þegar hann var tólf ára. Þegar hann gekk til liðs við leikhúsið var hann settur á ranga heimavist því allir héldu að þetta væri stelpunafn. Hann sagði engum frá því en það komst fljótt upp um hann. Hann hætti í skóla þegar hann var sautján ára til að leika í sápunni Families en árið 1992 hóf Jude sviðsferil sinn. Hann lék í mörgum leikritum í London og var tilnefndur til Olivier-verðlaunanna sem besti nýliðinn. Hann lék í leikritinu Indiscretions í London sem síðar var sett upp á Broadway og hlaut Jude Tony-tilnefningu sem besti aukaleikari fyrir



hlutverkið. Fljótlega fór Jude að leika í kvikmyndum sem margar hverjar vöktu litla athygli. Fyrsta stóra myndin hans var Gattaca árið 1997 og sama ár fékk hann gott hlutverk í Midnight in the Garden of Good and Evil. Jude sló rækilega í gegn árið 1999 í The Talented Mr. Ripley og síðan þá hefur hann farið hratt upp metorðastigann. Síðustu myndir Judes voru Alfie og Closer frá árinu 2004 en hann lék ekki í neinni mynd í fyrra.

Jude er trúlofaður leikkonunni Siennu Miller sem hann kynntist við gerð myndarinnar Alfie. Hann á þrjú börn með fyrrverandi konu sinni, Sadie Frost, en þau skildu í október árið 2003. Jude er grænmetisæta og var kosinn kynþokkafyllsti maður heims árið 2004 af tímaritinu People.

Þrjár bestu myndir **Judes:** **The Talented Mr. Ripley** - 1999 **Cold Mountain** - 2003 **Closer** - 2004.



▶ **20.15** *Gaman*

SPAUGSTOFAN



▶ **21.50** *Kvikmyndir*

WIN A DATE WITH TED HAMILTON!



▶ **20.00** *Lífstíll*

FABULOUS LIFE OF



▶ **20.00** *Gaman*

ALL OF US



▶ **18.50** *Fótbolti*

MALAGA – BARCELONA

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Gurra grís **8.08** Bú! (7:26) **8.19** Lubbi læknir (4:52) **8.32** Arthúr **8.59** Sigga ligga lá (4:52) **9.13** Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar (29:40) **9.35** Gló magnaða **10.00** Kóalabirnirnir (26:26) **10.30** Stundin okkar **11.00** Kastljós **11.30** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó

**14.10** Íslandsmótið í handbolta **15.45** Handboltakvöld **16.05** Íslandsmótið í handbolta **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Hope og Faith (44:51)

**18.30** **Frasier** (Frasier XI) e.
**18.54** **Lottó**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40** **Fjölskylda mín (5:13)** (My Family) Bresk gamanþáttaröð um tannlækninn Ben og skrautlega fjölskyldu hans.
▶ **20.15** **Spaugstofan**
**20.40** **Á móti straumnum** (Swimming Upstream) Áströlsk bíómynd frá 2003 um sundkappann Tony Fingleton.
**22.20** **Vondir kostir** (The Deep End of The Ocean) Bandarísk bíómynd frá 1999 um fjölskyldu sem verður fyrir því að yngsta syninum er rænt en þegar fjölskyldan flyst í annan bæ níu árum seinna finnst hann aftur.

**0.05** Sunnudagur **1.40** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Músti **7.05** Pingu **7.10** Ljósvakar **7.20** Engie Benjy **7.30** Magic Schoolbus **7.55** Tiny Toons **8.15** Barney **8.40** Með afa **9.35** Kalli á þakinu **10.00** Freaky Friday **11.35** Home Improvement 4 **12.00** Hádegisfréttir

**12.20** Bold and the Beautiful **12.40** Bold and the Beautiful **13.00** Bold and the Beautiful **13.20** Bold and the Beautiful **13.40** Bold and the Beautiful **14.05** Idol – Stjörnuleit **15.35** Idol – Stjörnuleit **16.05** Meistarinn (13:21) **17.05** Sjálfstætt fólk **17.45** Martha

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00** **Íþróttir og veður**
**19.10** **Lottó**
**19.15** **The Comeback (12:13)**
**19.45** **Stelpurnar (9:20)** Spánýir og ferskir þættir með Stelpunum sífyndnu.
**20.10** **Bestu Strákarnir**
**20.40** **Það var lagið** Gestasöngvarar þáttarins eru Óskar „Álftagerðisbróðir“ Pétursson og Örn Viðar Birgisson á móti Eyþóri Arnalds og Kjartani Björnssyni.
▶ **21.50** **Win A Date with Ted Hamilton!** (Stefnumót með stórstjörnu!) Rómantísk gamanmynd um smábæjarstúlku sem vinnur stefnumót við frægan hjartaknúsara í samkeppni. Stefnumótið gengur vonum framar og þau fella hugi saman, nokkuð sem veldur besta vini hennar sárri ástarsorg.

**23.25** Trauma (Stranglega bönnuð börnum) **0.55** Showtime (Bönnuð börnum) **2.25** Chasing Holden (Bönnuð börnum) **4.05** Reign of Fire (Bönnuð börnum) **5.45** Fréttir Stöðvar 2 **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**17.30** Fashion Television (e) **18.00** Laguna Beach (14:17) (e)

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Friends (19:24)**
**19.30** **Friends (20:24)**
▶ **20.00** **Fabulous Life of (17:20)** (Fabulous Life of: Donald Trump) Í þessum frábæru þáttum er farið á bak við tjöldin með Donald Trump.
**20.30** **Sirkus RVK (e)** Sirkus Rvk er í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar og Brynju Bjarkar, þar sem þau taka púlsinn á öllu því heitasta sem er að gerast.
**21.00** **American Idol 5 (20:41) (e)** (Bandaríska stjörnuleitin 5)(Vika 9 – #521/522 – Final 12 perform) Nú eru einungis 12 eftir og keppnin harðnar með hverjum þættinum.
**22.30** **American Idol 5 (21:41) (e)** (Bandaríska stjörnuleitin 5)(Vike 9 – #521A/522A – Results Show. 12 to 11) Einn keppandi verður sendur heim í kvöld.

**23.00** Supernatural (6:22) (e) **23.45** Extra Time – Footballers' Wive **0.10** Splash TV 2006 (e)

## SKJÁREINN

**10.30** Dr. Phil (e)

**12.45** Yes, Dear (e) **13.15** According to Jim (e) **13.40** Top Gear (e) **14.30** Game tíví (e) **15.00** One Tree Hill (e) **16.00** Dr. 90210 (e) **16.30** Celebrities Uncensored (e) **17.15** Fasteignasjónvarpið **18.10** Everybody loves Raymond (e)

**18.35** **Sigtið (e)**
**19.00** **Family Guy (e)**
**19.30** **Malcolm in the Middle (e)**
▶ **20.00** **All of Us** Fjölmiðlamaðurinn Robert James er nýskilinn við eiginkonu sína og barnsmóður, Neesee, en hann er staðráðinn í að afsanna þjóðsöguna um að skilnaður útiloki að hægt sé að láta sér lynda við þá fyrrverandi.
**20.25** **Family Affair** Sissy er boðið út á stefnumót en Bill frænda finnst hún helst til of ung til að hitta stráka.
**20.50** **The Drew Carey Show**
**21.10** **Dr. 90210**
**21.45** **Law & Order: Trial by Jury**
**22.30** **Strange** Fyrrverandi kærasti Jude kemur í bæinn til þess að ganga frá lausum endum.

**23.30** Stargate SG-1 (e) **0.15** Law & Order: SVU (e) **1.05** Boston Legal (e) **1.55** Ripley's Believe it or not! (e) **2.40** Tvöfaldur Jay Leno (e) **4.10** Óstöðvandi tónlist

## SÝN
besta sætið

**8.50** Ítölsku mörkin **9.15** Ensku mörkin **9.45** Spænsku mörkin **10.10** US PGA 2005 – This Is the PGA **11.10** Gillette World Cup 2006 **11.40** NBA 2005/2006 – Regular Season(Indiana – Detroit)

**13.20** US PGA 2005 – Inside the PGA T **14.00** US PGA Tour 2005 – Bein útsending **17.00** Skólahreysti 2006 **17.50** Súpersport 2006 **17.55** World Supercross GP 2005-06

▶ **18.50** **Spænski boltinn** (Malaga – Barcelona) Bein útsending frá leik í spænsku deildinni í fótbolta.
**20.55** **US PGA Tour 2005 – Bein útsending** (The Players Championship)

**23.55** Box – Arturo Gatti vs. Thomas Damgaard

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Edward Scissorhands (Bönnuð börnum) **8.00** Pursuit of Happiness **10.00** My Big Fat Greek Wedding **12.00** Kissed by an Angel **14.00** Pursuit of Happiness **16.00** My Big Fat Greek Wedding **18.00** Kissed by an Angel **20.00** **Edward Scissorhands** (Eddi klippikrumla) Bönnuð börnum. **22.00** **Thirteen** (Þrettán )Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Killing Me Softly (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Scary Movie 2 (Bönnuð börnum) **4.00** Thirteen (Stranglega bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **13.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **14.00** Gastineau Girls **14.30** Extreme Close-Up **15.00** The E! True Hollywood Story **16.00** The E! True Hollywood Story **18.00** The E! True Hollywood Story **19.00** E! News Weekend **20.00** The E! True Hollywood Story **22.00** The E! True Hollywood Story **23.00** Dr. 90210 **0.00** Wild On Tara **0.30** Wild On Tara **1.00** The E! True Hollywood Story **2.00** Dr. 90210

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**12.10** Upphitun (e) **12.40** Liverpool – Everton (b) **14.50** Á vellinum með Snorra Má **15.00** Chelsea – Man. City (b) **17.00** Á vellinum með Snorra Má (framhald) **17.15** Portsmouth – Arsenal (b)

**19.30** **Aston Villa – Fulham** Leikur sem fram fór í dag.
**21.30** **Charlton – Newcastle** Leikur sem fram fór í dag.

**23.30** Wigan – West Ham **1.30** Dagskrárlok


Bikini Model 2006

BYRJAR MIÐVIKUDAGINN
29. MARS KL. 21.30



oasis

HVER ER FLOTTUST?

10 stelpur hefja leikinn í nýrri þáttaröð sem minnir á America's Next Top Model. Aðeins ein stendur uppi sem sigurvegari og keppir um titilinn Miss Hawaiian Tropic í Las Vegas.

Þáttur um hlátur og táraflóð, hjálpsemi og undirferli, sigra og ósigra ásamt flottum líkömum.

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

**Það var lagið** **Stöð 2**, kl. 20.40

### *Álftirnar kvaka*



Það var lagið er einn vinsælasti þátturinn í íslensku sjónvarpi um þessar mundir enda fjölskylduþáttur þar sem söngurinn er í aðalhlutverki. Kynnir þáttarins, Hermann Gunnarsson, fær til sín þjóðþekkta einstaklinga sem fá að spreyta sig í söngkeppni. Í hverjum þætti keppa tvö lið að viðstöddum gestum í sal. Píanóleikararnir Pálmi Sigurhjartarson og Karl Olgeirsson gegna hlutverki liðsstjóra hvor í sínu liði. Gestasöngvarar þáttarins að þessu sinni eru Óskar „Álftagerðisbróðir“ Pétursson og Örn Viðar Birgisson sem keppa á móti þeim Eyþóri Arnalds og Kjartani Björnssyni.

***Hemmi Gunn slær taktinn í kvöld.***

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | | | | 3 | |
| | | | 8 | | 7 | | | |
| 3 | | 7 | | 6 | | 8 | | 1 |
| 6 | | | 1 | | 3 | | | 5 |
| | | 4 | | | | 2 | | |
| 7 | | | 9 | | 6 | | | 4 |
| 2 | | 3 | | 5 | | 4 | | 8 |
| | | | 7 | | 4 | | | |
| | 9 | | | | | | 7 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 5 | 4 | 7 | 3 | 1 | 2 | 6 |
| 2 | 3 | 7 | 5 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 |
| 6 | 1 | 4 | 2 | 9 | 8 | 5 | 7 | 3 |
| 5 | 7 | 9 | 8 | 2 | 1 | 6 | 3 | 4 |
| 1 | 4 | 2 | 6 | 3 | 7 | 9 | 8 | 5 |
| 3 | 8 | 6 | 9 | 5 | 4 | 7 | 1 | 2 |
| 9 | 5 | 3 | 7 | 4 | 2 | 8 | 6 | 1 |
| 7 | 2 | 8 | 1 | 6 | 5 | 3 | 4 | 9 |
| 4 | 6 | 1 | 3 | 8 | 9 | 2 | 5 | 7 |



**10.05** *Spjall*

HELGIN – MEÐ EIRÍKI JÓNSSYNI

**NFS**

**10.00** Fréttir **10.05** Helgin – með Eiríki Jónssyni **11.00** Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss

**12.00** Hádegisfréttir/Íþróttir/Veður/Leiðarar blaðanna **12.25** Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur **13.00** Dæmalaus veröld – með Óla Tynes **13.15** Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss **14.00** Fréttir **14.10** Helgin – með Eiríki Jónssyni **15.00** Vikuskammturinn **16.00** Fréttir **16.10** Frontline 2006 **17.25** Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur **18.00** Veðurfréttir og íþróttir

**18.30 Kvöldfréttir/veður**
**19.10 Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur** Maður vikunnar.
**19.45 Helgin – með Eiríki Jónssyni**
**20.45 Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss**
**21.35 Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur** Maður vikunnar.
**22.10 Veðurfréttir og íþróttir/veður**
**22.40 Kvöldfréttir/veður**

**23.20** Síðdegisdagskrá endurtekin í h **9.00** Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss

**RÁS 1** FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **7.05** Laugardagur til lukku **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Í þágu íbúanna **11.00** Vikulokin

**12.00** Hádegisútvarp **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Er ofbeldi fyndið? **14.35** Tónlist á laugardegi **15.00** Til í allt **16.10** Orð skulu standa **17.05** Til allra átta

**18.26** Leikhúsmýslan **19.00** Kringum kvöldið **22.15** Lestur Passíusálma **22.21** Uppá teningnum **23.10** Danslög

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**RÁS 2** FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **8.00** Fréttir **8.05** Morguntónar **9.00** Fréttir **9.03** Helgarútgáfan **10.00** Fréttir **10.05** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.00** Fréttir **16.08** Geymt en ekki gleymt

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Auglýsingar **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ **22.10** Næturvörðurinn **0.00** Fréttir

**BYLGJAN** FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

**AÐRAR STÖÐVAR**

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying






## HRÓSIÐ

*...fær María Kristjánsdóttir sem stóð fyrir því að safna ýmsu dóti, senda það með skipi til Namibíu og gefa þeim sem meiri þörf hafa á.*

## NÚNA — BÚIÐ


Reyklausir veitingastaðir. Þetta er það sem koma skal, venjist því á stöðum eins og B5.


Snjór. Nú er snjórinn að hverfa og því um að gera að nýta alla möguleika til að skella sér á skíði. Það verður ekki hægt aftur í bráð.


Svalir Danir. Rokkararnir í Raveonettes vita hvað Nordic kúl þýðir.


Hárlengingar. Æ þetta má fara ofan í niðurfallið ásamt appelsínugulunni og Victoriu Beckham.


Strik út fyrir varir. Þetta er svo búið að það ætti að vera á safni.


Kynlífsleikföng. Þetta er orðið rosalega þreytt og ósexí. Prufið hvort annað í staðinn.



**LÁRÉTT**
**2** teikning af ferli **6** klaki **8** rá **9** forskeyti **11** skóli **12** teygjudýr **14** hani **16** nafnorð **17** forskeyti **18** tunnu **20** 2 eins **21** veikja.
**LÓÐRÉTT**
**1** hækka **3** í röð **4** dagatal **5** óðagot **7** skemmtun **10** sjór **13** krá **15** æfa **16** til sauma **19** kringum.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** graf, **6** ís, **8** slá, **9** sam, **11** mr, **12** amaba, **14** krani, **16** no, **17** rað, **18** ámu, **20** kk, **21** lama. **LÓÐRÉTT: 1** rísa, **3** rs, **4** almanak, **5** fár, **7** samkoma, **10** mar, **13** bar, **15** iðka, **16** nál, **19** um.





Yfir 150.000 gestir daglega
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ



**KEVIN REYNOLDS** Leikstjórinn hefur komið reglulega til Íslands og veitt ásamt stórvini sínum Jóni Ólafssyni sem leikur lítið hlutverk í hans nýjustu mynd. fréttablaðið / heiða

KEVIN REYNOLDS: HEFUR SÆST VIÐ KEVIN COSTNER

# Hitti Jón hjá Mel Gibson

Bandaríski leikstjórinn Kevin Reynolds er staddur hér á landi vegna styrktarsýningar kvikmyndar sinnar Tristan & Isolde. Reyndar er leikstjórinn mikill Íslandsvinur og hefur komið hingað sjö sinnum enda segist hann vera dolfallinn yfir landi og þjóð.

Reynolds komst í kynni við landið þegar hann hitti viðskiptamanninn góðkunna Jón Ólafsson í kokteilboði hjá stórleikaranum Mel Gibson. Jón bauð honum í kjölfarið til Íslands í veiði og síðan þá hefur hann heimsótt landið reglulega. Það voru því miklir fagnaðarfundir hjá þeim félögum í miðju viðtali þegar Jón birtist óvænt og þeir mæltu sér mót á hótelbarnum. „Vonandi fæ ég lambakjöt hjá honum því fáir eru jafn góðir að elda það og Jón,“ segir Reynolds með bros á vör.

Tristan & Isolde er sígild ástarsaga sem gerist í Englandi skömmu eftir fall Rómarveldis og Reynolds segist alltaf hafa heillast mikið af sögu Englands. „Tímabilinu sem sagan sprettur upp úr hefur verið gert lítið skil og sagan sjálf var ekki fest niður á blað fyrr en á tólftu öld en fram að því barst hún manna á milli í munnmælum,“ segir Reynolds og bætir því við að margar af frægustu ástarsögum heims sæki mikið í söguna enda sé þetta harmleikur þriggja elskenda.

Kevin Reynolds þekkir báðar hliðar Hollywoodmaskínunnar. Kvikmyndin hans Robin Hood: Prince of Thieves varð metsölukvikmynd en Waterworld sem fylgdi í kjölfarið fékk mikinn skell. Töluvert gekk á við gerð þeirrar myndar og slóst í brýnu með honum og stórstjörnunni Kevin Costner en þeir voru miklir vinir. „Við töluðumst ekki saman í mörg ár en höfum eiginlega grafið stríðsöxina. Vinátta okkar verður samt aldrei eins og áður,“ segir Reynolds sem útilokar þó ekki að þeir muni vinna saman á ný.

Leikstjórinn þreytist seint á að mæra land og þjóð og vin sinn Jón enda leikur athafnamaðurinn prest í kvikmynd. „Hann vildi bara fá að vera með,“ upplýsir Reynolds og segist í kjölfarið dauðlanga að gera kvikmynd hér á landi. „Veit reyndar ekkert hvernig mynd það yrði en það yrði ekki leiðinlegt,“ viðurkennir hann.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Fjórða hljóðversplata rokksveitarinnar **Jet Black Joe** er væntanleg í lok apríl. Platan, sem heitir Full Circle, er fyrsta hljóðversplata sveitarinnar í heil 12 ár eða síðan Fuzz kom út 1994. Margir urðu svekktir þegar Jet Black Joe hætti á sínum tíma eftir að söngvarinn **Páll Rósinkranz** frelsaðist frá villtu rokklíferni. Sveitin var afar dáð og lýsti Páll Óskar Hjálmstýsson því m.a. yfir í Idol á dögunum að hann hefði aldrei skilið af hverju hún sló ekki í gegn erlendis.



**Jóhannes Jónsson** í Bónus var gerður að heiðursfélaga í skákfélaginu Hróknum í gær. Jóhannes var viðstaddur setningu Bónusskákmóts sem haldið var fyrir krakka á grunnskólaaldri í Kringlunni í gær og var við það tækifæri heiðraður fyrir „ómetanlegt framlag í þágu skáklistarinnar á Íslandi“ en Jóhannes hefur reynst Hróknum haukur í horni og Bónus hefur styrkt barnastarf Hróksins með miklum myndarskap. Heiðursfélagatal Hróksins er glæsilegt og Jóhannes er því ekki í ónýtum félagsskap þar sem fyrir eru meðal annarra ekki ómerkari einstaklingar en **Össur Skarphéðinsson, Árni Höskuldsson** gullsmiður, **Karl Hjaltested,** listahjónin **Jón Óskar** og **Hulda Hákon** og tónlistarkonan **Patti Smith.** - fb/þþ


allt
atvinna
Alla sunnudaga



# TÚNFISKUR SKÖTUSELUR ÞORSKHNAKKAR HÖRPUSKEL

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 10-14


# Frægðin bíður sigurskáldsins

Sigurskáldið 2006, ljóðakeppni Eddu útgáfu og Fréttablaðsins, er í fullum gangi. Ljóð ungskálda hafa borist jafnt og þétt en nú þegar hafa um 30 skáld sent ljóð sín á netfangið ljod@edda.is. „Þetta hefur farið vel af stað en við viljum að sjálfsögðu sjá miklu fleiri ljóð,“ segir Kristján B. Jónasson sem situr í dómnefnd keppninnar ásamt tónlistarkonunni Ragnheiði Eiríksdótur og Þórarni Þórarinssyni blaðamanni.

„Skilafresturinn rennur út fimmta apríl þannig að það er enn ein og hálf vika til stefnu og því um að gera fyrir öll skúffuskáld undir þrítugu að rífa ljóð sín upp úr skúffunum og senda okkur þau í massavís en það eru engin takmörk fyrir því hversu mörg ljóð hver og einn getur sent.“

Kristján efast ekki um að fleiri eigi eftir að taka við sér en þegar keppnin var haldin árið 2004 bárust tæplega 300 ljóð eftir um 100 höfunda. „Það var frekar dauft yfir ljóðlífinu þá en gróskan er miklu meiri í dag og krafturinn í ljóðinu er mikill.“

Kristín Eiríksdóttir sigraði keppnina árið 2004 og Kristján segist þess fullviss að Sigurskáldsins 2006 bíði frægð og frami. „Það er líka ekkert vandamál fyrir þessa ófeimnu kynslóð að koma fram undir nafni þannig að það er ekki eftir neinu að bíða og ég vona að við fáum yfir okkur ljóðaskriðu á næstu dögum.“


**KRISTJÁN B. JÓNASSON** Er byrjaður að taka á móti ljóðum í keppnina Sigurskáldið 2006 á netfangið ljod@edda.is og vonast til þess að ungskáld láti hendur standa fram úr ermum og láti ljóð sín rigna inn á næstu dögum.

# Fermingargjafirnar í BT

*Risavél frá Toshiba! á litlu verði í BT*



## TOSHIBA Satellite

**Toshiba Satellite M70-133**
PSM71E-02000LED

- Intel® Pentium® M 760 2.0 GHz (Dothan)
- 1GB DDR2 (533) vinnsluminni -mest 2GB
- 100GB (5400rpm) S.M.A.R.T - SATA harður diskur
- 15.4" TruBrite Breiðtjaldsskjár 1280x800 upplausn
- MOBILITY™ RADEON® X700 Skjástýring
- Super DVD Multi brennari
- MediaBay kortalesari - Les öll helstu minniskort
- Intel® PRO/Wireless 2200 b/g 54Mbps
- i.LINK® (IEEE 1394), 3x USB 2.0 - DV Ready
- Aðeins 2,71 kg
- Rafhlöðuending 2:26:00 klst. (Mobile Mark™)
- 2 ára alþjóðleg ábyrgð

**Risa örgjörvi!**
2.0 GHz Intel Centrino örgjörvi, allt það afl sem þú þarft á einum stað. Sambærilegt við 4GHz Pentium 4 vél í flestri vinnslu.

**Risa minni!**
1GB vinnsluminni tryggir að það er ekkert hökt í vélinni, þú bara keyrir allt á fljúgandi hraða. Láttu ekki bjóða þér minna.

**Risa diskur!**
Loksins nóg pláss á fartölvunni, getur geymt ógrynni kvikmynda og annað sem tekur mikið pláss t.d. Videovinnslu.

**Risa Skjákort!**
ATI RADEON X700 - ein sú allra öflugast í nýjustu leikina! Gerðu kröfur um það besta.

**DVD brennari**
DVD diskar eru fyrir löngu orðnir normið í tölvum í dag, ekki kaupa tölvu án þess!

**DV Ready**
Firewire tengi fyrir videovélar og annan háhraðabúnað. Notaðu tölvuna sem klippistúdíó

**Veldu Toshiba!**
Toshiba fann upp fartölvuna fyrir meira en 20 árum og hefur verið leiðandi í þrón, hönnun og sölu á þeim alla tíð síðan. Toshiba hefur ávallt verið þekkt fyrir hæstu gæði og bestu þjónustu sem völ er á - spurðu þá sem eiga Toshiba.

20th anniversary

**4.040***

*Þú velur greiðsluform sem hentar þér*

| 4.040* | 11.599** | 139.988 |
|---|---|---|
| Tölvukaupalán 48 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.Í.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum.

Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðarlegar jafnar greiðslur á Visa og Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann.

## MP3 spilari

SONY

*3 klst. hleðsla á þremur mín.*

NWE405B
**SONY MP3 512MB (svartur)**

- 512MB minni
- Tekur upp á MP3 / ATRAC3Plus / WMA
- Geymir öll gögn (músík/PC gögn/Video)
- 3 Linu Organic El skjár (Svart)
- Rafhlöðuending allt að 50 klst ( (Lithium)
- Heyrnatól / USB kapal fylgir
- Aðeins 37 gr



*Allt að 50 klst. ending á hleðslu*

**11.999**
14.999

## GSM sími

NOKIA

NOKIA-7360-WARMAMBER
**GSM NOKIA 7360 WARM AMBER**

- Þyngd 92 gr. • litaskjár 65,536 litir
- Íslensk handbók og valmyndarkerfi
- Tengjalegur við PC, Dagbók, skipuleggjari.
- Innbyggð VGA myndavél
- FM stereo útvarp
- MP3 hringitónar
- Myndinnskot og Upptaka



**21.999**
23.999

## Hátalarasett

Logitech

Syaka sand

970180-0914
**LOGITECH Z-5400 DIGITAL**

- THX Certified
- 5.1 Hátalarasett
- 310RMS Wött



**2.999**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
35.988



## Myndavél

Canon

0319B006
**CANON IXUS 55**

- Flott og fyrirferðalítil
- 5.0 MegaPixla upplausn
- 3x optical zoom with UA lens
- DIGIC II and iSAPS
- Stór 2.5" skjár með wide viewing angle
- 15 shooting modes
- VGA movies at 30 fps
- PictBridge and Print/Share button
- USB 2.0 Hi-Speed



**3.299**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
39.588
STAÐGREITT

## Myndavél

SONY

DSCT5S
**SONY CYBERSHOT T5**

- 5.1 Megapixels myndflaga
- Carl Ceiss Vario-Tessar linsa
- 3x optical aðdráttur (6x Precision digital)
- 2.5" litaskjár Hybrid LCD
- InfoLITHIUM battery & hleðslutæki



**2.999**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
35.988

BT

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









BAKÞANKAR


GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR


## *Frönsk áhrif*

Nú er fullyrt að Frakkar séu okkur Íslendingum haukar í horni eftir að Bandaríkin hafa svikið okkur í tryggðum. Myndir hafa birst í blöðum af utanríkisráðherrum Íslands og Frakklands saman. Á einni myndinni varð ekki betur séð en að sá franski væri með glott á vörum sem gaf til kynna að hann sæi í brotthvarfi varnarliðsins möguleika á því að rifja upp gamla takta í franskri heimsvaldastefnu.

**ÞAÐ** skyldi þó aldrei vera að Frakkarnir sæu núna glufu til þess að koma höggi á Bandaríkjamenn í eilífum slag þessara tveggja ríkja í því að hafa áhrif á heiminn, en í þeim slag hefur heldur hallað á Frakka síðustu áratugina.

**ÉG** fagna þessu. Mér þætti áhugavert að sjá franska herstöð á Miðnesheiði með tiheyrandi frönskum áhrifum á samfélagið. Kanasjónvarp hvað? Ég sé fyrir mér Frakkasjónvarp, með innihaldsríkum umræðum um minimalisma og strúkturalisma og Frakkaútvarp með tónlist eftir Gainsbourg. Ég sé fyrir mér að franski herinn myndi styðja Keflavíkurgöngur með ráð og dáð og jafnvel taka þátt í þeim sjálfur, enda rík mótmælahefð þar í landi og líka hluti af menningunni að vera í mótsögn við sjálfan sig. Sala á baguett og croussant myndi aukast í keflvískum bakaríum, sem og framhjáhöld almennt. Hvarvetna um Reykjanesskaga myndi glitta í alpahúfur og trönur og eldheit rifrildi í kjallaraholum yfir rauðvínsglasi um trúmál og heimspeki myndu færast í vöxt.

**ÞAÐ** hefur þegar verið gefið í skyn að fyrst að Bandaríkjamenn vilja ekki sjá um varnirnar geti aðrir gert það, og þá Frakkar geri ég ráð fyrir. Þetta er því allt að gerast. Til þess að koma þessum einföldu skilaboðum á framfæri greip utanríkisráðherra til athyglisverðrar líkingar einsog frægt er orðið. Hann sagði: „Maður getur ekki alltaf farið með sætustu stelpuna heim af ballinu en stundum kannski eitthvað sem gerir sama gagn."

**ÉG** sé strax frönsk áhrif í þessari líkingu. Dáldið stórkarlaleg. En það sem vekur athygli mína er líka annað. Utanríkisráðherra notar orðið „eitthvað" um það sem gera skuli sama gagn og stelpa. Það er líka mjög franskt, leyfi ég mér að segja, því hin kaþólska menning leyfir jú ekki alltaf, eins og menn vita, að dugandi karlmenn fullnægi hvötum sínum á hefðbundinn hátt. Menn þurfa oft að fara í kringum mjög strangar reglur sem gilda um samlífi kynjanna í páfadómi með alls konar úrræðum.

**Í** þessari líkingu eru til dæmis sama kyn ekki útilokað, né heldur dýr eða hreinlega hlutir eins og bollar eða flíkur. „Maður fær ekki alltaf sem maður vill og þá verður maður að vinna úr því sem maður þá fær í staðinn," sagði ráðherrann. Ég tel óhikað að þetta sé til vitnis um það að við séum þegar byrjuð að sjá hér á landi frönsk/kaþólsk menningaráhrif, svolítið súrrealískan þankagang með bullandi kynferðislegum undirtóni. Ég held að við munum einmitt sjá fullt af svoleiðis efni í Frakkasjónvarpinu.


